LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 3.tbl. 2.árg. 1973

FRÁ MIÐSTJÓRN KSML

AFSTAÐA KSML TIL SAMFYLKINGAR 1. MAÍ

Hvenær taka kommúnistar þátt í samfylkingu?

Þær spurningar, sem kommúnistar verða að leggja til grundvallar, er þeir taka afstöðu til samfylkingar eru: samfylking á hvaða grundvelli? með hverjum? og til hvers?

Verkalýðsstéttin er eina byltingarsinnaða stéttin í íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu og smáborgarastéttin er afturhaldssöm stétt. Hlýtur það að þýða, að við verðum að draga skýrar línur milli byltingarstéttarinnar og hinnar afturhaldssömu smáborgarastéttar, milli flokks verkalýðsins og flokks smáborgaranna.

Allar samfylkingar, sem lúta ekki eftirfarandi skilyrðum, verða aðeins til þess að gera mörkin á milli stéttanna óskýrari og sjálfstæða skipulagningu erfiðari fyrir verkalýðinn, ef hann sér ekki óyggjandi mörkin milli byltingarflokksins og smáborgaralegra samtaka :
fyrsta skilyrðið er, að samfylkingin færi fram eða verji vígstöðu verkalýðsins í baráttu hans gegn borgarastéttinni.
Annað skilyrðið er, að þau samtök, sem taka þátt í samfylkingunni hafi ítök meðal stórra hluta verkamanna og geti fylgt þeim fram á vígstöðvarnar, hluta, sem KSML næðu annars ekki til.
Þriðja skilyrðið er, að samfylkingin beinist gegn ákveðnu máli, sem hægt er að vinna sigur í eða koma í veg fyrir að aðstaða verkalýðsins eða kjör versni, fyrir tilstilli þessa liðsauka.

Það er mikilvægt að leggja áherzlu á, að samfylkingin er undantekning frá reglunni, stundarfyrirbrigði, sem skapar sterkari aðstöðu fyrir verkalýðinn á vissum augnablikum í stéttabaráttunni. Meginreglan er að draga skýrar markalínur milli stéttanna og pólitískra samtaka þeirra eða flokka, að miða að sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsins á stéttargrundvelli. Því að smáborgarastéttin og pólitísk samtök hennar geta þá og því aðeins verið framsækin, að þau þjóni hagsmunum verkalýðsins hlutlægt.

Það er aðeins, þegar smáborgarinn tekur afstöðu fyrir verðandi stéttarstöðu sína, yfirgefur núverandi stéttargrundvöll sinn og stillir sér undir fána verkalýðsins og starfar á grundvelli hans, að hann er framsækinn. Hlutverk okkar í máli sem þessu er ekki að koma á neinni samfylkingu smáborgarastéttarinnar og verkalýðsins, heldur að vinna beztu öfl smáborgarastéttarinnar fyrir málstað og markmið verkalýðsins og kyrrsetja eða lama hinn hluta hennar, koma í veg fyrir, að borgarastéttin geti notað smáborgarastéttina og millihópana sem fjöldagrundvöll sinn í baráttunni við verkalýðinn.

Það er fyrst og fremst í faglegu baráttunni og baráttunni fyrir lýðræðislegum réttindum verkalýðsins sem samfylking er hugsanleg og þá við ofannefnd skilyrði. Barátta okkar verður að miðast að því að afhjúpa og fletta ofan af frjálshyggju og undansláttarpólitík smáborgaralegu sósíalistanna frammi fyrir verkalýðnum og koma í veg fyrir, að borgarastéttin geti kvatt smáborgarana og millihópana í fasískar og þjóðernissinnaðar vígsveitir gegn verkalýðnum og flokki hans.

Saga verkalýðsins, bæði á Íslandi og hin alþjóðlega, er full af dæmum um réttmæti þessarar afstöðu til samfylkingarinnar við önnur samtök og flokka. Kommúnistaflokkur Íslands fylgdi ekki þessum reglum um samfylkingu eftir að borgaralega hugmyndafræðin náði undirtökunum. Flokkurinn gekk í "samfylkingu" með krötum, ekki til þess að hagnýta sér smáborgarana sem liðsauka fyrir verkalýðinn í stéttabaráttunni, heldur á grundvelli stéttarhagsmuna smáborgarastéttarinnar. Hvaða afleiðingu hafði það svo, að KFÍ braut þessa meginreglu kommúnista um samfylkingu? Framvarðarsveitin var lögð niður og stéttarhagsmunir verkalýðsins voru faldir í smáborgaralegri pólitík, með þessu var stefna flokksins ekki barátta fyrir

FRAMHALD Á BAKSIÐU

Verkafólk segir álit sitt á „alþýðustjórninni" bls. 4

Byltingin er nauðsynleg
Sjá grein á bls. 10

REISUM MERKIÐ AFTUR!
Saga íslenzkrar stéttabaráttu bls. 5-7

Saigonklíkan þverbrýtur vopnahléð! sjá baksíðu

1. MAÍ ÁVARP KSML

Höfuðóvinur íslenzkrar öreigastéttar er íslenzk borgarastétt, þ.e. þeir sem eiga framleiðslutækin og kúga og arðræna öreigana. Eina leiðin fyrir íslenzkan verkalýð til að losna undan kúgun og arðráni borgaranna er að taka völdin í vopnaðri byltingu, brjóta niður ríkisvald borgaranna og reisa alræði öreiganna, sem er millistigið milli auðvaldsþjóðfélagsins og hins stéttlausa þjóðfélags kommúnismans og tekur yfir heilt sögulegt tímabil.

1. maí hefur um langan aldur verið alþjóðlegur verkalýðsdagur, þar sem öreigar heimsins hafa kannað styrk sinn og sett fram stéttarkröfur sínar og baráttumarkmið. En fyrsti maí er þó enginn sérstakur baráttudagur frekar en allir aðrir dagar í lífi verkamanns, sem býr við kúgun og arðrán auðvaldsskipulagsins.

Það hefur einkennt íslenzka stéttabaráttu síðustu áratugina að enginn kommúnískur flokkur hefur verið til staðar til að leiða verkalýðinn í stéttabaráttunni. Baráttan hefur eingöngu verið barátta um krónu til eða frá en framsýn barátta fyrir sósíalísku verkalýðsbyltingunni hefur verið þögguð niður. Stéttarhagsmunum verkalýðsins hefur verið fórnað á altari stéttasamvinnunnar og öll áherzlan verið lögð á stundarsigra. En eini raunverulegi sigurinn sem öreigastéttin getur unnið og mun vinna, er þegar hún tekur völdin yfir framleiðslutækjunum í sósíalísku byltingunni og kollvarpar auðvaldsskipulaginu. Það er þetta sem stéttvísir verkamenn stefna að. Þeir vita að til þess að ná þessu markmiði verður efnahagslega baráttan að vera nátengd pólitísku baráttunni.


Verkalýðsforystan, handbendi auðvaldsins

Verkfallsbarátta er samtengd auðvaldsþjóðfélaginu, og verkföll eru eitt helzta baráttutæki öreiganna í stéttabaráttunni. Verkföll kenna verkamönnum að eina leiðin fyrir þá er að berjast sameinaðir gegn auðvaldinu. En verkföll eru ekki stríðið sjálft, heldur aðeins stríðsskóli, sem kennir verkamönnum að berjast fyrir frelsi sínu. Þau eru aðeins eitt þeirra vopna, sem verkalýðurinn beitir í baráttu sinni.

Það eru ekki eingöngu borgararnir, sem reyna að slá verkfallsvopnið úr hendi verkalýðsins, heldur hafa þeir dygga þjóna innan verkalýðshreyfingarinnar, þar sem verkalýðsforystan er. Í verkfallsbaráttu og samningum hefur hún að leiðarljósi að skerða ekki hagsmuni borgaranna eins og dæmin sanna. Björn Jónsson forseti ASÍ sagði á síðasta þingi ASÍ, að verkamenn yrðu að taka mið af ástandi atvinnuveganna í kjarabaráttunni (les: varast að skerða gróðahlutfall borgaranna) og fara ekki út í "ótímabær" verkföll, sem skaðað gætu "þjóðarhagsmuni" (les: hagsmuni borgaranna).

Þetta er í samræmi við allan annan svikaáróður verkalýðsforystunnar í þágu auðstéttarinnar. Alla daga síðan KFÍ var lagður niður hefur 1. maí verið notaður af hentistefnumönnunum í verkalýðsforystunni til að færa út áróður fyrir stéttasamvinnu. Þetta kom einkar vel í ljós á 1. maí í fyrra. Þá var krafa borgaranna um 50 mílna útfærslu á einokunarsvæði sínu, landhelginni, sett á oddinn sem "aðalkrafa" verkalýðsins. Marxistar - lenínistar hafa sýnt fram á, að hagur verkalýðsins batnar á engan hátt við stækkun landhelginnar, og að friðunarsjónarmið ráði engu hjá borgurunum, enda ófram-

FRAMHALD Á BLS. 11



LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 3. tbl. 25. apríl 1973
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l,
Pósthólf 1357, Rvk.

Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Prentað í Hafnarprent, Hafnarfirði.
(Næsta tbl. kemur út 27. júní.)

Leiðari:

KOMMÚNISTAFLOKKURINN ER FRAMVARÐARSVEIT ÖREIGASTÉTTARINNAR.

Kommúnistaflokkurinn er framvarðarsveit öreigastéttarinnar í stéttabaráttunni, flokkur, sem hefur engra annarra hagsmuna að gæta en stéttarinnar og berst miskunnarlaust undir leiðsögn marxismans-lenínismans fyrir sögulegu hlutverki öreigastéttarinnar, sósíalísku byltingunni.

Þannig flokkur var gamli Kommúnistaflokkur Íslands (KFÍ), áður en borgaralega hugmyndafræðin náði yfirhöndinni innan hans, en eftir það hefur enginn flokkur eða samtök haft frelsun verkalýðsins undan arðráni og kúgun kapítalismans að stefnu, heldur hafa "vinstri" flokkar og samtök, Alþýðubandalagið og fleiri, keppzt við að berja í bresti rotnandi auðvaldsskipulagsins og vera fulltrúar borgarastéttarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar og þiggja fyrir bitlinga og mútur. Alþýðubandalagið, Fylkingin og Sósíalistafélagið eru öll samtök, sem eiga sér rætur í sigri hentistefnumannanna í KFÍ yfir kommúnistunum.

Úrkynjunin eftir 1938 hefur orðið geysileg og á þessum tíma hafa allir forystumenn stéttasamvinnunnar, sem unnu ötulast að því að leggja KFÍ niður og stofna kosningaveiðibandalagið Sameiningarflokk Alþýðu - Sósíalistaflokkinn og síðar Alþýðubandalagið, skilið sig algerlega frá verkalýðnum, bæði hugmyndafræðilega og efnahagslega. Hugmyndafræðilega á þann hátt, að í stað baráttu verkalýðsstéttarinnar gegn erkióvini sínum, kapitalístanum, hefur komið stéttasamvinna, þar sem leikreglur og hagsmunir borgarastéttarinnar eru látnar ráða ferðinni. Dæmi um það er áróður Alþýðubandalagsins um sameiginlega hagsmuni verkalýðs og auðvaldsherra í landhelgismálinu, og í tryggingu áframhaldandi arðráns (sem þeir kalla reyndar rekstrargrundvöll þjóðfélagsins).

Þetta er ekki einkennilegt, þegar efnahagslegu skilin milli hins almenna verkamanns og forystuliðsins eru skoðuð. Forystuklíkan í verkalýðshreyfingunni hefur komið sér tryggilega fyrir við hornið á veizluborði auðvaldsins og upp í þá er stungið bitum sem laun fyrir dyggilega þjónustu. Bitarnir eru ýmsir bitlingar, svo sem sæti í ráðum, nefndum og á Alþingi. Ef samvinnan tekst sérlega vel, hljóta þeir orðu að launum. Forystulið Alþýðubandalagsins, sem er höfuðvígi stéttasamvinnunnar, situr nær háborðinu og tekur beinan þátt í rekstri arðránsþjóðfélagsins, og hefur það hlutverk að reyna að beygja verkalýðinn undir arðránið. Þannig hafa þeir algerlega slitið sig frá efnahagslegri stöðu verkalýðsins og tekið að sér stjórnun í bankaráðum og sjóðum o.s.frv., t.d. er höfuðpaur stéttasamvinnunnar, Einar Olgeirsson, í bankaráði Landsbankans.

Stofnun KSML er því andsvar meðvitaðasta hluta verkalýðsins í harðnandi stéttaátökum í skugga kreppunnar, sem nú skekur stoðir auðvaldsheimsins.

KSML hafa hafið undirbúningsstarf sem nauðsynlegt er að vinna. Í fyrsta lagi sett það sem höfuðverkefni að skóla félaga og stuðningsmenn í fræðikenningu marxismans-lenínismans og í öðru lagi hafið rannsóknir á auðvaldsþjóðfélaginu til að þróa fram samstöðu allra félaga um mörkun línunnar fyrir kommúnískt starf í íslenzkri stéttabaráttu og þróa áfram starfshætti og skipulag fyrir myndun flokksins.
Flokkur af marxískri-lenínískri gerð verður að byggja á sex grundvallarreglum Leníns, sem hann setti fram, þegar hann markaði línuna fyrir rússnesku bolsévíkana og sem síðan hafa verið höfuðreglur allra kommúnískra flokka:

1) Flokkur marxista er hluti verkalýðsstéttarinnar, baráttusveit hennar. En verkalýðsstéttin á sér ýmsar baráttusveitir, svo að ekki getur sérhver talizt verkalýðsflokkur. Það, sem sér í lagi greinir flokkinn frá öðrum baráttusveitum verkalýðsstéttarinnar, er sú staðreynd, að hann er ekki aðeins venjuleg liðssveit, heldur sjálf framsveit stéttarinnar, hin vitandi sveit, hin marxíska sveit, búin þekkingunni á lögmálum félagslífsins, þjóðfélagsþróunar og stéttabaráttu og því fær um að hafa forystu verkalýðsins og stjórna baráttu hans. Þess vegna má ekki rugla saman flokknum og verkalýðsstéttinni, fremur en heildinni og hluta hennar, það má ekki heimta, að hver venjulegur verkfallsmaður geti talið sig til flokksins.

2) Flokkurinn er ekki aðeins framsveitin, hin vitandi sveit, heldur jafnframt hin skipulagða baráttusveit verkalýðsstéttarinnar, bundin sérstökum flokksaga, sem öllum liðsmönnum hennar ber að hlíta.

3) Flokkurinn er ekki aðeins skipulögð baráttusveit, heldur jafnframt æðsta félagsskipunarform verkalýðsins, til þess kallað að hafa forystu allra annarra félagsskipana stéttarinnar.

4) Flokkurinn er ímynd framsveitar, sem er í nánum tengslum við allan fjölda verkalýðsstéttarinnar. Hversu ágæt sem þessi framsveit er, hversu vel sem hún er skipulögð, getur hún því aðeins lifað og þróazt, að hún sé í tengslum við hinn óflokksbundna fjölda, auki við þessi tengsl og treysti þau. Flokkur, sem einangrað hefur sig, gerzt viðskila við fjöldann og misst samband við stéttina eða jafnvel aðeins látið slakna á þessu sambandi, hlýtur að verða af trausti og fulltingi fjöldans og kemst því ekki hjá tortímingu.

5) Flokkurinn verður að vera skipulagður með miðstjórnarfyrirkomulagi, eigi hann að geta rækt störf sín eins og vera ber og stjórnað baráttu fjöldans með fullri fyrirhyggju. Hann verður að eiga sér sameiginleg flokkslög og flokksaga, enn fremur samhenta forystu, þar sem er flokksþingið, en miðstjórnin á tímum milli þinga, og verður þá minnihlutinn jafnan að lúta samþykktum miðstjórnar, hinar óæðri flokkseiningar samþykktum æðri eininga.

6) Ef eining flokksins á að varðveitast, verður hann að tryggja samræmdan starfsaga innan vébanda sinna eins og verkalýðsflokki sæmir og verður sá agi að ná til allra flokksmanna, jafnt forystumanna sem óbreyttra liðsmanna. Þess vegna má flokkurinn engan veginn skiptast í "útvalda", sem eru óháðir flokksaganum, og "óvalinn fjöldann", er skyldur sé að hlíta honum. Ef þessu skilyrði er ekki fullnægt, verður flokksheildin ekki varðveitt né eining flokksins tryggð.

Það eru þessar sex höfuðreglur, sem KSML byggja starf sitt á, þegar þau marka línuna í starfinu fyrir stofnun kommúnistaflokksins.

SKIPULAGIÐ VERÐUR AÐ ÞJÓNA HÖFUÐVERKEFNINU.

Í dag, þegar alheimskreppa auðvaldsins er staðreynd, er okkur kommúnistum mikilvægt að skilgreina ástand verkalýðsins, hæfni hans til að mæta árásum borgarastéttarinnar, sem óhjákvæmilega fylgja harðnandi kreppu. Það er deginum ljósara, að íslenzk verkalýðsstétt er verr búin til baráttunnar í dag en fyrr, er hún hafði á að skipa forystu, sem leiddi starf verkalýðsins á byltingarsinnuðum grundvelli, forystu, sem ekki hafði gengið borgurunum á hönd.

Hið langa "góðæri", sem hér hefur ríkt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, hefur gefið stéttasamvinnupáfum byr undir báða vængi og afvopnað verkalýðinn hugmyndafræðilega, hann hefur orðið auðveld bráð stéttsvikurunum, sem nú hreiðra um sig í Alþýðubandalaginu. Endurbótastefna og stéttasamvinna eru nú helztu einkennin á samtökum verkalýðsins í höndum kratabrodda Alþýðubandalagsins. Þessar aðstæður gera sérstakar kröfur til kommúnista, hvar sem þá er að finna.

Aðstæðurnar krefjast þess, að nú þegar sé hafin markviss uppbygging samtaka verkalýðsins, sem endurreisi byltingarsinnaða forystu stéttarinnar. "Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar, engin byltingarhreyfing", án þekkingar og skilnings á auðvaldsþjóðfélaginu megnum við ekki að taka eitt einasta skref fram á við - ÞESS VEGNA ER ÞAÐ HÖFUÐVERKEFNI STÉTTVÍSRA ÖREIGA AÐ HEFJA NÁM Í VÍSINDUM SÓSÍALISMANS: MARXISMANUM-LENÍNISMANUM-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

Ýmsir smáborgaralegir hópar hafa orðið til að grípa þetta á lofti og tuggið vélrænt upp hvatningar KSML um námsstarf til undirbúnings flokksbyggingar. Til þess að benda á, hversu innantóm hróp þeirra eru, er gott dæmi pólitík þeirra í landhelgismálinu: Fyrst boða þeir stéttasamvinnu (sjá Neista, 6. tbl. '72, bls. 6), en það nýjasta er vígorðið - stétt gegn stétt - (sjá Neista, 2. tbl. '73, bls. 1) og engin skilgreining gerð á þessari "eðlisbreytingu" á pólitíkinni.
Eins er ekki nóg að segja námsstarf verða höfuðverkefni, en leggja síðan höfuðáherzluna á hliðarstarf í ýmsum smáborgaralegum hreyfingum menntamanna (sjá Neista, 6. tbl. '72, bls. 6 og Kommúnistann 1. tbl. 1. árg., bls. 28-32).

Höfuðverkefnið verður að vinnast á grundvelli verkalýðsstéttarinnar, sem er hin eina byltingarsinnaða stétt auðvaldsþjóðfélagsins.

HÖFUÐVERKEFNIÐ ER LEIÐANDI ÞÁTTUR ALLS STARFSINS!

Allt starf verður að miðast við höfuðverkefnið og skilyrðislaust að heyra undir það. KSML hafa tekið, ein íslenzkra samtaka, upp baráttuna fyrir byltingarflokki verkalýðsins á þessum grunni. Í þessari baráttu höfum við kannað sögu sósíalískra hreyfinga hérlendis sem erlendis, við höfum hafið rannsókn á mistökum gamla KFÍ. KSML hafa tekið upp bein tengsl við baráttu KFÍ, því saga KFÍ er saga stærstu sigra íslenzkrar öreigastéttar. KSML eru einu samtökin, sem hafa tekið upp baráttuna á grundvelli höfuðmóthverfunnar, öreigastétt gegn borgarastétt, og barizt gegn allra handa "kenningum" Alþýðubandalagsins og fleiri um "sameiginlega hagsmuni allra Íslendinga", þ.e. sameiginlega hagsmuni arðrændra og arðræningja, og gegn hugmyndum um að höfuðmóthverfan sé ófinnanleg (sjá Kommúnistann, 1. tbl. 1. árg., bls. 28-32).

KSML hafa hafið markvisst starf að stofnun kommúnistaflokks með námsstarfið og stéttaskilgreininguna sem upphafsverkefni. Þar af leiðandi eru þau einu samtök verkalýðsins, sem bera fyrir brjósti nútíðar- og framtíðarhagsmuni hans.

Sem byltingarsinnuð samtök, er markvisst stefna að stofnun kommúnistaflokks, verða KSML að uppfylla eftirtalin skilyrði:

Í FYRSTA LAGI:

KSML verða að aðgreina sig frá öllum smáborgaralegum hentistefnuhópum og stefnum. Þ.e. aðgreina sig fræðilega, skipulagslega og í starfi frá öllum þeim smáborgaralegu hreyfingum, sem flagga sósíalismanum. Og það nægir ekki að aðgreina okkur frá þeim, við verðum einnig að gera hinum meðvitaða hluta verkalýðsins ljósan mismuninn, sem er á KSML og öðrum "vinstri" hreyfingum.

Í ÖÐRU LAGI:

Áður en af flokksstofnun getur orðið, verða KSML að festa rætur í verkalýðsstéttinni, þ.e. sameina sósíalismann og verkalýðinn. Þessi barátta verður að vera háð á byltingarsinnuðum grundvelli, ekki eina einustu sekúndu megum við missa sjónar á lokamarkinu. Kjarabaráttan er ekki markmið í sjálfu sér meðal byltingarsinna, hún er leið stil að styrkja byltingarbaráttu öreiganna. Við verðum að skapa tengsl við verkalýðinn í formi sella á vinnustöðum, við verðum að beina starfinu til verkalýðsins inna á vinnustaðina. Án fótfestu í verkalýðshreyfingunni er tómt mál að tala um kommúnistaflokk.

Í ÞRIÐJA LAGI:

Þróa verður áróðurinn, bæði í formi blaða og munnlegs áróðurs, til þess að hann dragi meðvituðustu öreiganna að samtökunum. Auka verður útgáfutíðni STÉTTABARÁTTUNNAR til þess að geta jafnhraðan upplýst verkalýðinn um ástandið innanlands sem utan.

Í FJÓRÐA LAGI:

KSML verða að sameinast um byltingarsinnaða taktík, sem byggð er á sérstöðu íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins. Draga verður saman í pólitíska grundvellinum skilgreininguna á íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu og þróa taktíkina við núverandi aðstæður fyrir byltingarstarfið. Þetta gerist með því að samtengja námið í almennum atriðum reynslunnar af baráttu verkalýðsins í öllum löndum, sem er dregin saman í verkum Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Maós Tsetungs, samtengja það reynslu verkalýðsstéttarinnar úr stéttabaráttunni á Íslandi.

UM SKIPULAGIÐ.

Án byltingarsinnaðs flokks getur verkalýðsstéttin ekki molað auðvaldsskipulagið og reist alræði öreiganna. Engin stétt hefur nokkru sinni tekið völdin án þess að hafa haft á að skipa forystu, sem hefur skipulagt og leiðbeint hreyfingum stéttarinnar. Þetta á einnig við um verkalýðsstéttina sem er sundruð í auðvaldsþjóðfélaginu og skortir sem heild stéttarvitund.

Fræðkenningin er grundvöllurinn, en að auki þarf sérstaklega að fullnægja tveim skilyrðum til þess að flokknum takizt að gegna hlutverki sínu sem framvörður öreiganna:
Í fyrsta lagi sterka og kraftmikla forystu, sem er fær um að aðlaga baráttuna hinum hlutlægu aðstæðum. Í öðru lagi náin tengsl við fjölda verkalýðsstéttarinnar. Þessi skilyrði gera sérstakar kröfur til skipulagsins.

Lenín heldur því fram, að byltingarbarátta öreiganna krefjist mestrar mögulegrar miðstýringar til þess að gera samtök þeirra eins sterk og herská sem mest má verða. Pólitíska leiðsögnin er falin þeim félögum, sem stéttvísastir eru, og hafa mesta reynslu úr baráttunni, þeirra, sem hafa mestu getuna til þess að leiða flokkinn og stéttina fram á við. Bakhjarl lýðræðislega miðstjórnarvaldsins er pólitíska samstaðan. Án pólitískrar og hugmyndafræðilegrar samstöðu úrkynjast miðstýringin, verður vélræn og formleg. Skriffinnskan nær yfirtökunum. Árangurinn verður sósíaldemókratískt skipulag samtakanna. Þegar við ræðum skipulagsmálin er það því mikilvægt að hafa pólitíkina að leiðarljósi.

Við verðum að vera þess minnug, að bezta leiðin til þess að styrkja lýðræðislega miðstjórnarvaldið er að auka pólitíska meðvitund samtakanna. Því er það fyrst, er félagarnir líta á miðstjórnarvaldið sem rökrétta mögnun á sameiginlegu starfi þeirra og baráttugetu, að miðstjórnarvaldið verður hagkvæm vinnutilhögun, en ekki dauður bókstafur.
Til þess að flokkurinn geti varðveitt ferskleika sinn, verður að vera til staðar pólitísk meðvitund á háu stigi og gagnkvæm lífleg sambönd milli leiðandi skipulagseininga og annarra flokkseininga.

SELLURNAR.

Grunneiningar samtakanna eru sellurnar. Án þeirra væri ekki um miðstjórnarvald að ræða. Verksvið sellanna sem grunneininga er að virkja hvern einasta félaga til starfa á skipulagðan hátt, þær eru uppistöður samtakanna.

Fram til þessa hafa samtök okkar eingöngu verið skipulögð í hverfa- og skólasellur, en nú með vaxandi tengslum við verkalýðinn eru fyrstu vísarnir að grunnsellum að vaxa. (Grunnsella er sella verkafólks á vinnustað í framleiðslu, vinnustaðasella er sella á vinnustað, þar sem ekki er unnið að framleiðslu, svo sem pósthús, sjúkrahús, skrifstofa o.þ.h.)

NÁM OG STARF.

Námsstarfið er höfuðverkefni KSML í dag, það er skólun félaganna í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tse-tungs. Námsstarfið er ekki bara að lesa það sem fræðimenn marxismans-lenínismans hafa skrifað, heldur er starfið mikilvægasti þátturinn í náminu, án starfsins er lestur fræðikenningarinnar einskis virði, því fræðikenningin er leiðsögn í starfi, leiðsögn, sem tekur upp þau vandamál, sem við mætum á hverjum degi, á vinnustaðnum, í verkalýðsfélaginu og í skólanum. Fræðikenningin er nauðsynleg í starfinu, þegar byggja skal upp skipulögð samtök verkalýðsins til árásar á ríkisvald auðvaldsins. Starfið á vinnustaðnum og í verkalýðsfélaginu, sem leitt er af fræðikenningu verkalýðsins getur leitt hinar sjálfsprottnu hreyfingar, s.s. einangruð verkföll og andóf gegn kúgurunum, leitt þær af þröngum brautum kjarabaráttunnar yfir á stig baráttunnar fyrir sósíalismanum. Og í starfinu er fræðikenningin reynd, starfið er því hin mikilvægari hlið.

Eins og Maó Tse-tung kennir okkur "..eini tilgangur öreigastéttarinnar með því að afla sér þekkingar á heiminum er sá að breyta honum". Til þess að afla sér sannrar þekkingar er því aðeins til ein aðferð, og hún er að tengja saman nám og starf. Nám í vísindalega sósíalismanum og starf hvar sem er í þjóðfélaginu þar, sem fræðikenning marxismans-lenínismans er reynd.

STÉTTABARÁTTAN: VINNUPALLUR VIÐ FLOKKSBYGGINGUNA.

Sem stendur er höfuðmálgagnið - STÉTTABARÁTTAN - aðalvopn okkar til dreifingar kommúnískum hugmyndum og baráttu gegn borgaralegri hugmyndafræði meðal verkalýðsins. Það er helzta vopn okkar til þess að ná til og vinna á okkar band stéttvísasta verkafólkið. STÉTTABARÁTTAN er vinnupallurinn við flokkssmíðina, eins og Lenín lýsti því. Með meðvitaðri uppbyggingu blaðsins eigum við að gera það sífellt færara til þess að afhjúpa auðvaldsþjóðfélagið, sífellt sterkara til þess að reka áróðurinn fyrir nauðsyn sósíalismans, sífellt tengdara verkalýðnum í hans daglegu baráttu gegn kúgun og arðráni auðvaldsherranna. Í raun þýðir þetta þróun blaðsins frá því ástandi sem nú ríkir, þ.e. skortinum á tengslum við veruleika verkalýðsins á Íslandi í dag yfir í virk og lifandi tengsl blaðsins við framsæknustu öfl öreigastéttarinnar.

Þróun STÉTTABARÁTTUNNAR er því hluti af uppbyggingu flokksins og starfið við blaðið verður að vera í tengslum við heildarþróun samtakanna. Í dag er það verkefni okkar við uppbyggingu samtakanna að ná tengslum við þann hluta verkalýðsins, sem hefur séð við loddarabrögðum Alþýðubandalagsins. Blaðið verður því að beina máli sínu til þessa hluta, byggja upp þekkingu hans, þar til að honum er ljóst, að eina leiðin er sjálfstæð skipulagning öreigastéttarinnar á byltingarsinnuðum grundvelli. Þetta þýðir, að áróðurinn í blaðinu verður að miðast við pólitískan þroska þessa hluta verkalýðsins og smám saman dýpka þekkingu hans, þar til hann öðlast kommúníska þekkingu á þjóðfélaginu.

Blaðið verður að virkja óánægju og sjálfsprottna andstöðu gegn arðráninu og hefja á æðra stig baráttunnar fyrir breyttu þjóðfélagi, fyrir sósíalismanum. Með vökulu starfi á grundvelli marxismans-lenínismans mun okkur takast að þróa blaðið og forðast að það standi fjær verkalýðnum eða gangi borgurunum á hönd eins og önnur "málgögn verkalýðs, þjóðfrelsis og sósíalisma" hafa gert.

Við verðum að breyta svip blaðsins, auka hlut beinna skrifa verkalýðsins í það með lesendabréfum og greinum um auðvaldsþjóðfélagið og hlutskipti öreiganna í því

Allar deildir samtakanna verða að líta á það sem skyldu sína að skýra blaðinu frá öllu því, sem gerist í stéttabaráttunni á viðkomandi stað. Jafnvel þó að það sé ekki mikilsvert í augum félaganna á staðnum, þá getur það orðið hluti af stærri heild, upplýsingar sem síðan geta orðið undirstaða í grein. Það er síðan hlutverk ritnefndar að vega og meta mikilvægi einstakra upplýsinga.

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

HRÆÐSLA SMÁBORGAR-ANNA VIÐ KOMMÚNISMANN

Oft hefur KSML verið legið á hálsi af hentistefnusósíalistum fyrir að "vilja ekki koma til samstarfs" og fyrir að "vera hræddir við bandamenn sína" og þar fram eftir götunum. Við höfum verið sakaðir um einangrunarstefnu og kreddufestu.

Það er auðvitað gott að verða fyrir árásum úr þessari átt, því eins og Maó sagði, sýnir það, að okkur hefur tekizt að aðgreina pólitík okkar frá þeim, sem þrátt fyrir sínar "sósíalísku" upphrópanir eiga ekkert við sósíalismann skylt.

En þeim, sem mest hefur verið í munn aðbenda á þessa "galla" KSML eru einnig þeir hinir sömu, sem eiga eftirfarandi "afrekaskrá":

Þeir félagar KHML, sem voru í Fylkingunni er marxisku-leninisku námshóparnir hófu starf, voru reknir úr Fylkingunni fyrir "að starfa í andstöðu við yfirlýsta stefnu samtakanna". Sannaðist þar að kommúnisk pólitík átti ekki heima í Fylkingunni og mun aldrei eiga.

Forsvarsmenn Víetnamnefndarinnar boðuðu til útifundar 22. apríl ´72. Reynt var að halda fundinum leyndum fyrir KHML þar sem pólitík okkar í Víetnammálinu (alþjóðahyggja öreiganna) féll ekki í hið borgaralega kram þeirra nefndarmanna.

Á Glæsibæjarfundinum, þar sem samtök herstöðvaandstæðinga voru stofnuð, var fulltrúa KHML sagt að ræða ekki pólitík en tala sem "maður".

1. maí 1972 hugðist KHML ganga til samstarfs við Sósíalistafélag Reykjavíkur um blaðaútgáfu. Árangurinn varð ströng ritskoðun á greinum KHML og algjör neitun á að fallast á nokkuð það sem fulltrúar KHML höfðu til málanna að leggja.

Þegar ganga herstöðavaandstæðinga var í júní ´72 var reynt að hindra KHML í að ganga undir eigin borðum, talað var um að fleygja þeim úr göngunni en smáborgararnir bliknuðu sem von var.

Víetnamnefndin boðaði fulltrúa KSML á fund til að ræða útgáfu "Samstöðu" (málgagn Víetnamnefndarinnar). Þegar fulltrúar KSML mættu sátu fulltrúar Víetnamnefndarinnar á öðrum fundi og sinntu ekki boðuðum fundi. Síðan ráku þeir upp ramakvein um að KSML vildi ekki koma til samstarfs.

Er síðasta ASÍ þing stóð yfir birtu nokkur félög yfirlýsingu til þingsins. Fylkingin , sem var frumkvöðull að yfirlýsingunni neitaði að láta KSML vera með þrátt fyrir að aðrir sem að þessu stöðu færu fram á slíkt.

Fylkingin boðaði til samstarfs um "Rauða verkalýðseiningu" 1. maí 1973. Í upphafi var passað vel uppá að KSML kæmi hvergi nærri, en er meirihluti samkrullsmannanna vildi fá KSML með guggnuðu Fylkingargaukarnir á andstöðu sinni og féllust á að boða KSML á fund.

Framkvæmd "samstarfsins" lýsir vel vilja þessara manna til að fela kommúniska pólitík fyrir verkalýðnum. Eftir að Fylkingar-"fræðimenn" höfðu setið við og samið plagg sem leggja skyldi til grundvallar "samstarfinu" var KSML boðið til fundar eftir að hafa fengið fimm tíma undirbúningstíma til að kynna sér afrakstur yfirsetunnar. Á fundinum var síðan lýst yfir að plaggið væri gott og gilt og aðeins þyrfti að gera nokkrar orðalagsbreytingar. Er fulltrúar KSML sýndu fram á smáborgaralegt innihald grundvallarins tóku smáborgararnir það til bragðs að reyna setja málið í nefnd þar sem þeir töldu sig hafa betri möguleika til að makka með pólitíkina.

Þannig var "samstarfsvilji" þessara "verkalýðsvina" aldrei annað en tilraun til þess að fá KSML í slagtog með sér 1. maí og skilyrðin voru að KSML skyldi láta af byltingarsinnaðri stefnu sinni og skrifa undir smáborgaralega samsuðu. Síðan munu þeir auðvitað básúna það að KSML hundsi allt samstarf og séu einangrunarsinnar og að ekki þýði að bjóða þeim það framar.

Allt þetta sýnir svo ekki verður um villzt, að þessar "hetjur" hræðast ekkert meira en einarða kommúníska stefnu verkalýðsins. Alls staðar reyna þeir að þagga niður kommúnískan áróður, alltaf gengur þeirra eigin áróður út á að fela framtíðarhagsmuni verkalýðsins í smáborgaralegu gjammi þeirra.

Þeir eru því hinir raunverulegu sundrungsmenn það eru þeir, sem vilja skilja að verkalýðinn og sósíalismann. Það eru þeir, sem eru einangrunarsinnar, því þeir vilja einangra baráttu verkalýðsins innan ramma hins löglega í auðvaldsþjóðfélaginu. Það eru þeir, sem eru kreddumeistarar, er þeir koma dröslandi með kreddur sínar um "betra auðvald-skipulagt auðvald".

Verkamenn, snúum baki við hentistefnusósíalistunum!
Reisum merki kommúnismans á ný á Íslandi, - takið þátt í starfi KSML fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks!

KSML haslar sér völl á Akureyri

Mikill meirihluti íbúa Akureyrar er verksmiðjuöreigar. Þetta hefur jafnan þýtt jákvæðan grundvöll fyrir kommúnískan áróður. Sem dæmi um þetta má benda á, að fylgi kommúnista var mjög mikið á meðan Kommúnistaflokkurinn var og hét, og undir forystu þeirra sigraði verkalýðurinn í Nóvudeilunni 1933. Mikil gróska var í starfi kommúnista hér, þar til kratar náðu yfirtökunum í verkalýðsfélögunum sem og annars staðar á landinu. Nú undir forystu þeirra, einskorðast baráttan við krónu meira eða minna á tímann.

Til gamans má benda á eina samþykkt, sem þessi kratagerpi í forystu Einingar létu frá sér fara. Hún var þess efnis, að skorað var á bæjarstjórnina að minnka vínveitingar í veizlum sínum.

Undir þessari krataforystu er öreigastéttin ófær um að leiða baráttuna gegn kúgurum sínum til lykta á farsælan hátt.

Í menntaskólanum hér hafa ýmsar "vinstri" grúppur verið "starfandi", svo sem "Rauða sellan", "Krítíska grúppan" og nú síðast "Samtök kommúnista á Akureyri". Myndun þessara grúppa hefur verið viðleitni námsmanna til pólitísks starfs, en þessar grúppur hafa lognazt út af. Hvað nýjustu grúppuna, "SKÁA", snertir, er hún enn uppistandandi, en virðist eiga skammt ólifað.

Hvaða mistök hafa þessir menntaskólanemar gert, sem af miklum ákafa hafa lýst sig kommúnista? Þeir hafa einangrað sig við dægurmál skólans, en engu sinnt því verkefni að færa þekkingu sína út fyrir veggi skólastofnunarinnar.

Nýjasta grúppan, SKÁA, er stofnuð upp úr námshópum þjóðmáladeildar skólafélagsins, sem starfað hafa innan við 3 mánuði. Þessi samtök, sem nú þegar eru í andarslitrunum, megnuðu aldrei að hefja neitt skipulegt starf. Hóparnir einangruðu námið frá starfinu.

Snemma fór að bera á ágreiningi innan námshópanna um afstöðuna til KSML. Meirihluti þeirra, sem afstöðu tóku, fylgdu KSML. Stuðningsmenn KSML urðu fyrir aðkasti frá Fylkingarsinnum og öðrum smáborgaralegum vinstri mönnum. Helztu rök þessara smáborgara gegn stuðningsmönnum KSML voru, að ekki væri hægt að selja Stéttabaráttuna, ef maður vissi ekki allt um sósíalismann. Enn önnur tilraun Fylkingarsinna til að vinna gegn KSML var að stofna samtök vinstri manna í MA, þar sem þau skilyrði voru sett,


Útbreiðsla kommúnísks áróðurs hefur verið hafin á ný á Akureyri

að meðlimir félagsins mættu ekki vera undir flokksaga í öðrum pólitískum samtökum. Þessu unnu stuðningsmenn KSML eindregið gegn og fóru með sigur af hólmi.

Stuðningsdeild KSML var stofnuð 14. febrúar í blindbyl og rafmagnsleysi. Fljótlega rofaði til í kommúnísku starfi hér. Stuðningshópurinn hófst handa við að færa fræðikenninguna út til verkalýðsins. Móttökur verkalýðsins á áróðri KSML hafa verið góðar, en borgararnir og smáborgararnir hafa kvartað undan óþægindum. Aðventistar, hvítasunnumenn og sölumenn Samstöðu hafa gert árangurslausar tilraunir til að trufla áróðursstarf KSML.

Skipulagt starf hefur nú verið í 2 mánuði, meðlimum hefur fjölgað, sala á Stéttabaráttunni, Rauða Fánanum og bæklingum KSML hefur aukizt. Í öllu starfi okkar höfum við lagt áherzlu á að tengja námið starfinu og starfið náminu. Þannig beitum við aukinni þekkingu umsvifalaust í starfinu og aukum með því pólitískan þroska hópsins stig af stigi.

Nú nýlega var fyrsta námshóp KSML hleypt af stokkunum og markar það tímamót í sögu byltingarstarfs á Akureyri.

VERKAFÓLK, FRAMSÝNIR NÁMSMENN OG AÐRIR STUÐNINGSMENN ÖREIGASTÉTTARINNAR. TAKIÐ ÞÁTT Í BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI KSML.
Snúið ykkur til Guðmundar Á. Sigurjónssonar, Þórunnarstræti 135, Pósthólf 115, Akureyri.

NIÐUR MEÐ KRATAFORYSTUNA Í VERKALÝÐSFÉLÖGUNUM.

LIFI EINING VERKALÝÐSINS Á GRUNDVELLI KOMMÚNISMANS.

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR.

Með baráttukveðju,

Stuðningshópurinn á Akureyri.

Starfsemi KSML á Neskaupstað


Kommúnískt námsstarf á Neskaupstað

Kommúnistasamtökin m-l hafa nú haslað sér völl utan höfuðborgarsvæðisins. Á Neskaupstað hefur í vetur verið starfandi námshópur á vegum samtakanna. Stéttabaráttan, ásamt öðrum þeim ritum, er KSML hafa gefið út, hefur verið boðin íbúum Neskaupstaðar til kaups frá því í september.

Námshópurinn hefur lagt stund á nám í grundvallaratriðum marxismans-lenínismans samkvæmt námshring Kommúnistasamtakanna og hefur tekið miklum framförum, hvað snertir fræðilegan styrkleika. Jafnframt náminu hafa félagarnir gerzt virkir þátttakendur í starfinu.

Salan hefur gengið mjög vel og er áberandi, hve mikill hluti kaupenda eru verkamenn. Fyrri part vetrar var Stéttabaráttan nær eingöngu seld á götum kaupstaðarins á föstudagseftirmiðdögum, þegar annríki í verzlunum hefur verið hvað mest, en eftir áramót var tekin upp sú nýbreytni að ganga með blaðið í hús og bjóða það kaupstaðarbúum ásamt öðrum ritum samtakanna. Á þennan hátt seldust 100 eintök af 2. tbl. Stéttabaráttunnar. Jafnframt þessu hafa félagarnir safnað í Víetnamsöfnun KSML og hafa safnazt nálega 13 þús. kr.

Í námshópnum er hvorutveggja aðkomufólk, sem vinnur hér á staðnum, og starfandi verkamenn frá Neskaupstað.
Til þess að hægt sé að byggja upp traustan og velskipulagðan kommúnistaflokk með sterkum deildum hvarvetna um landið, sem séu leiðandi afl verkalýðsins í stéttabaráttunni, verður hann að grundvallast á þátttöku stéttvísra verkamanna á öllu landinu.

Um kommúnískt starf hefur ekki verið að ræða á Norðfirði síðan Norðfjarðardeild Kommúnistaflokks Íslands leið undir lok, en forystumenn hennar, Bjarni Þórðarson, Lúðvík Jósepsson og Jóhannes Stefánsson hafa nú allir krækt sér í slík embætti, að þeir hafa fyrir löngu yfirgefið baráttu verkalýðsins fyrir réttindum sínum, en ganga þess í stað erinda borgarastéttarinnar. Það er ekki fyrr en nú, að tekizt hefur að reisa merki öreigastéttarinnar að nýju á Norðfirði!

Alþýðubandalagið (áður Sósíalistaflokkurinn) hefur verið öflugasti stjórnmálaflokkurinn á Neskaupstað í áratugi. En fylgi hans meðal verkalýðsins virðist fara dvínandi. Á fundum Alþýðubandalagsins eru það því sem næst eingöngu kapítalistar og borgaralegir embættismenn, sem hafa orðið. Verkamenn eru í miklum minnihluta á slíkum fundum.

Við hvetjum alla stéttvísa verkamenn á Norðfirði og aðra stuðningsmenn öreigastéttarinnar til að taka afstöðu gegn stéttasamvinnupólitík Alþýðubandalagsins og fylkja sér undir merki öreigastéttarinnar og sósíalismans með því að taka þátt í starfi stuðningsdeildar KSML á Norðfirði.

Hafið samband við Sigurð Jón Olafsson, heimavist Gagnfræðaskólans, sími 7330. Þeir, sem óska eftir að fá keypta aðra ritlinga KSML eða gerast áskrifendur geta einnegin snúið sér til sama aðila.

Baráttukveðjur,

Stuðningsdeild KSML á Neskaupstað.

Hafið samband við KSML

AKUREYRI: Hafið samband við fulltrúa KSML: Guðmund Ármann Sigurjónsson, Þórunnarstræti 135, P.O. Box 115.
ESKIFJÖRÐUR: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML: Elías Kristinsson, Lambeyrarbraut 10.
NESKAUPSTAÐUR: Fulltrúi KSML þar er: Sigurður Jón Olafsson, Heimavist Gagnfræðaskólans, P.O. Box 26.
REYKJAVÍK: KSML Skólastræti 3b, eða pósthólf 1357.
SELFOSS: Fulltrúi KSML þar er Jóhannes Gunnarsson, Austurvegi 65.
SIGLUFJÖRÐUR: Umboðsmaður Stéttabaráttunnar og annars prentaðs máls samtakanna: Óskar Garibaldason, Hvanneyrarbraut 25.
SKÁLHOLT: Fulltrúi KSML þar er Ottar Felix Hauksson, Lýðháskólanum Skálholti.

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN


Díalektísk og söguleg efnishyggja

KSML hafa hafið útgáfu á efni grundvallarnámshringsins. Fyrsti bæklingurinn er Díalektíska og sögulega efnishyggjan eftir Stalín úr "Sögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (B)", sem er lesefni 2. námsfundar. Verð bæklingsins er 100 kr. Einnig verða aðrir námsfundir gefnir út í bæklingsformi og sá næsti er um flokkinn; 8. námsfundur.

Aðrir væntanlegir bæklingar á vegum KSML eru: Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans eftir Lenín og Eldlína hinnar sósíalísku frelsisbaráttu - Saga Víetnam stríðsins.

VERKAFÓLK! FYLKJUM OKKUR UNDIR MERKI KSML Í BARÁTTUNNI FYRIR SÓSÍALISMANUM!

„Þingræðisleiðin er blekking"



Jóhannes Gunnarsson er 23ja ára mjólkuriðnaðarmaður við Mjólkurbú Flóamanna á Selfossi. Hann er félagi í KSML.

- Hvers vegna tekur þú afstöðu með pólitík Kommúnistasamtakanna m-l ?

- Vegna þess að ég er verkamaður og ég tel að KSML séu einu samtökin, sem taka skilyrðislausa afstöðu fyrir hagsmunum verkalýðsins í stéttabaráttunni. Ég tel allt tal um þingræðislega leið til sósíalismans innan auðvaldsskipulagsins sé blekking. Eina leiðin til að aflétta af verkamönnum arðráni og kúgun kapítalismans er leið sósíalísku valdbyltingarinnar.

- Hver er afstaða þín til "verkalýðsforystunnar" ?

- Hún er í stuttu máli sú, að ég tel að hún hafi algjörlega svikið málstað öreigastéttarinnar og gengið á mála hjá borgurunum. Það er alls staðar að finna dæmi um verkalýðsforingja, sem hafa algjörlega einangrað sig frá verkalýðnum og lifa á hálaunuðum bitlingum hjá ríkisvaldi auðvaldsins. Sumir fá jafnvel orður og er þá væntanlega verið að launa þá fyrir vel unnin störf í þágu borgaranna meðal verkamanna.

- Telur þú ríkisstjórnina vera hliðholla verkalýðnum ?

- Nei, það er af og frá. Þessi ríkisstjórn hefur margoft sýnt, að hún stjórnar með hagsmuni borgarastéttarinnar fyrir augum, eins og allar aðrar ríkisstjórnir í auðvaldsþjóðfélagi. Hver kjaraskerðingin á fætur annarri dynur á verkalýðnum samtímis því sem stjórnin púkkar undir auðvaldið, t.d. með auknum stuðningi við togarakaup o.s. frv. Og hverjir eru það svo, sem hrósa stjórninni mest fyrir "iðnbyltinguna"? Auðvitað auðvaldið. Í þessu sambandi er það vert fyrir verkamenn að minnast þess að bæði sjávarútvegsmálaráðherrann og iðnaðarráðherrann eru úr hópi Alþýðubandalagsmanna.

- Hvaða leið telur þú, að verkamenn eigi að fara í baráttunni í dag?

- Að fylkja liði í KSML og taka þar þátt í námsstarfi í marxismanum-leninismanum-hugsun Maós Tsetungs. Með því leggja þeir sinn skerf til baráttunnar fyrir stofnun öflugs kommúnistaflokks, sem verður fær um að leiða verkalýðsstéttina í sósíalísku byltingunni og uppbyggingu alræðis öreiganna.

MVS.

„Ríkisvaldið er tæki ríkjandi stéttar"



Ásmundur Hilmarsson, iðnnemi, Reykjavík. Hann er í stuðningshóp hjá Kommúnistasamtökunum (m-l).

Sp: Ásmundur, hvers vegna tekur þú afstöðu með pólitík Kommúnistasamtakanna ?

Sv: Vegna þess að þar eru skýrustu línurnar, þar eru engar vöflur á hlutunum. Þeir stefna að þeim markmiðum, sem ég álít vera þau einu réttu, en þau eru sósíalíska byltingin og alræði öreiganna.

Sp: Telur þú að ríkisstjórnin sé hliðholl verkalýðnum ?

Sv: Alls ekki. Ríkisstjórnin og ríkisvaldið eru aðeins tæki ríkjandi stéttar, borgarastéttarinnar. Þeir eru þjónar auðvaldsins. Það verður aldrei stjórn verkalýðsins fyrr en eftir byltingu í sósíalismanum. Allt annað er fals og lygar.

Sp: Hvað viltu segja um verkalýðsforystuna ?

Sv: Verkalýðsforystan samanstendur af stórkostlegum svikurum, sem mútað er af auðvaldinu, eins og bezt sést á vinnubrögðum þeirra gagnvart aðgerðum ríkisstjórnarinnar upp á síðkastið.

Sp: Hvað telur þú að sé næsta skrefið í baráttu verkalýðsins ?

Sv: Verkalýðurinn á að skipuleggja sig undir merkjum Marxismans-Leninismans og framkvæma sitt sögulega hlutverk, sósíalísku byltinguna. Það verður bezt gert með því að taka þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KSML og gerast síðan félagi.

BK.

„Alþýðubandalagið þjónar auðvaldinu"



Konráð Breiðfjörð Pálmason, verkamaður, Reykjavík. Hann er stuðningsmaður KSML.

Sp: Hvers vegna ert þú í stuðningshóp hjá Kommúnistasamtökunum ?

Sv: Ég álít að KSML séu einu samtökin á landinu, sem taka afstöðu fyrir verkalýðin og vinna markvisst að sameiningu stéttarinnar, með Marxismann-Leninismann að vopni. Takmarkið er sósíalíska byltingin og uppbygging þjóðfélagsins undir forystu öreigastéttarinnar. Ég hef komist að raun um að tilgangslaust froðukjaftæði Alþýðubandalagsins þjónar engu öðru en auðvaldinu og ríkisvaldi þess.

Sp: Hvert er álit þitt á verkalýðsforystunni ?

Sv: Satt að segja hef ég ekkert álit á henni. Þróun verkalýðsforystunnar gengur í þá átt að fullkomna enn frekar stéttasamvinnuna við auðvaldið gegnum ríkisvald borgaranna. Þetta er sósíalfasismi eins við þekkjum t.d. í Svíþjóð. Því fyrr sem verkalýðsstéttin slítur af sér kverkatök verkalýðsforystunnar, því betra. Það er skref í átt til sósíalismans.

Sp: Þú segir að ríkisvaldið sé vald borgarastéttarinnar ?

Sv: Já. Ríkisvaldið er stéttarvald, vald borgaranna yfir öreigastéttinni. Við vitum hvaða hagsmuni ríkisvaldið ber fyrir brjósti. Það eru hagsmunir auðvaldsins. Dæmi, sem sanna þetta eru ótal gengisfellingar, sem eru þjófnaður úr vösum verkalýðsins, vöruverðhækkanir og vísitöluskerðingar. Þetta er ekki í þágu verkalýðsins.

Sp: Hvað telur þú að sé höfuðverkefni íslenzku öreigastéttarinnar ?

Sv: Byltingarsinnað námsstarf og skipulagning öreigastéttarinnar í byltingarsinnuð samtök, sem stefna að stofnun kommúnistaflokks, sem hefur sósíalísku byltinguna og alræði öreiganna að takmarki. Fram til baráttu. Verkamenn. Takið þátt í stuðningsstarfi hjá KSML.

BK.

„Verkalýðurinn nær aðeins völdum með sósíalisku byltingunni og alræði öreiganna"



Sigrún A. Magnúsdóttir, verkakona í Sjólastöðinni, Hafnarfirði. Hún er baráttuáskrifandi að Stéttabaráttunni.

Sp: Þjónar verkalýðsforystan hagsmunum verkalýðsins ?

Sv: Nei. Þessi verkalýðsforysta er samtvinnuð ríkisstjórninni, sem nú hefur gengist fyrir mikilli kjaraskerðingu sbr. hinar stórkostlegu vöruverðshækkanir undanfarnar vikur. Ég sem vinn í fiskaðgerð hef óhóflega langan vinnutíma, einungis til að geta séð fyrir mér og mínum. En aftur á móti hefur verkalýðsforystan úr nógu að spila. Þeirra kaup er margfalt hærra og vinnutími mun styttri. Það tók mig ekki langan tíma að sjá að lítill munur er á alþýðustjórninni og viðreisnarstjórninni gömlu. Ég er ákaflega óánægð með ríkisstjórnina. Hún hefur algjörlega svikið verkalýðinn. Magnús Kjartansson, sem er héðan úr Hafnarfirði, hefur alveg brugðist þeim vonum, sem bundnar voru við hann.

Sp: Höfuðverkefni sem Kommúnistasamtökin setja fram í dag er byltingarsinnað námsstarf. Hvað finnst þér um það?

Sv: Verkafólk á hiklaust að skipuleggja sig í námsstarf til þess að geta barist fyrir rétti sínum. Verkafólk verður að skipuleggja sig saman til að ná rétti sínum. Þar sem ég vinn er dagvinnukaupið lágt eins og allsstaðar annarsstaðar. Samt framleiðum við verðmæti fyrir tugi milljóna, en fáum aðeins lítið brot af þeirri upphæð og jafnvel þó að við vinnum óeðlilega mikið. Við fáum engu breytt gegnum þessa eða hina ríkisstjórnina. Verkalýðurinn nær aðeins völdum með sósíalísku byltingunni og alræði öreiganna.

Myndin af Sigrúnu er tekin á Landsspítalanum 12. apríl síðastliðinn. Undanfarna mánuði hefur hún átt við lasleika að stríða og stafa veikindi hennar m.a. af óhóflegri vinnu til þess að hún og börn hennar geti framfleitt sér í íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu.

BK.

„Fræðikenningin er vopn verkalýðsins í stéttabaráttunni"

Karl Hjálmar Bjarnason, iðnnemi, Neskaupstað.

- Hvaða álit hefur þú á "alþýðustjórninni" ?

- Álit mitt á "alþýðustjórninni" og þá sérstaklega Alþýðubandalaginu hefur mjög breytzt síðan hún komst til valda. Ég hélt, að þessi ríkisstjórn myndi duga vel, en lítið sem ekkert hefur rætzt af þeirra loforðum. Þeir lýstu því hátíðlega yfir, að þeir myndu ekki fella gengið, en raunin varð önnur. Flokkur, sem vill telja sig sósíalískan, á ekkert erindi í borgaralega ríkisstjórn. Slíkur flokkur hlýtur óhjákvæmilega að þokast æ meir til hægri vegna samvinnu við íhaldsöflin. Þeir Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósepsson eru t.a.m. orðnir algerir íhaldspostular. Magnús hefur uppi stórar ráðagerðir um iðnþróun á Íslandi, en aftur á móti er ekkert hugsað um að auka og bæta menntun fólks til iðnaðarstarfa. Iðnfræðslan stendur á mjög lágu stigi í dag; iðnskólar eru mjög lélegir, kennsla af skornum skammti og aðbúnaður slæmur í flestum skólum eins og t.d. hér á Neskaupstað.

- Hver er afstaða þín til "verkalýðsforystunnar" ?

- Það er varla hægt að segja, að það sé um nokkra forystu fyrir verkalýðinn að ræða. Í Alþýðusambandi Íslands er fullt af sérhagsmunahópum. Samningar eru gerðir af fáum útvöldum mönnum, en aldrei ræddir af meðlimum sambandsins. Hinn almenni verkamaður er í rauninni útilokaður frá öllum þeim málum, er hann sjálfan snerta. Það er alveg ótækt, að formaður ASÍ skuli sitja á þingi fyrir íhaldssaman stjórnmálaflokk, enda hefur hann alls ekkert starfað í þágu verkalýðsstéttarinnar. Afstaða hans kom einkar skýrt í ljóst í sjónvarpsþætti í vetur, þar sem hann var spurður að því, hvort hann vildi ekki fara út og vinna meðal hins almenna verkamanns. Hann brást reiður við og lýsti beinlínis vanþóknun sinni á því að fara að starfa meðal verkamanna.

- Hvaða leið telur þú, að verkalýðurinn eigi að fara úr arðráni auðvaldsins?

- Eina leiðin fyrir verkalýðinn úr arðráni auðvaldsins er leið sósíalismans, en frumskilyrðið er að fræða verkamenn um vísindi öreiganna, annars verður baráttan máttlaus og verkalýðsstéttin lendir á villigötum.

Ísland er stéttskipt þjóðfélag, enda er verkamönnum skammtað kaup eftir því. Það er hyldýpi á milli hins faglærða iðnaðarmanns, sem hefur gerzt atvinnurekandi og hins almenna verkamanns. Erfiðisvinnan er verst borgaða vinnan á landinu. Til að leysa þetta vandamál er engin önnur leið fær en leið sósíalismans, enda eru samtök verkalýðsins upphaflega stofnuð sem sósíalísk samtök, en hafa nú algerlega horfið frá þeirri stefnu.

- Nú hefur þú tekið þátt í námsstarfi KSML og starfað í þágu samtakanna. Hvers vegna hefur þú tekið þá ákvörðun og hvað finnst þér þú hafa lært af námsstarfinu ?

- Upphaflega gekk ég í námshóp fyrst og fremst af forvitni, en ég hefi lært gífurlega mikið á þessu námsstarfi og hefur margt skýrzt fyrir mér, sem ég vissi ekki áður. Ég hefi komizt enn betur að raun um, hvar ég stend í þjóðfélaginu og að eina leiðin fyrir okkur verkamenn til að ná fram málefnum okkar, er að hafa fræðikenninguna á okkar valdi til að nota hana sem vopn í baráttunni, í stað þess að fara eftir íhaldssömum og úreltum kenningum Lúðvíks Jósepssonar og hans kumpána.
Að lokum vil ég beina þeirri áskorun til allra stéttvísra verkamanna að hafa samband við Kommúnistasamtökin og taka þátt í námsstarfi þeirra. SJO.

Orðabók öreigans

Ríkisvaldið.

Ríkisvaldið er afleiðing af ósættanlegum stéttaandstæðum

Ríkið verður til á þeim stað og tíma, sem stéttaandstæðurnar eru orðnar ósættandi í sjálfum hlutveruleikanum og í þeim mæli, sem sú er raunin á, og þetta gildir hvar og hvenær sem er. Og hins vegar sannar tilvera ríkisins, að stéttamótsetningarnar eru ósættandi" (Lenín)

Þegar þjóðfélagið hafði náð vissu þróunarstigi, hafði þróun framleiðslunnar leitt af sér skiptingu þjóðfélagsins í stéttir eftir afstöðu þjóðfélagsþegnanna til framleiðslunnar, þ.e.a.s. þar sem önnur stéttin hefur slegið eign sinni á afrekstur samfélagslegu vinnunnar, án þess að eiga nokkurn annan þátt í henni annan en einkaeignarinnar á framleiðslutækjunum (arðránsstéttin í dag: borgarastéttin), og aðra, sem framleiðir vörurnar, en á ekki framleiðslutækin (arðrænda stéttin í dag: öreigastéttin)

Þannig er í stórum dráttum stéttaandstæður stéttskipts þjóðfélags. Og ríkið verður einmitt til sem afleiðing af baráttu þessara tveggja stétta, ekki sem málamiðlari heldur sem skipulagt vald í þjónustu og fyrir tilstilli ríkjandi stéttar, fyrir sínum eigin hagsmunum og til viðhalds alræði sínu gegn uppgangi kúguðu stéttarinnar. Þannig er ríkisvald borgarastéttarinnar í dag vald ríkjandi stéttar til þess að halda verkalýðsstéttinni niðri. Og til þess hafa þeir sín lög og reglur, dómsstóla og aðrar þvingunarstofnanir til þess að viðhalda sjálfri sér sem herrastétt og kúga verkalýðsstéttina undir arðránskerfið. Undir ríkisvaldi borgaranna verður verkalýðshreyfingin stöðugt meira bundin af ríkisvaldinu þegar borgurunum tekst með mútum að ná forystunni á sitt band, og hún öðlast því sömu hagsmuni og borgarastéttin og úrkynjast því stöðugt og verður afturhaldsöm. Skipulagning verkalýðsins fyrir sögulegu hlutverki sínu er því ekki í gegnum verkalýðsfélögin, heldur verða stéttmeðvituðustu verkamennirnir að skipuleggja sig í kommúnistaflokk til þess að mölbrjóta ríkisvald borgaranna og byggja alræði öreiganna, sem er síðasta stigið yfir í stéttlausa þjóðfélagið.


Vegna plássleysis verður síðari hluti orðabókarinnar að bíða til næsta blaðs. Þar verður tekið fyrir: "Afstaða tækifærissinnanna til ríkisvaldsins" og "ríki alræðis öreiganna, ríkisvaldið deyr út".

Með tilkomu KSML er merki kommúnismans aftur haldið hátt á lofti

Björn Grímsson 81 árs er í dag jafnfrískur í pólitíkinni eins og hann var, þegar hann kynntist á unga aldri hugmyndum sósíalismans. Það var 1926, þegar hann á leið til Vestmannaeyja kom við í húsi hjá gömlum skólafélaga, er hafði lesið sér til um marxismann. Er Björn kom til Vestmannaeyja, þá var verkfall þar og nægði það til að Björn sannfærðist um gildi kommúnismans fyrir verkalýðinn. Þá skrifaði hann grein í Verkamanninn á Akureyri, sem hét: Máttur Samtakanna.
1930 var hann valinn sem fulltrúi Verkamannafélagsins á Akureyri á hið sögufræga klofningsþing Alþýðusambandsins, þegar kommúnistum var meinuð innganga á þingið. Skömmu seinna var Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður sem deild í Komintern undir forystu Stalíns og þá var Björn einn af stofnendunum. Síðar fór hann til Akureyrar og var með við stofnun Akureyrardeildar KFÍ. Á tímanum frá stofnun flokksins og fram til 1935 var Kommúnistaflokkurinn framvarðarsveit íslenzkrar öreigastéttar og barðist hatrammlega á öllum sviðum stéttabaráttunnar fyrir skipulagningu verkalýðsstéttarinnar **undir fána kommúnismans.**

Björn lýsir starfinu á þessum árum með orðunum:

"Kommúnistaflokkurinn fræddi félaga sína um þjóðfélagsmál. Félögunum var skipt í fræðsluhópa, í leshringi eftir bæjarhverfum. Einn félagi leiddi hvern hóp. Fjölmargir félaganna voru í verkalýðsfélögunum og í þeim var komið upp vinnustöðvahópum, haldnir fundir og rætt um dægurmálin. Fregnmiðar voru gefnir út, ef eitthvað sérstakt var á ferðinni og veggblöð sett upp um ýmis baráttumál eftir því, sem við átti.
Þessi störf okkar voru ekki vel séð af borgurunum. Þeir vissu, að þau voru dálítið hættuleg skipulaginu - kannski var það hættulegasta, að verkafólk yrði upplýst um raunverulegan gang mála í atvinnurekstri og framleiðslu. KFÍ hafði forystu í verkalýðsfélögunum og þá var vel unnið og verkafólk vann marga sigra. Án KFÍ hefðu þeir ekki unnizt."



Af kynnum mínum við Hjalta hef ég það að segja að Hjalti var ákaflega viðfelldinn maður og vakti traust hjá manni. Hann var öruggur ræðumaður og mikill agitator.

Á árunum 1934 - 1935 átti sér stað mjög hatrömm stéttabarátta innan KFÍ, þar sem annars vegar börðust smáborgaralegir menntamenn - sannkallaðir kautskyistar, sem áttu sér efnalegan grundvöll í smáborgarastéttinni og hins vegar framsýnir verkamenn, sem fylgdu Stalín og Komintern að málum og byggðu starf sitt á þeirri staðreynd, að verkalýðsstéttin er hin eina sanna byltingarstétt í auðvaldsþjóðfélaginu og að frelsun hennar undan oki auðvaldsins verður að vera verk hennar sjálfrar. Þessari stéttabaráttu lauk með sigri hentistefnumannanna, sem er tímabilsbundinn sigur borgarastéttarinnar yfir framvarðasveit verkalýðsins. Orsakir þess, að kommúnistunum (Hjaltamönnum) og fylgismönnum þeirra tókst ekki að leiða stéttabáráttuna til lykta yfir hentistefnumönnunum (Einarsmönnum) og fylgismönnum þeirra, voru aðallega þessar:

Í fyrsta lagi: Ekki var hinni lenínískri grundvallarkenningu fylgt, um að meirihluti í flokksnefndum og miðstýrandi einingum verði að vera verkamenn, sem draga með sér afstöðu, líf og kjör verkalýðsstéttarinnar inn í flokkinn. Komintern hafði mörgum sinnum varað við hinum smáborgaralega stéttarbakgrunni meirihluta miðstjórnar, sem leiddi til þess, að hugleysi smáborgarastéttarinnar og tvístígandi afstaða hennar og tækifærisstefna festi rætur í flokknum.

Í öðru lagi: Í hreinsununum 1934 var hentistefnunni í heild ekki gerð skil, sem kemur fram í því, að Brynjólfur Bjarnason form. flokksins, sem var ávíttur fyrir að bera ábyrgð á sósíaldemókratisma innan flokksins og Einar Olgeirsson, sem aldrei gerði sjálfsgagnrýni á tækifærisstefnu sína, var leyft að sitja áfram í stöðum sínum innan flokksins. Þaðan gátu þeir síðan beitt skipulagslegum aðgerðum gegn kommúnistunum til að koma verkalýðsfjandsamlegri pólítík sinni í framkvæmd. Dæmi um það er, að Verkalýðsblaðið var lagt niður 1936 en Þjóðviljinn (nú voru hagsmunir þjóðarinnar orðnir æðri hagsmunum verkalýðsstéttarinnar) stofnaður og að sjálfur Kommúnistaflokkurinn var lagður niður (!!!) 1938.

Í þriðja lagi: Inn í KFÍ, sem var stofnaður af vinstra armi Alþýðuflokksins og byltingarsinnuðum einstaklingum, drógust sósíaldemókratískar hugmyndir frá Alþýðuflokknum. Aldrei voru gerð endanleg pólítísk né hugmyndafræðileg uppgjör við arfleifðina frá Alþýðuflokknum.

Björn Grímsson var á Akureyri, þegar innanflokksstéttabaráttan var sem hörðust, en átökin urðu mest í Reykjavíkurdeild KFÍ. Hann var því ekki sjálfur með miðsvæðis í baráttunni en tók alltaf rétta afstöðu með Hjaltamönnum:

"Ég var þá kominn út úr baráttunni, af því að ég fór úr Verkalýðsfélaginu og vann í Pöntunarfélagi Verkalýðsins og allur minn kraftur fór í það. Þetta (stéttabaráttan innan flokksins ath. GS) var orðið það mikið mál, að það varð að senda félaga út til Kominterns til að fá úr því skorið hvor hefði rétt fyrir sér, Hjalti Árnason eða Einar Olgeirsson. Hjaltamenn voru á tímabili sterkari en Einarsmenn og kom hann einu sinni norður á Akureyri og einnig Áki Jakobsson til að færa út línu sína en enginn kom frá Einarsmönnum. En þetta snérist við og Einarsmenn náðu yfirtökunum og samfylkingarpólitíkin sigraði.

Að niðurlagningu Kommúnistaflokks Íslands var fyrst og fremst farið að vinna í Reykjavík. Þá var almenn kommúnistagrýla og hræðsla við bolsévíka og tækifærissinnarnir töldu, að nafn flokksins hræddi fólk frá og væri til trafala við að "fjölga" flokksmönnum. Þeir lögðu til, að flokkurinn yrði lagður niður en í staðinn yrði tekið upp nafnið Sameiningarflokkur Alþýðu -Sósíalistaflokkurinn. Þetta skref þýddi, að það var ver unnið. Fjöldinn allur var óánægður. Ég man eftir því, að einn félagi sagði á fundi löngu seinna, þegar verið var að leggja Sósíalistaflokkinn niður og stofna Alþýðubandalagið, að: Það er ekkert að sjá eftir Sósíalistaflokknum, en slæmt var að sjá eftir KFÍ."

Í dag hafa Kommúnistasamtökin marxistarnir-lenínistarnir tekið aftur upp fána kommúnismans, þar sem kommúnistarnir í KFÍ féllu frá og stefna ótrautt fram á við að myndun nýs kommúnistaflokks. Björn lítur björtum augum á framtíðina, því hann veit, að sósíalisminn mun sigra yfir hinu sögulega úrelta og rotnuðu hagkerfi auðvaldsins:

"Ég held, að það verði það sama - KSML og KFÍ. Þrátt fyrir að það séu breyttir tímar eru vinnubrögðin þau sömu. Sósíalisminn er það eina sem getur unnið sigur yfir þeim ójöfnuði og misrétti, sem vinnandi lýður er beittur af auðvaldinu. Slíkt getur aðeins gerzt með byltingu, þar sem verkalýðurinn tekur atvinnutækin í sínar hendur, þau eru hvort sem er öll sömul vinnandi manna verk.
Um ástandið í dag vil ég nota orð Þorsteins Erlingssonar, þegar hann segir:

> Þá skaltu ekki að eilífu efast um það
> að aftur mun þar verða haldið af stað
> unz brautin er brotin til enda.
> (Úr Brautinni)

KSML hafa aftur tekið upp merki kommúnismans og ætla að brjóta brautina til enda."

GS.

KSML HYLLIR MINNINGU FÉLAGA STALÍNS

6. mars fyrir 20 árum síðan lézt félagi Stalín. Í andaslitrunum benti hann áminnandi með vísifingri á þá flokksfélaga, sem nærstaddir voru. Fyrir okkur kommúnista í dag, þýðir þessi síðasta hreyfing Stalíns áskorun um að halda baráttunni gegn stéttaróvininum áfram á óvæginn hátt, en falla ekki fyrir stéttasamvinnupólitík. Með það í huga, að Stalín fórnaði allri ævi sinni í baráttunni fyrir málstað öreiganna, er þessi skilningur mjög eðlilegur. Í baráttunni fyrir sósíalismanum á Íslandi í dag er nafn KSML samantengt nafni Stalíns. Við og kapítalistarnir vitum vel, að þegar verkalýðurinn fer þær brautir, sem Stalín grundvallaði, er hálfur sigur unninn. Það er ekkert sem borgararnir óttast meira en að íslenzkir verkamenn staðfesti þetta. Borgararnir keppast því við að kasta rýrð á nafn Stalíns með allskonar uppspuna og rangtúlkunum. Ástæðan er ofur einföld: Það er auðvelt, eins og ástandið er í dag, að kljúfa verkalýðinn á spurningunni um Stalín. Allar árásir á Stalín eru um leið árásir á KSML pólitík þá, sem KSML rekur, skipulag KSML og starfsstíl. En borgaralegur áróður veikir okkur ekki, þvert á móti tvíeflumst við og **höldum merki Stalíns stoltir á lofti.**



Stalín - baráttumaður fyrir sósíalisma

Sósíalíska uppbyggingin í Ráðstjórnarríkjunum var leidd af Stalín svo lengi, sem hans naut við. Þetta var tímabil harðrar stéttabaráttu. Á mörgum stöðum í Ráðstjórnarríkjunum var borgarastéttin skipulögð til baráttu gegn sósíalismanum. Í baráttunni gegn þessum skemmdarverkamönnum kom oft til vopnaviðskipta og margir verkamenn og kommúnistar létu lífið fyrir sósíalismann. Borgararnir misstu aldrei vonina um að geta náð framleiðslutækjunum aftur á sitt vald, en öreigunum undir forystu Stalíns tókst að gera allar þær áætlanir þar að lútandi að engu. Þess vegna er hatur borgaranna á Stalín ósköp skiljanlegt.

Þegar þýzku nasistarnir réðust inn í Ráðstjórnarríkin, sáu borgaralegu öflin sér leik á borði, og margir svikarar stilltu sér upp við hlið þjóðverjanna. Af sömu grimmd og þjóðverjarnir, vinir þeirra, tóku þessir gagnbyltingarmenn þátt í fjöldamorðum á kommúnistum og verkamönnum Rússlands. En þegar hinir sigursælu herir Ráðstjórnarríkjanna ráku nasistana á flótta, fengu þessir herrar að borga með lífi sínu fyrir svik sín.

Stalín - leiðtogi fyrir baráttu verkalýðsins

Á sama óvægna hátt sem Stalín barðist gegn stéttféndunum undir merki sósíalismans, þannig barðist hann fyrir sósíalísku byltingunni á löglegan og ólöglegan hátt í Rússlandi Sarsins. Það var sem verkfallsleiðtogi og pólitískur skipuleggjandi sem hann fékk nafnið Stalín - en það þýðir á rússnesku: stálmaðurinn. Verkalýðurinn leit upp til hans sem leiðtoga í baráttu sinni fyrir frelsi. Hin óvenjulega skipulagsgáfa hans og sterk stéttarvitund þróaði baráttu verkalýðsins áfram og færði inn á brautir sósíalismans.

Í Stalín sáu borgararnir hræðilegan óvin, og fangelsuðu hann og sendu til Síberíu ekki sjaldnar en 6 sinnum. En Stalín strauk jafnharðan aftur og skipaði sér í eldlínuna í baráttunni fyrir málsstað verkalýðsins.

Stalín lifir

Þrátt fyrir allar tilraunir sósíalfasistanna í Kreml til að sverta Stalín á allan máta, heldur verkalýður Ráðstjórnarríkjanna minningu hans enn á lofti. Fréttamenn frá bandaríska blaðinu Newsweek sem voru á ferð í Sovétríkjunum nýlega, furðuðu sig mikið á því að rússneskt verkafólk, sem þeir ræddu við, minntust Stalíns sem mikilhæfs leiðtoga, og voru á einu máli um, að það sem Sovétríkin þörfnuðust mest, væri sterkur leiðtogi, sem leitt gæti baráttuna gegn borgaralegum áhrifum.

Fréttamennirnir urðu enn meira hissa á kvikmyndasýningu, sem þeir fóru á, þegar allir viðstaddir stóðu upp og klöppuðu, þegar Stalín **birtist á hvíta tjaldinu. Þeir settust þegar í stað niður við ritvélar sínar og skrifuðu grein, sem birtist í Newsweek undir titlinum "A Stalin Come Back in the USSR".** Í þessari grein furða blaðamennirnir sig á því, að rússneskur verkalýður skuli hafa gleymt hvers konar harðstjóri Stalín hafi verið. En rússneskir verkamenn vita, að harðstjórn alræðis öreiganna undir leiðsögn Stalíns bitnaði aðeins á stéttaróvininum, borgarastéttinni, og það harma þeir ekki.

Rússneskur verkalýður er meðvitaður um hvers konar menn sitja í æðstu stöðum, að það er ekki alræði öreiganna lengur. Gagnbyltingaröflin hafa sigrað í Sovétríkjunum, en sósíalisminn hefur aðeins beðið ósigur um stundarsakir. Vaxandi skilningur rússneskra öreiga á eðli sósíalheimsvaldastefnunnar hefur orðið þess valdandi, að stofnaðar hafa verið marxískar - lenínískar neðanjarðarhreyfingar í Rússlandi, og undir forystu verkalýðsins mun sósíalisminn sigra á ný, og haldið verður áfram á þeirri braut, sem Stalín markaði.

Að lokum ....

Allt líf Stalíns var samtvinnað baráttu verkalýðsins fyrir sósíalisma og afnámi arðráns og launaþrælkunar. Hann túlkaði hina sönnu stefnu öreiganna í fræðilegum efnum, í sínum lífsháttum og öllu starfi. Á 20 ára dánarafmæli Stalíns minnumst við hans og þróum áfram hinn kommúníska starfsstíl KSML.

Stalín er látinn - en stefna sú er hann hélt á lofti og barðist fyrir, lifir í stefnu allra sannra kommúnista.

AFSTAÐA KSML... framhald af baksíðu

Það er ekki eingöngu dægurbarátta sem heyja skal- baráttan um völdin er mikilvægari hlið baráttu verkalýðsins gegn síauknu arðráni.

KSML hafa þá afstöðu til flokks verkalýðsins að hann sé framvarðarsveit stéttarinnar, og sem slíkur færir hann ávallt fram raunverulega hagsmuni hennar.

KSML mun á 1. mai ganga undir kommúnískum vígorðum, líkt og kommúnistaflokkur gerir - við göfum enga hagsmuni af því að fela markmið okkar fyrir verkalýðnum.

KSML mun ekki ganga undir "dularfullum" slagorðum um ríkisvaldið líkt og smáborgararnir gera. Við höfum aldrei bundið vonir við þingræðislegu leiðina sem leið verkalýðsins til valda.

KSML mun ekki ganga undir kröfum smáborgaranna um skipulagt auðvald.

KSML mun ekki ganga undir slagorðum um að hlutverk verkalýðsins sé eingöngu að berjast varnarbaráttu fyrir krónu til eða frá.

KSML hvetur verkalýðinn til að sækja fram - fram til sósíalísku byltingarinnar.

KSML mun ekki taka þátt í að fylkja verkalýðnum undir smáborgaralegar kröfur.

KSML stefnir að því að sameina verkalýðinn og sósíalismann.

Vígorð KSML á 1. maí eru:

STÉTT GEGN STÉTT
NIÐUR MEÐ HEIMSVALDASTEFNUNA
LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA
LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN OG HUGSUN MAO TSE TUNG

Námshringur KSML á veggspjaldi !

KSML hafa gert veggspjald um grundvallar námshringinn, sem var einnig opnan í 3. tbl. 1972. Veggspjaldið er til sölu hjá KSML Skólastræti 3b Rvk. Þeir úti á landi, sem óska eftir að fá veggspjaldið skrifi til KSML P. box 1357 Rvk. Verð kr. 30,-.

Námshringur KSML

1. fundur: Kommúnistaávarpið. (Marx/Engels Úrvalsrit I, bls. 26-53).
2. fundur: Hin díalektíska og sögulega efnishyggja. (J. V. Stalín, bæklingur KSML).
3. fundur: Um starfið og Hvaðan koma réttar hugmyndir. (Maó Tsetung Ritgerðir I, bls. 9-29 og Ritgerðir III).
4. fundur: Pólitíska hagfræðin I. (Laun, verð og gróði e. Marx í Marx/Engels Úrvalsrit, bls. 156-201).
5. fundur: Pólitíska hagfræðin II. (Heimsvaldastefnan e. Lenín, valdir kaflar, Marx/Engels Úrvalsrit bls. 113-117 og valdar greinar úr Stéttabaráttunni).
6. fundur: Um ríkið. (Ríki og bylting e. Lenín, bls. 7-27, 45-71).
7. fundur: Ástandið í heiminum í dag. (Valdar greinar úr Rauða Fánanum og Stéttabaráttunni).
8. fundur: Um flokkinn. (Kaflinn Um flokkinn í Lenínismanum e. Stalín og síðasti kafli Sögu Ráðstjórnarríkjanna (B), væntanlegur bæklingur KSML).
9. fundur: Þróun auðvaldsins og verkalýðsstéttarinnar á Íslandi og stefnumál KSML. (Kaflar úr Rauða Fánanum).

Hafið samband við sölumenn Stéttabaráttunnar eða KSML, Skólastræti 3 B (kl. 5-7 á föstudögum) eða skrifið: KSML, Pósthólf 1357, Rvk.

VERKAMENN! REISUM MERKIÐ AFTU

"Til þess að koma byltingu verkalýðsins í framkvæmd, festa hana í sessi og leiða hana að markinu, verður verkalýðurinn að eiga pólitískan flokk, sem veit hvað hann vill, er einhuga og hæfur til að hafa forystuna á hendi. Fullnaðarsigur er óhugsandi, nema slíkur flokkur sé til og allur þorri verkalýðsins hafi þann skilning á hlutverki stéttar sinnar, að hann fylgi þessum flokki." (BARÁTTUSTEFNUSKRÁ KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS, 1930, úr Inngangsorðum.)

1. Inngangur

Nú í dag, á tímum dýpkandi kreppu, innanlands sem utan, skerpast stéttaandstæður auðvaldsþjóðfélagsins að miklum mun og átökin milli tveggja höfuðstéttanna, verkalýðsins og auðvaldsins, verða æ umfangsmeiri og harðari; eðli þjóðskipulagsins kemur æ berar í ljós og hin ráðandi stétt sýnir sitt sanna andlit og nýtir valda- og kúgunaraðstöðu sína til hins ýtrasta. Hin sjálfsprottna og fálmandi barátta verkalýðsins þróast yfir í meðvitaða, skipulagða baráttu gegn auðvaldinu og þjóðskipulagi þess, fyrir nýju þjóðskipulagi - sósíalismanum, alræði öreiganna. Hvarvetna tekur kúgaður verkalýður að skipuleggja sig á stéttargrundvelli og byggir upp eigin brjóstfylkingu og skipulagsmiðstöð í stéttabaráttunni: kommúnistaflokk.

Tilurð Kommúnistasamtakanna m-l er engin tilviljun eða sending úr skýjum ofan. Kommúnistasamtökin verða til við ákveðnar efnahagslegar og pólitískar aðstæður í þróunarsögu íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins, við þær aðstæður, þegar stéttabaráttan harðnar í þjóðfélaginu og nauðsynin á eigin samtökum verkalýðsins er algjörlega óhjákvæmileg.

Lærum af reynslunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar!, segjum við og vísum á leiðina, sem er brýnasta verkefni íslenzkrar verkalýðsstéttar í dag. Lærum af reynslunni, þ.e. nemum jafnt alþjóðlega reynslu verkamanna sem reynslu íslenzks verkafólks, nemum marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs, rannsökum sögu stéttabaráttunnar og gerum okkur grein fyrir baráttu verkalýðsins, skiljum að sigrana og mistökin og lærum af hvorutveggja. Á þann hátt einan getum við vaxið í baráttunni og ætíð þróast fram á við, fram á við til sigurs öreigastéttarinnar - sósíalísku byltingarinnar og uppbyggingar alræðis öreiganna.

Í eftirfarandi myndum og máli verða raktir helztu drættir og mikilvægir atburðir í sögu íslenzkrar stéttabaráttu í auðvaldsþjóðfélaginu, frá fyrstu átökum verkamanna við stéttarandstæðing sinn og skipulagningu þeirra í verkalýðsfélög allt fram til dagsins í dag, er KSML eru komin fram á svið stéttabaráttunnar og berjast fyrir sameiningu verkalýðsstéttarinnar á byltingargrundvelli.

Að sjálfsögðu er stiklað á stóru í þessari myndagrein og ekki alls staðar komið við, en aftur á móti er leitast við að varpa ljósi á höfuðinntak þróunarinnar, þ.e. pólitíkina og hina ömurlegu hignunarleið forystusveitar öreiganna, sem hefst um miðjan 4. áratuginn og hefur staðið óslitið þar til nú fyrir tveim árum, er fyrstu kommúnísku námshóparnir fóru af stað og lögðu grundvöllinn fyrir KSML. Eðlilega er staldrað mest við það tímabil, sem Kommúnistaflokkur Íslands (KFÍ) er starfandi, því á þeim tíma, tíma hörðustu stéttaátaka í sögu íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins er um að ræða dýrmætustu reynslu öreigastéttarinnar á öllum sviðum, og til þess tíma er einnig að leita upphafs og forsendu tækifærisstefnunnar og stéttasamvinnupólitíkurinnar, sem tókst að festa rætur og ríkja yfir verkalýðnum í áratugi.

2. Upphafið





"Öreigalýðurinn lifir margvísleg þroskaskeið. Barátta hans við borgarastéttina hefst á þeirri stundu, er hann verður til." (Marx/Engels, Kommúnistaávarpið.)

Fyrstu verkalýðsfélögin.

Það er undir lok síðustu aldar, sem fyrstu hagsmunasamtök íslenzkra öreiga eru stofnuð og fyrstu skrefin stigin í átt til skipulagningar verkamanna í eigin félög og samtök í baráttunni við hina nýfæddu íslenzku borgara, sem standa í harðri og æ sigursælli baráttu við danska auðvaldið á þessum tíma fyrir afnámi nýlenduoksins, til þess að þeir geti vaxið og þróast sjálfstætt og setið einir að arðráninu á íslenzku öreigunum.

Fyrstu skipulagslegu samtök verkamanna, sem um er vitað, er Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar, sem starfaði á árunum 1894-1897, starfrækti pöntunarfélag og setti sér þessi þrjú höfuðverkefni að vinna að: 1. Baráttan gegn skuldaþrælkun. 2. Baráttan fyrir 10 stunda vinnudegi. 3. Baráttan fyrir hækkuðu dagkaupi. Félaginu varð ágengt í öllum þessum málum. Um þetta leyti var vinnutíminn 12-16 stundir á dag og dagkaup 2 kr. í úttekt, hversu lengi sem unnið var. Félaginu tókst að fá 10 stunda vinnudag viðurkenndan og hækkað dagkaup.

Í nóvember 1894 er Báran, sjómannafélag, stofnað í Reykjavík og 1897 er stofnað Verkamannafélag Seyðisfjarðar, en í því voru allir starfandi verkamenn á staðnum.

Upp úr þessu fer fjölgandi verkalýðsfélögunum um allt land.

Efling borgarastéttarinnar.

Árið 1904 fær Ísland stjórn sérmála sinna og eigin ráðherra, landshöfðingjatímabilinu er lokið.

"Á landshöfðingjatímabilinu urðu talsverðar breytingar. Verzlunin færðist inn í landið. Í byrjun tímabilsins voru starfandi tvær félagsverzlanir, önnur við Eyjafjörð, hin við Húnaflóa. Fyrsta kaupfélagið, Kaupfélag Þingeyinga var stofnað 1882. Um aldamót voru flestar verzlanir í landinu komnar í eigu Íslendinga sjálfra. Landsbanki Íslands var stofnaður 1885. Við það efldust atvinnuvegir landsmanna, einkum sjávarútvegur. Þá hefst blómatími skútualdarinnar. .... Félagsleg og stéttarleg þróun eykst. Fyrstu verkamanna-, sjómanna- og iðnaðarmannafélög eru stofnuð. Sósíalisminn berst til landsins, einkum með skáldum, menntamönnum og iðnaðarmönnum." (Ár og dagar, bls. 47.)

Fyrsta verkfallið.

Árið 1904 er háð fyrsta verkfall á Íslandi. Er það í brúargerð við Jökulsá í Axarfirði, þar sem vinna verkamenn að norðan og sunnan, en þeir gera uppreisn gegn yfirgangi og ruddaskap aðstoðarverkstjórans og lélegum vinnuskilyrðum. Verkamennirnir neituðu að vinna með aðstoðarverkstjóranum, lögðu niður vinnu og þeir unnu sigur, aðstoðarverkstjórinn var látinn fara úr starfinu.

Þetta sama ár kemur fyrsti botnvörpungurinn til landsins í eigu útgerðarfélagsins Fiskveiðahlutafélag Faxaflóa.

1906 er verkamannafélagið Dagsbrún stofnað í Reykjavík. Sama ár hefur Alþýðublaðið göngu sína - verkamenn byrja að setja fram hugmyndir sínar um stéttskiptingu þjóðfélagsins og kúgun á verkafólki.

Hafnarverkfallið.

1913 kemur til harðra átaka við nýbyrjaðar hafnarframkvæmdir í Reykjavík. Þar er um að ræða mikla baráttu og mótmæli af hálfu verkamanna gegn dönskum verktaka, sem vildi lengja vinnutímann án þess að hækka kaupið. Var farið í verkfall og settar fram kröfur um 10 stunda vinnudag og sérstakt eftirvinnu- og helgidagakaup. Verkamenn störfuðu vel meðan á verkfallinu stóð að því að reka áróður fyrir málstað sínum, gáfu út flugrit, og nutu stuðnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þessu langa og stranga verkfalli, sem stóð í tvo mánuði, lauk með algjörum sigri verkamannanna - gengið var að öllum kröfum þeirra.

Þetta sama ár hefur Verkamannafélagið Dagsbrún útgáfu eigins blaðs - Verkmannablaðsins.

Fyrsta jafnaðarmannafélagið.

Fyrsta jafnaðarmannafélagið á Íslandi er stofnað á Akureyri 1915 að frumkvæði Ólafs Friðrikssonar, sem er þá nýkominn erlendis frá og er eldheitur boðberi jafnaðarstefnunnar ("socialismen"). Hann semur stefnuskrá fyrir íslenzka jafnaðarmenn, þar sem vitnað er í Karl Marx og lýst yfir vilja til að afnema stéttaskiptingu, fátækt o.s.frv., en áformum þessum á að koma í gegn með að "neyta allra löglegra aðferða, og þó fyrst efla þekkingu almennings í þjóðfélagsfræði, hafa áhrif á löggjafarvald og stjórn, og efla samvinnufélagsskap." (Úr stefnuskránni.) Einnig hefja jafnaðarmenn blaðaútgáfu - Dagsbrún.

Alþýðusamband Íslands stofnað 1916.

Árið 1916 hefur verkalýðshreyfingin vaxið það mikið og er orðin það sterk, að hún er að fær um að mynda landssamband (áður hafði verið gerð tilraun til þess að stofna Verkamannasamband Íslands 1907, sem fór út um þúfur). Að stofnun þessara heildarsamtaka verkalýðsins standa sjö verkalýðsfélög. Á stofnþingi er kosin stjórn og lagt fram frumvarp að lögum sambandsins, en fyrsta reglulega sambandsþing er haldið í nóvember 1916 og þar samþykkt lög og stefnuskrá ASÍ, þar sem lögð er áherzla á, að verkamenn kjósi fulltrúa sambandsins í kosningum í bæjum, sveitum og fyrir landið allt (og þá heitir sambandið: Alþýðuflokkurinn), enda ekki þá um neinn stjórnmálaflokk verkalýðsins að ræða.



Ottó N. Þorláksson. Aðalhvatamaður stofnunar fyrsta Báru-félagsins, fyrsti forseti ASÍ 1916, síðar meðlimur í KFÍ. Einn brautryðjandi verkalýðsstéttarinnar á upphafstímum skipulagningar hennar í verkalýðsfélög og samtök.

Úr þessu fara verkamenn meira að láta að sér kveða í opinberu stjórnmálalífi, byrja að færa út sína eigin pólitík, taka þátt í framboði við kosningar o.s.frv., og við bæjarstjórakosningar í Reykjavík 1916 fær verkamannalistinn 3 menn kjörna af 5, sem kjósa skyldi.

Hásetaverkfallið.

Hásetaverkfallið í byrjun maí 1916 er fyrsta stórfellda vinnustöðvun, sem um ræðir, þegar hásetar í Hásetafélagi Reykjavíkur, sem vinna á botnvörpungum, fara í verkfall vegna samningsbrota útgerðarmanna og neitun þeirra á að viðurkenna Hásetafélagið sem samningsaðila sjómanna. Kröfur háseta voru um ákveðin lágmarkstaxta og eignarrétt á fisklifrinni. Verkfallið var hart og víðtækt, skipulagt var verkfallslið háseta til að hindra brottför togara úr höfn og verkfallsmenn gengu hópum saman um götur bæjarins. Verkfallinu lauk með hækkun verðs á lifrinni fyrir hásetana, en ekki náðust samningar um eignarréttinn á lifrinni. Verkfallið var prófsteinn á samtakamátt öreiganna og sýndi ótvírætt, að verkamennirnir hafa valdið standi þeir sameinaðir í baráttunni.

Ísland sjálfstætt ríki.

Baráttu íslenzku borgaranna við dönsku nýlenduherrana lýkur með sigri hinna fyrrnefndu - Ísland verður frjálst og fullvalda ríki 1918, en það inniber, að landið er ekki lengur nýlenda, heldur fá nú íslenzku borgararnir öll völd í landinu í sínar hendur og hafa fullt frelsi til að arðræna og kúga íslenzkan verkalýð.



1917.

Öreigar Rússlands rísa upp gegn kúgurum sínum og gera þeim skil í sósíalískri valdbyltingu undir leiðsögn bolsevíka. Fyrsta sósíalíska ríki heims rís úr rústum kapítalismans.

Vökulögin.

Vökulögin, sem voru lögfest 1921, voru mikill sigur fyrir verkalýðssamtökin á þessum tíma. Þá ná sjómenn því í gegn eftir mikla baráttu, að lögfestur er hvíldartími þeirra á togurum, en áður hafði verið um ofsalegan þrældóm hásetanna að ræða og mikla kúgun, þar sem þeir voru látnir vinna hvíldarlaust allt upp í 60-70 klukkutíma samfleytt.

Hvíta stríðið 1921.

Hvíta stríðið er um það, þegar Ólafur Friðriksson lendir í átökum við yfirvöld út af litlum rússneskum dreng með augnsjúkdóm, sem hann hafði tekið að sér (faðir hans, bolsevíki, var myrtur af hvítliðum í Sovétríkjunum), og gífurleg átök eiga sér stað milli lögreglu Reykjavíkur og hvítliðs hennar (herútboð gert í Reykjavík) annars vegar og fjölda verkamanna, sem studdu Ólaf, hins vegar. Mikil slagsmál áttu sér stað í Suðurgötu við hús Ólafs, þar sem lögregla og lið hennar, búið bareflum og skotvopnum, réðist til atlögu gegn húsinu að Suðurgötu 14 og náði drengnum í annarri atrennu. Þetta er í fyrsta sinn, sem vopnaðri lögreglu er beitt skipulega gegn verkamönnum og að herútboð er gert og þeim hótað refsingu að landslögum, sem ekki hlýði útboðinu.

Hér verður ekki rakin lýsing á atburðum þessum og aðdraganda (aðgengilegt í "Hvíta stríðið" eftir Hendrik Ottósson, Ár og dagar, Öldin okkar o.s.frv.), aðeins drepið á nokkur atriði úr baráttunni sjálfri og þær afleiðingar, sem hann hafði í stéttabaráttunni.

Í fyrri atlögunni að húsinu, 18. nóv., smalaði lögreglan saman mönnum sér til aðstoðar: "...fleiri menn hefðu verið boðaðir en hinir reglulegu lögreglumenn. Voru það sjálfboðaliðar úr svonefndu "Skotfélagi Reykjavíkur" og úr Slökkviliði Reykjavíkur. Í skotfélaginu voru meðal annarra menn, sem kunnir voru að fjandskap við verkalýðshreyfinguna, höfðum við illan bifur á þeim. Þessir aðstoðarmenn voru vopnaðir kylfum,..." (Hvíta stríðið, bls. 35).

Ólafsmenn höfðu haft viðbúnað og safnað liði meðal verkamanna og róttækra stúdenta. Ekki tókst lögreglunni að ná drengnum í þetta skiptið, en mikil átök áttu sér stað og margir slösuðust. Síðan stofna verkamenn varðlið, sem er til varnar við og í húsinu dag og nótt og frekari átök undirbúin. Þá láta yfirvöld gera herútboð, afsetja lögreglustjóra og ráða Jóhann P. Jónsson, skipherra á Þór í hans stað. Höfuðstöðvar hvítliðsins er Iðnaðarmannahúsið og sjúkrahús í Góðtemplarahúsinu. Liðið er



Ólafur Friðriksson.

Rússneski drengurinn.





Miðvikudagurinn 23. nóvember 1921 e.h. Fangar leiddir út úr húsinu að Suðurgötu 14. Lögreglan og herlið hennar (einkennt með hvítum bindum um handlegg) leiða Ólafsmenn í handjárnum upp á Skólavörðustíg til fangelsisvistar.

UR : BYGGJUM KOMMÚNISTAFLOKK!

vopnað kylfum og byssum (aðallega remington-rifflum) og þjálfað til stríðs.
Um þetta leyti lætur ASÍ undan hótunum ríkisstjórnarinnar, víkur Ólafi Friðrikssyni frá ritstjórn Alþýðublaðsins og lýsir yfir, að málið komi sér ekki við. Einnig gengur ASÍ-stjórnin hart að verkamönnum að veita Ólafi ekki lið og taka afstöðu með yfirvöldum í þessu máli og beitt er hótunum um atvinnumissi.

Síðari atlagan er gerð 23. nóvember og er þá þrammað með 400-500 manna vopnað herlið að Suðurgötunni (þeir sem bezt hlýddu útboðinu og höfðu sig mest í frammi voru skátar og íþróttamenn, sjá Hvíta stríðið), þar sem lítið verður um varnir og allir í húsinu handteknir og handjárnaðir og fluttir á Skólavörðustíginn.

Flestum var fljótlega sleppt, en Hendrik Ottóssyni og Ólafi Friðrikssyni haldið í nokkra daga. Um þetta leyti er stofnað Áhugalið alþýðunnar, er skyldi verða vísir að vinstra armi innan verkalýðshreyfingarinnar. Síðan eru haldnar vitnaleiðslur og kveðnir upp dómar, sem ríkisstjórn áfrýjar til Hæstaréttar....

Atburðir eins og Hvíta stríðið sýna okkur, að þegar á þessum árum hefur hlaðist upp byltingarsinnaður kraftur meðal öreigastéttarinnar, sem leitar hvaða tækifæris, sem gefst, til að kasta sér yfir borgarastéttina. Nema hvað þá var ekki til neitt afl, sem gat skipulagt og samræmt - stjórnað þessum sjálfsprottnu hreyfingum öreigalýðsins. En þessir atburðir höfðu mikil áhrif, skerptu stéttabaráttuna og juku róttækni meðal fjöldans ; Áhugaliðið nær undirtökunum í Jafnaðarmannafélaginu í janúar ´22 og baráttan innan Alþýðuflokksins harðnar, vinstri vængurinn tekur að skipuleggja sig. 23. nóvember 1922 er svo stofnað "Félag ungra kommúnista" (FUK), fyrsta stjórnmálafélag meðal æskufólks á Íslandi (málgagn þess er Rauði Fáninn), fleiri félög rísa upp um landið og ´25 er stofnað samband þeirra: Samband ungra kommúnista (SUK).

Jafnframt því sem deilurnar innan Alþýðuflokksins hörðnuðu verður mikill ágreiningur innan vinstra arms hans, mikil barátta á sér stað á þingi ASÍ ´26 og á þinginu ´28 rofnar eining vinstra armsins, en línurnar skýrast árið 1930, þegar full slit verða með sósíaldemókrötum og kommúnistum.

Fyrsta kröfuganga verkafólks á Íslandi 1. maí 1923. **Fram til þessa höfðu verið haldnar innisamkomur í Reykjavík 1. maí og 7. nóv., en að tillögu Hendriks Ottóssonar í Jafnaðarmannafélagi Reykjavíkur er þessi fyrsta kröfuganga farin, sem heppnast mjög vel í alla staði og skapar stéttareiningu. Kröfurnar voru m.a. : Framleiðslutækin þjóðareign! Atvinnubætur gegn atvinnuleysi! Engan réttindamissi vegna fátæktar! Engar kjallarakompur! Rannsókn á Íslandsbanka!**

...Verkalýðsstéttin heldur áfram að vaxa að styrk og þroska. Verkalýðsfélögunum fjölgar og árekstrar verkalýðs og auðvalds verða æ tíðari og harðari (Blöndahlslagurinn ´23, þegar lögregla ræðst á sjómenn, ´24 rithöfundur sviptur styrk vegna pólitískra skoðana sinna (Þórbergur Þórðarson), ´26 Kolaverkfallið í Vestmannaeyjum, ´28 verkalýðsfélagi á Vestfjörðum boðnar mútur af borgurum, ef það gangi ekki í A.S.Í. o.s.frv.).

Baráttan innan ASÍ ´26.

Árið 1926 er stofnað Jafnaðarmannafélagið Sparta undir forystu Brynjólfs Bjarnasonar (sem er þá nýkominn frá námi í Þýzkalandi og gerist aðalleiðtogi vinstri arms Alþýðuflokksins), sem segir hægri krötum flokksins stríð á hendur og setur fram stefnu um baráttu fyrir verkalýðssambandi óháðu stjórnmálaflokkum (það, að ASÍ og Alþýðuflokkurinn var eitt, var orðin hindrun fyrir þróun og baráttu verkalýðsins). Sparta sækir um upptöku í ASÍ á þingi þess ´26, en er neitað af valdamönnum Alþýðuflokksins, sem óttast nú átök á þessu þingi og vilja ekki fá Brynjólf og menn hans inn á þingið.

Á þessu þingi keyra hægri foringjarnir í gegn samþykkt um að ASÍ leiti upptöku í 2. Alþjóðasambandið, en þetta alþjóðasamband sósíaldemókrata hefur tapað geysilegum stuðningi verkamanna heimsins vegna svika þess við alþjóðahyggju öreiganna í heimsvaldastríðinu ´14-´18. Út af þessu máli rísa svo ofsalegar deilur, að nærri kemur til handalögmáls á þinginu. Helztu forsvarsmenn vinstri aflanna á þinginu eru Hendrik Ottósson og Ársæll Sigurðsson (þá ritari Verkamannafélagsins Dagsbrúnar).

VERKLÝÐSBLAÐIÐ
ÚTGEFANDI: JAFNAÐARMANNAFJELAGIÐ „SPARTA"
1. árg. Reykjavík 4. ágúst 1930 1. tbl.
Saga Krossanessverkfallsins
Merkisviðburður í sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar
Úrslit landkjörsins
A hverju grundvallast sigur Framsóknar?

1. tbl. 1. árgangs Verklýðsblaðsins 4. ágúst 1930. Útgefandi: Jafnaðarmannafélagið Sparta, síðan málgagn KFÍ.

"Alþýðusambandsþingið 1926 hefur talað ómyrku máli um það, sem verða vill í nánustu framtíð um stefnu Alþýðuflokksins. Framsóknarflokkurinn, sem átt hefur vaxandi áhrifum að fagna í Alþýðuflokknum, fær brátt aðstöðu til stjórnarmyndunar með stuðningi flokks míns (Alþýðuflokksins/ath.s. okkar). Og hefst nú tímabil vaxandi metorða og mannvirðinga í foringjaliði okkar. Þeir verða nú skyndilega háttsettir menn í þjóðfélaginu : bankaráðsmenn, bankastjórar o.þ.u.l. - Þeir verða hrókar alls fagnaðar í öllum hugsanlegum nefndum og fá nú hina langþráðu "aðstöðu" í opinberu lífi til að vinna að áhugamálunum." (Jón Rafnsson, Vor í Verum, bls. 59-60.)

Á þessum tíma kemur fram á sjónarsviðið Einar nokkur Olgeirsson, menntamaður nýkominn frá námi í Þýzkalandi, og gerist leiðandi maður í verkalýðssamtökum Akureyrar og tekur brátt við ritstjórn tímaritsins Réttar.

Heimskreppan - Baráttan harðnar - Undirbúningur stofnun kommúnistaflokks.

Undir lok 3. áratugsins skellur heimskreppan yfir auðvaldsheiminn.

"Eitthvers helzta og alkunnasta fyrirbrigði auðvaldsskipulagsins eru kreppurnar. Þær stafa af því, að í auðvaldsþjóðfélaginu eru allar afurðir framleiddar fyrir óákveðinn markað í gróðaskyni eingöngu, en ekki eftir fyrirfram áætluðum þörfum mannfélagsins til að fullnægja þurftum þess. Óhjákvæmileg afleiðing þessarar **stjórnlausu auðvaldsframleiðslu er "offram-**leiðslan", - þetta vitfirrta ástand, þegar lýðurinn verður að ganga atvinnulaus og svelta, af því að of mikið er til af öllu.

Nú hefur einhver ægilegasta kreppa gengið yfir allan auðvaldsheiminn. Aldrei hafa óseldar kornbirgðir auðhringanna verið eins miklar og nú. Aldrei eins mörgum verksmiðjum lokað í iðnaðarlöndunum. Aldrei eins mikið safnazt saman af offramleiddum afurðum. Aldrei eins mikið atvinnuleysi - yfir 17 milljónir í iðnaðarlöndum Evrópu og Ameríku. Aldrei eins margir soltið, klæðavana og húslausir.

Aðeins ein undantekning í heiminum. Ráðstjórnarríkin. Þar er auðvaldið afnumið. Þar ríkja ekki viðskiptalögmál þess lengur. Þar er allt í hinum hraðasta uppgangi, sem heimurinn hefur enn séð.

Eina vörnin gegn kreppunum er að afnema auðvaldsskipulagið með öllu því böli, er því fylgir." (Verklýðsblaðið 11.8.1930)

Hið óhemjumikla atvinnuleysi, skortur og neyð, sem fylgir kreppunni, leiðir að sjálfsögðu til þess, að stéttabaráttan harðnar gífurlega, og skoðun stéttvísasta hluta verkalýðsins um nauðsyn skipulagningar verkalýðsstéttarinnar á byltingargrundvelli til baráttu fyrir sósíalismanum vex jafnt og þétt fylgi.

Sem fyrr segir er það á haustþingi ASÍ 1930, sem endanlega upp úr slitnar með kommúnistum og sósíaldemókrötum og hinir fyrrnefndu undirrita yfirlýsingu um nauðsyn þess að stofna kommúnistaflokk.

3. KFÍ og stétta baráttan á 4. áratugnum

1930 - Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður.

Dagana 29. nóvember til 3. desember er Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður og stofnþingið sækja fulltrúar flokksins víðs vegar af landinu. Í "Ávarpi til íslenzkrar alþýðu frá Kommúnistaflokki Íslands" má ljóst sjá, hversu meðvitaðir stofnendur hans hafa verið um þýðingu flokksstofnunarinnar :

> "Með stofnun Kommúnistaflokks hefur íslenzkur verkalýður stigið örlagaríkasta og djarfasta sporið. - Einhver merkustu tímamót í sögu verkalýðshreyfingu hvers lands hafa jafnan verið, þegar verkalýðurinn hefur skapað sér kommúnistíska forystu í skipulagsbundnum flokki."

Og þróunarstig íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins skilgreina þeir sem síðasta stig auðvaldsins, stig heimsvaldastefnunnar :

> "Á Íslandi er auðvaldið komið inn á síðasta þróunarskeið sitt, skeið hringa og fjármálaauðvaldsins, skeið hins hnignandi, deyjandi auðvaldsskipulags."

Starf KFÍ.

Það er engum blöðum um það að fletta, að Kommúnistaflokkur Íslands er eina forystuaflið í hinni hörkulegu baráttu verkalýðsins á kreppuárunum og hann er leiðandi og skipuleggjandi í öllum aðgerðum öreiganna gegn fasískum ofsóknum og hungurárásum auðvaldsins.

"Til að skapa stéttareiningu verkalýðsins snýr Kommúnistaflokkurinn máli sínu til verkafólks í öllum stjórnmálaflokkum, allra verkamanna, hvort sem þeir eru skipulagðir í verkalýðsfélagi innan eða utan Alþýðusambandsins og hvort sem þeir eru í nokkru verkalýðsfélagi eða ekki. Það verður að skapa stéttareiningu, sem er við því búin að ganga á hólm við yfirstéttina og hina þrjá kreppuflokka hennar með ríkisvald og bæjarvöld í sínum höndum. Í sókn sinni og vörn fyrir hagsmunum vinnandi fólks verður þessi stéttareining að vera í stakk búin til að etja við hægri öfl með stjórn Alþýðusambandsins í sínum höndum." (Vor í verum, bls. 104.)

Atvinnuleysið á þessum tíma er gífurlegt og mynda atvinnuleysingjar með sér nefndir víðsvegar um landið, sem starfa mikið og vel, haldnir eru fjöldafundir, kröfugöngur o.s.frv. Einna hörðust er baráttan í Reykjavík og þar er óspart farið að beita lögreglunni gegn fundum og kröfugöngum atvinnuleysingjanna og þeir barðir með kylfum og þeir, sem fremst standa í baráttunni, fangelsaðir. Kom oft til mikilla átaka og hreinlega blóðugra slagsmála milli verkamanna og lögreglu, sem naut dyggilegrar aðstoðar hvítliðasveita.

LIFI KOMMÚNISMINN. LIFI III. INTERNATIONALE! Frá kröfugöngu kommúnista í Reykjavík í byrjun 4. áratugsins. (Nánari upplýsingar ókunnar, en yrðu vel þegnar, ef einhver lesandinn vissi deili á myndinni.)

Í stéttabaráttu þessara tíma kemur berlega í ljós, hvers eðlis afstaða og pólitík ASÍ/Alþýðuflokksins er, en það er ákveðin afstaða með borgurunum gegn skipulagningu og baráttu öreiganna, gegn samtökum þeirra og baráttuaðferðum.
Hvar sem kommúnistar eru í meirihluta í verkalýðsfélagi stofnar ASÍ klofningsfélag, sem er síðan tekið fyrirvaralaust upp í sambandið, en hinu sparkað.
Einnig beitir ASÍ sér sérstaklega gegn stéttvísum verkamönnum í verkföllum og kaupir við sig verkfallsbrjóta og hvítliða til að sundra og brjóta niður framsækna baráttu kommúnistanna. Þessi pólitík er sósíalfasismi!

Hér gefst að sjálfsögðu ekki rúm til að rekja hin mörgu og ströngu verkföll eða ýmsa merkilega atburði úr stéttabaráttunni á þessum áratug kreppunnar miklu. Nokkurra verður þó getið, en öðrum sleppt eins og t.d. Krossanesverkfallinu í Glerárþorpi sumarið ´30, Gullfossdeilunni í Vestmannaeyjum ´31, þar sem ASÍ fór gersamlega bak við verkafólkið og makkaði við auðvaldið gegn kröfum og baráttu verkafólksins, Sjómannadeilan í Vestmannaeyjum ´32 eða Kveldúlfsverkfallið þar sama ár og KEA-verkfallið á Akureyri.

Úr NÓVU-DEILUNNI á Akureyri 1933, einhverjum hörðustu stéttaátökum, sem sögur fara af. Verkamenn á Akureyri lýsa afgreiðslubanni á "Nóvu", sem kemur með tunnuefni í tunnuverksmiðju, þar sem fram á að fara atvinnubótavinna, en bæjarstjórnin hafði sett fram tilboð um kaup, er verkamenn töldu jafngilda 20% kauplækkun. Verkfallið stendur 11 daga, 11 langa og stranga baráttudaga, en því lyktar með algerum sigri verkamannanna, þrátt fyrir fasískar árásir og ofsóknir, stofnun klofningsfélags og útboð hvítliðasveitar.
"Með endalyktum Nóvudeilunnar fær íslenzkur verkalýður áþreifanlega sönnun fyrir því, að hann getur unnið kaupdeilu á krepputíma, með atvinnurekendur, bæjarvald, lögreglu og þrjá af fjórum stjórnmálaflokkum landsins á móti sér - og það í fullum fjandskap þeirra, er stjórna Alþýðusambandi Íslands - svo framarlega sem eining verkamanna ekki bilar og forystan ekki bregzt."
(Vor í verum, bls. 173-174, okkar undirstr.) Myndin er tekin 14. marz á Torfunefsbryggju, nokkrum tímum eftir að Nóva hefur lagzt að, og átökin eru hafin.



7. júlí ´32. Barátta atvinnuleysingjanna stendur sem hæst. Reykvískur verkalýður hefur safnazt saman fyrir utan fundarhús bæjarstjórnar Reykjavíkur, Templarahúsið, til að fylgja eftir kröfum sínum um atvinnubótavinnu í hinu gífurlega atvinnuleysi, sem þá ríkir. Verkamenn skjóta á skyndifundi fyrir utan húsið Þórshamar þar sem hvatt er til baráttueiningar verkafólks. Er fregnir berast um það, að borgarstjóri, Knud Zimsen, hafi sagt á fundinum, að möguleikar á atvinnubótavinnu séu engir, reynir mannfjöldinn að komast inn á fundarstaðinn og verður mikill þrýstingur við dyrnar, en lögreglan, vopnuð kylfum, ryðst þá fram og ber tryllt frá sér til beggja hliða.

Upphefjast þá harkaleg slagsmál milli lögreglunnar og mannfjöldans, sem hrópar: "Niður með bæjarstjórnina!", "Niður með blóðhundana!" Margir hljóta áverka í þessum bardaga og fjórir verkamenn eru barðir svo heiftúðlega með kylfum, að þeir hníga niður og einn þeirra lamast. Leikurinn berst niður að höfn og um bæinn, aftur verða handalögmál á Hverfisgötu og á Kalkofnsvegi halda svo kommúnistar fund um málið.

Árangur þessarar baráttu varð að 100 manns var heitið atvinnubótavinnu strax og loforð gefið um frekari úrbætur í næsta mánuði.
Nokkrir forystumenn KFÍ voru yfirheyrðir nokkrum vikum síðar, en neituðu allir að svara spurningum meðan "hneykslismál vissra forystumanna burgeisastéttarinnar væru ekki tekin til rannsóknar." Þeir voru þá úrskurðaðir í fangelsi upp á vatn og braut, en neituðu að borða brauðið og var síðan sleppt eftir fjögurra daga hungurverkföll vegna víðtækrar og voldugrar baráttu fyrir því, að þeir væru látnir lausir.

---

9. nóvember sama ár gerist svipaður atburður og 7. júlí, nema hvað í þetta sinn verða átökin miklu harðari og víðtækari og í lok bardagans hafa verkamenn bæinn algjörlega á valdi sínu.

Bæjarstjórn hefur boðað kauplækkun verkamanna í atvinnubótavinnu og á bæjarstjórnarfundi í Góðtemplarahúsinu þ. 9. nóv., þegar á að ræða atvinnuleysismálin, þyrpist að múgur og margmenni til þess að fylgjast með gangi máli og berjast gegn þessari hungurárás auðvaldsins á öreigana (menn fengu aðeins eina til þrjár vikur í atvinnubótavinnu á mánuði fyrir 6 kr. dagkaup). Bæjarstjórn ætlar að keyra í gegn á fundinum kauplækkunartillögu sína, en það fer á annan veg. Mannfjöldinn ryðst inn í húsið og lögreglunni er beitt gegn honum og brátt logar allt í slagsmálum, jafnt innan sem utan dyra. Góðtemplarahúsið er næstum lagt í rúst og lögreglan algjörlega yfirunnin og afvopnuð - verkamenn hafa bæinn fullkomlega á sínu valdi, en þar er látið við sitja!!

Kauplækkunarárásinni er hrundið, en þeirri spurningu er enn ósvarað, hvort verkalýðurinn hefði ekki þarna átt að taka völdin og tryggja sér þau, því það virðist þá aðeins vera formlegt atriði, þar sem hann hefur bæinn algerlega á sínu valdi.

Nokkrum dögum síðar hefjast hinar furðulegustu yfirheyrslur yfir forystumönnum verkamanna, þar sem kölluð voru fyrir all mörg ljúgvitni og uppdiktaðar ákærur og lýsingar. Dómar eru felldir 16. maí ´33 - sannkallaðir stéttardómar. Þeim er áfrýjað til Hæstaréttar, sem yfirleitt þyngir refsingar hinna ákærðu (allt upp í 6 mánaða fangelsi óskilorðsbundið). Mikil mótmælaalda reis gegn þessum dómum og mikil barátta háð fyrir sakaruppgjöf hinna dæmdu og lætur ríkisstjórnin undan 15. júlí og hinum dómfelldu veitt skilorðsbundin náðun.



Borðeyrardeilan vorið 1934 er eitt skýrasta dæmið um hina miklu stéttvísi íslenzks verkalýðs og sterku stéttarsamstöðu í hinni hörðu stéttabaráttu kreppuáranna.
Í stuttu máli er Borðeyrardeilan barátta verkalýðsins fyrir viðurkenningu á samtökum sínum og samningsrétti í kjarabaráttunni. Þá er nýstofnað verkalýðsfélag á Borðeyri við Hrútafjörð hunzað af kaupfélaginu að því leyti, að það neitar að skuldbinda sig til að láta félagsmenn sitja fyrir vinnu og reynir að kljúfa félagið. Verkamenn setja afgreiðslubanna á Lagarfoss, þegar hann kemur til Borðeyrar 7. maí, þar eð samningar hafa ekki tekizt, en kaupfélagsstjórn tekst að safna liði og láta afgreiða skipið í banni félagsins. Verkalýðsfélagið leitar nú til V.S.N. (Verkalýðssambands Norðurlands), þar sem kommúnistar eru í yfirgnæfandi meirihluta og stjórnin samþykkir að setja afgreiðslubann á Lagarfoss á Siglufirði, Akureyri, Húsavík og Siglufirði. Upp úr þessu hefjast nú hin mestu átök milli verkalýðs og borgara á hverjum staðnum á fætur öðrum. Lagarfoss fer til Siglufjarðar, en þar er afgreiðsla hindruð af verkamannafélaginu. Á Akureyri verða heiftarleg slagsmál milli verkfallsmanna og hvítliða og forystumenn verkfallsmanna handteknir, en sleppt fljótlega vegna magnaðrar ólgu verkafólks bæjarins. Nú ákveður stjórn V.S.N. að leggja afgreiðslubann á öll skip Eimskipafélagsins í höfnum norðanlands og baráttan magnast um helming. Lagarfoss reynir næst á Húsavík og síðan á Eskifirði, en árangurslaust á báðum stöðum. Næsti þáttur er koma Dettifoss til Akureyrar, þar sem mikill viðbúnaður er af beggja hálfu, verkamanna og borgara, en ASÍ tekur afstöðu gegn Verkalýðsfélaginu á Borðeyri og baráttu norðlenzks verkalýðs fyrir viðurkenningu þess. Borgararnir gera margítrekaðar tilraunir til að múta verkamönnum og láta þá berjast gegn verkfallsmönnunum, en þær mistakast. Þeim tekst þó að láta afgreiða Dettifoss með erfiðismunum á annarr bryggju utar í firðinum (Hoepfnersbryggju).

Á Siglufirði verður baráttan hörðust : "En bæjarfógetinn hafði látið ganga út herútboð, og voru lagðar við sektir, ef menn mættu ekki. Urðu svo hörð átök á Siglufirði, að slagurinn þar er einhver sá hatrammasti, sem háður hefur verið hér á landi. Óaldarlið bæjarfógetans og atvinnurekenda var vopnað gúmmíkylfum, íbenholtskylfum og trédrumbum, og nokkrir hvítliðar höfðu á sér skammbyssur; einnig hafði lið þetta viðað að sér grjóti, og hóf lögreglan grjótkast á verkfallsmenn. Auk þessara vopna notuðu hvítliðarnir hin vélknúnu slökkvitæki bæjarins. Beindu þeir vatnsbogum að verkfallsmönnum...Hvítliðarnir á Siglufirði beittu einstakri grimmd í þessum átökum,konur voru t.d. barðar með kylfum niður á bryggjuna og 4-5 hvítliðar réðust á einn verkamanninn og börðu hann í höfuðið með kylfum, unz hann hné niður löðrandi í blóði..."
(Jakob Árnason í Vinnunni ´46.)

Samningar takast 15. maí og gengið er að kröfum Verkalýðsfélags Borðeyrar og fullur sigur unninn. En þann sama dag er Verkamannafélagi Siglufjarðar sparkað úr ASÍ, nýtt stofnað í staðinn og tekið inn í ASÍ.



Guðmundur Skarphéðinsson, formaður Verkamannafélags Siglufjarðar.
Var hann myrtur???

Í júlímánuði árið 1932 verða harðvítugar deilur á Siglufirði milli verkamannafélagsins og stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem fer fram á, að verkamenn samþykki mikla kauplækkun og breytingar á vinnutíma.
Sveinn Benediktsson, stjórnarmeðlimur Síldarverksmiðjanna, beitir sér fyrir miklum árásum á verkamenn, en sér í lagi á Guðmund Skarphéðinsson og skrifar greinar í Morgunblaðið, sem eru sóðalegar, fasískar ofsóknir á hendur Guðmundi, fullar af lygum og hatri á verkamönnum og baráttu þeirra og með því froðuspýjandi orðbragði, sem borgurum er tamt, þegar þeir lýsa afstöðu sinni til verkalýðsins.

Sama dag, sem önnur níðgrein Sveins birtist í Morgunblaðinu, 29. júní, hverfur Guðmundur Skarphéðinsson og finnst ekki lík hans fyrr en 14. ágúst, en þá á floti við höfn Síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði og var ekki hægt að úrskurða, hvort dánarorsök væri drukknun eða hjartaslag.

Í millitíðinni hefur verkalýð Siglufjarðar tekizt að knýja fram fullt taxtakaup og Svein Benediktsson burt úr verksmiðjustjórninni.
Sveinn var síðan rekinn frá Siglufirði er hann kom þangað í einkaerindum síðast í júlí, af verkamönnum, sem komu honum út í varðskipið Óðinn - vildi almenningur í bænum ekki vita af slíkum glæpamanni í sinni nálægð.

Enn hefur engin fullnægjandi skýring fengizt á láti Guðmundar. Komið var þeirri sögu af stað, að hann hefði keypt sér tvö blýlóð sama daginn og hann hvarf og hefði síðan drekkt sér. En það eru fáir, sem hafa fallizt á þessa skýringu, og er það hald margra, að hér hafi í raun og veru verið um morð að ræða, en það hefur ekki verið hægt að sanna og málið því ennþá óútskýrt.

Það eru engin sértilfelli, að einstakir forystumenn verkalýðsins á þessum árum verði fyrir ofsóknum og árásum. Það má benda á, þegar Axel Björnsson er tekinn með valdi aðfararnótt 20. jan. ´32, þar sem hann er gestkomandi og fluttur til Reykjavíkur í mb. Bjarna Olafssyni og var þar 20-30 manna flokkur útgerðarmanna undir forystu Elíasar Þorsteinssonar.
Sama ár gerist það á Bolungarvík, að Hannibal Valdimarsson er einnig beittur ofbeldi af hálfu atvinnrekenda og fluttur með valdi á bát til Ísafjarðar.

Innanflokksbaráttan í KFÍ.

Við marxistar-lenínistar í KSML teljum einn mikilvægasta þáttinn í rannsókn á sögu íslenzkrar stéttabaráttu að nema sögu KFÍ og stéttabaráttu þess tíma og gera okkur grein fyrir ástæðunum, sem lágu til grundvallar öfugþróun KFÍ; umskiptunum úr byltingarsinnuðum flokki öreiganna yfir í sósíaldemókratískan flokk - umbótaflokk, til þess að draga af því rétta lærdóma fyrir stéttabaráttuna nú og í framtíðinni.

Það er augljóst, að öfugþróunin var ekki "slétt og felld" eða sjálfkrafa. Innan flokksins er að finna frá upphafi andstæðar pólitískar skoðanir og ágreining, sem smám saman þróast upp í harðar deilur um grundvallaratriði og að lokum harða baráttu - opna stéttabaráttu, sem sannarlega varðaði líf flokksins sjálfs.

Í formála K.G. að nýútkomnum bæklingi KSML: "Um flokkinn" er rakin saga KFÍ, gerð grein fyrir bakgrunni hans, baráttu hans sem forystuafli íslenzkra öreiga og þeim innri og ytri aðstæðum, sem studdu að endalokum hans.
Þar er gerð grein fyrir þeirri baráttu, sem háð er innan flokksins milli marxistanna-lenínistanna með Hjalta Árnason í broddi fylkingar annars vegar og hægrihentistefnumannanna með Einar Olgeirsson og Brynjólf Bjarnason í fararbroddi hins vegar.

Í formálanum segir: "En KFÍ, sem hafði vaxið upp sem andstöðuarmur innan ASÍ, tók með sér um margt starfshætti og hugsanagang kratabroddanna. Þær skoðanir voru aldrei að fullu kveðnar niður, að KFÍ væri nokkurs konar vinstri armur Alþýðuflokksins og sameining væri æskileg, jafnvel með broddunum. Sérstaklega var Einar Olgeirsson skæður talsmaður þessarar rotnu skoðunar og vann kapítalinu dygga þénustu með vinstri-kratisma sínum.
Sú staðreynd, að miðstjórn KFÍ var að meirihluta skipuð smáborgurum og menntamönnum, gerði flokkinn veikari en ella og olli því síðar, að forystan megnaði ekki að haga baráttunni eftir hinum breyttu skilyrðum og aðstæðum stéttabaráttunnar, heldur sló yfir í hægrihentistefnu og yfirgaf byltingargrundvöll öreigastéttarinnar, en tók sér þess í stað stöðu í dýkjum tækifærisstefnu og þjóðrembingssósíalisma. Komintern benti í bréfi á þennan veikleika og hvatti til að stéttarleg samsetning miðstjórnar yrði bætt, en þrátt fyrir þær tilraunir, sem gerðar voru til að setja fleiri verkamenn í miðstjórnina, biðu marxistarnir-lenínistarnir ósigur í þeirri baráttu."

Þessi barátta stendur hæst árið 1934 og eru þá reknir ýmsir einstaklingar úr flokknum, sem uppvísir voru að tækifærisstefnu og undanslætti, en Einar Olgeirsson og fleiri fylgifiskar hans komast undan brottvikningu úr flokknum, þrátt fyrir ófullnægjandi sjálfsgagnrýni Einars og ræður þar miklu afstaða formannsins, Brynjólfs Bjarnasonar, sem sýnir hentistefnunni mikla sáttfýsi og gerir allt til að breiða yfir mótsetningarnar.

Það kemur greinilega í ljós, að hægrimennirnir hafa náð yfirtökunum í flokknum, áður en 3. þing flokksins er haldið (´35), því þar er gersamlega búið að kúvenda pólitíkinni, sem hægt er að sjá á mismuninum á samþykktum þess og samþykktum 1. og 2. þings flokksins (sjá fræðilegt tímarit KFÍ: Bolsjevikkinn).
Þá er snúið baki við sögulegu hlutverki verkalýðsstéttarinnar og leið stéttabaráttunnar - stétt gegn stétt -, en þess í stað tekin upp samfylking á smáborgaralegum grundvelli, sem er færð út í sameiningarpólitík með Alþýðuflokknum, stéttargrundvöllur verkalýðsins yfirgefinn og flokkurinn síðan lagður niður 1938 og myndaður Sameiningarflokkur Alþýðu-Sósíalistaflokkurinn með "vinstra armi" Alýðuflokksins. Og þá er einnig S.U.K. lagt niður og Æskulýðsfylkingin stofnuð!
(Sjá nánar formálann að "Um flokkinn".)



Stalín, leiðtogi í sósíalískri uppbyggingu Ráðstjórnarríkjanna fram til 1953 og í forsæti III. Internationale (KOMINTERNS).



Hjalti Árnason, fremstur í flokki marxistannalenínistanna í baráttunni gegn hægrihentistefnumönnunum í KFÍ. Hann barðist mikið fyrir aðferð gagnrýni og sjálfsgagnrýni sem undirstöðureglu í flokksstarfinu og virku lýðræði. Einar O. & Co. óttuðust engan frekar en Hjalta og er taka átti ákvarðanir um mikilvæg mál var honum ætíð ýtt til hliðar. Hjalti benti réttilega á, hvernig fara myndi fyrir KFÍ, ef hentistefnan sigraði, þegar hann sagði að þar yrði um nýjan krataflokk að ræða með margfalt hættulegri blekkingarmeisturum á oddinum.





Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason, höfuðpaurar hentistefnunnar innan KFÍ.
Einar O. var frá upphafi andvígur stofnun KFÍ og eftir að hann var stofnaður var hann óþreytandi í að hamra á þeirri hugmynd að gera KFÍ að vinstri-andstöðuarmi innan ASÍ.
Það, hversu Einar var sannur smáborgari og það hræddur smáborgari, þegar stéttabaráttan harðnaði, sést berlega á því, hvernig hann reyndi að draga úr hinni miklu framsókn og sívaxandi styrk norðlenzkra verkamanna á 4. áratugnum, þegar hann var í forystuliði V.S.N., með því að beygja sig fyrir ASÍ og bjóða því upp á samninga í stað þess að heyja sjálfstæða stéttabaráttu, þar sem ASÍ var hinum megin víglínunnar.

Þessi slóttugi svikari reyndi oft að dylja hentistefnupólitík sína með fögrum orðum:
"Félagar, við höfum skapað einingu flokks vors í baráttu gegn hægri og vinstri - við höfum varðveitt hana gegn rógi og klofningstilraunum liðhlaupa, - við höfum á verstu stormatímum lært að elska flokk okkar og einingu hans heitar en nokkru sinni fyrr, elska hann yfir allt annað - og við munum vernda flokk vorn og einingu hans sem sjáaldur auga vors, sem líf vort og frelsi, með öllum okkar kröftum, gegn hverjum, sem reynir að tvístra þessum hornsteini frelsis verkalýðsins á Íslandi."
(Úr ræðu haldinni á III. þingi KFÍ, 1935, sjá Bolsjevikkann II/2.)
Og þremur árum síðar leggur þessi fagurmálgi verkalýðssvikari niður "hornstein frelsis verkalýðsins á Íslandi." ..

Einar Olgeirsson hvílir nú vel í örmum auðvaldsins í bankaráði Landsbankans, en Brynjólfur Bjarnason gekk sína leið, leið dulspeki og spíritisma.

4. Hnignunin - stéttasamvinnan siglir hraðbyri

Stofnun Sameiningarflokks Alþýðu-Sósíalistaflokksins (S.A.S.) var í raun aðeins formleg staðfesting á fráhvarfinu frá byltingarsinnaðri pólitík verkalýðsstéttarinnar og eðlilegt framhald á pólitík hentistefnumannanna, sem réðu nú ferðinni. Annað dæmi, ekki eins stórvægilegt, en þó táknrænt, er að Verklýðsblaðið er lagt niður þegar ´36 og Þjóðviljinn kemur í staðinn. Lokaorð ávarps miðstjórnar til lesenda Þjóðviljans við þær breytingar eru: "Kjörorð okkar er: Þjóðviljinn á að verða blað íslenzku þjóðarinnar." (!)

Nú er það þjóðarviljinn (!), sem á að ákvarða stefnu flokksins - og nú er sett á fulla ferð inn undir pilsfald fjármálaauðvaldsins, í ráðherrastólana, í stjórnir fyrirtækja, banka og samsteypna og við stjórnvölinn situr sjálfur olíukóngurinn Héðinn Valdimarsson.

Stríðsárin - stríðsgróðinn.


1939 brýst út önnur uppskiptastyrjöld heimsvaldastefnunnar, Bretar hernema landið, en Bandaríkjamenn koma til landsins ´41 að ósk íslenzku borgaranna. Á meðan brezki herinn dvelst hér hefur hann mikil afskipti af innanlandspólitíkinni, sjá handtökur og yfirheyrslur yfir verkamönnum í "dreifibréfsmálinu", útgáfa Þjóðviljans er stöðvuð og ritstjórar hans fangelsaðir og fluttir til Englands.

En á stríðsárunum kemur mikill fjörkippur í íslenzkt efnahagslíf. Íslenzka auðvaldið nýtir sér veru hersins til að auka auðmagn sitt og mikill stríðsgróði safnast fyrir (að mestu leyti vegna sölu á ísuðum fiski til Englands, en íslenzku borgararnir nýta sérstöðu sína til fulls í stríðinu, þar sem þeir geta haldið framleiðslunni við og aukið hana, meðan gífurleg eyðilegging verður á framleiðslutækjum í þeim löndum, sem taka þátt í stríðinu), - þetta er ein höfuðorsökin fyrir kauphækkununum og vinnustyttingunni ásamt orlofi til handa verkalýðnum árið ´42 og um leið efnislegur grundvöllur frekari viðgangs hentistefnunnar.

Árið 1944 fær Ísland fulla viðurkenningu út á við á sjálfstæði sínu og sama ár er Nýsköpunarstjórnin mynduð. Þá fara stéttasamvinnuprelátarnir hamförum í því að hjálpa auðvaldinu að nýta stríðsgróða sinn skynsamlega með **"uppbyggingu atvinnuveganna".**



Nýsköpunarstjórnin - stéttasamvinna í verki. Einar Olgeirsson lýsti því yfir á Alþingi 1944, að eina leiðin fyrir verkalýðinn væri stéttasamstarf milli hans og auðvaldsins til uppbyggingar íslenzks atvinnulífs. Verkalýðurinn hefði um ekkert annað að ræða en að leggja upp laupana í stéttabaráttunni og styðja auðvaldið í gróðasókn þess. Með þátttöku sinni í Nýsköpunarstjórninni kórónuðu hægrihentistefnumennirnir þá svikakeðju, sem þeir höfðu hlekkjað hina stéttvísu verkamenn í. Þeir stigu nú skrefið til fulls yfir til borgaranna og gerðust nýsköpunarafl íslenzka auðvaldsins.



Í ákefð sinni að koma Íslandi í NATO og baktryggja þannig auðvaldið gegn harðnandi stéttabaráttu, sveifst borgarastéttin hvorki við að koma málinu gegnum Alþingi með svikum og baktjaldamakki, né að bæla niður mótmæli alþýðunnar með fruntalegum ofsóknum og árásum. Atburðirnir á Austurvelli sýndu og sönnuðu stéttareðli íslenzka ríkisvaldsins. Þeir sýndu, að þegar hagsmunum auðvaldsins er ógnað af hálfu verkalýðsins, þá er ríkisvaldið notað til ofbeldis og opinskárra kúgunaraðgerða.



Byltingin í Kína 1949. Kínverskir kommúnistar undir leiðsögn Maós Tsetungs þróa marxismann-lenínismann og Kína verður höfuðvígi sósíalismans í heiminum eftir valdatöku endurskoðunarsinnanna í Sovét.

Hlutverk verkalýðsforystunnar.

Þróun síðustu tveggja áratuga er saga enn frekari niðurlægingar "forystu" verkalýðsins.

Verkalýðsaðallinn knýtir enn fasta bönd sín við auðvaldið og verður sífellt liprari samstarfsmaður þess í stéttabaráttunni gegn hagsmunum öreiganna, hvort sem er í verkföllum eða pólitískum aðgerðum. Hann gegnir því hlutverki að vera brúarsporður fyrir borgarana inn í raðir öreiganna og sáir þar endurbótahugmyndum og kenningum borgaranna um samvinnu og samstöðu, allt í þeim tilgangi að hindra sjálfstæðan pólitískan þroska verkalýðsins og halda niðri baráttuvilja hans.

Valdataka endurskoðunarsinnanna í Sovét.

Árið 1956 heppnast hinni endurskoðunarsinnuðu Krústsjoffs-klíku að hrifsa völdin innan Kommúnistaflokksins og ná öllum lykilstöðum í ríkisvaldi öreiganna eftir mikla undangengna baráttu innan flokksins, og getur nú hafið fyrir opnum tjöldum umbreytingar á hinu sósíalíska hagkerfi yfir í kapítalískt, þar sem verðmyndunin stjórnast af markaðslögmálum.

Þetta táknar tímabundinn ósigur öreiga Sovétríkjanna og hefur einnig þær afleiðingar, að fjöldamargir kommúnistaflokkar heims úrkynjast og verða endurskoðunarstefnunni að bráð. Þessi þróun gildir þó ekki um alla kommúnistaflokka, því fljótlega gera kommúnistaflokkar Albaníu og Kína sér grein fyrir þessari breytingu og hefja gagnrýni á rússnesku revisionistana, síðan baráttu gegn þeim, sem leitt hefur til, að nú er mótsetningin milli Kína og Albaníu sem sósíalískra landa annars vegar og Sovétríkjanna sem sósíalheimsvaldasinnaðs ríkis hins vegar - ósættanleg!

Fyrir tilstilli þessarar baráttu og upp úr þessum klofningi í alþjóðahreyfingu kommúnista hafa myndazt marxísk-lenínísk samtök um allan heim, sem vaxa stöðugt að styrk og verða að leiðandi afli í baráttu kúgaðrar alþýðu og öreiga heimsins fyrir sósíalismanum.

Alþýðubandalagið myndað - vinstri stjórn ´56.

"Sósíalistarnir" taka nú í annað skipti þátt í kúgunartæki borgarastéttarinnar - ríkisvaldinu árið ´56. Stöðug merki hnignunarinnar eru skýr. Samfylking er gerð við hluta Alþýðuflokksins undir forystu Hannibals Valdimarssonar og myndað kosningabandalagið: Alþýðubandalagið. Endurbætur á auðvaldsþjóðfélaginu er hið eina takmark þeirra og stéttasamvinnan höfuðverkefnið.
Þessi ríkisstjórn hrökklast svo frá völdum eftir 2ja ára setu vegna innbyrðis klofnings um afstöðuna til hersins (þá eru landhelgin og herinn höfuðmál AB - eins og nú).

Kreppan ´67-´68 -"Alþýðustjórnin" ´71.

Kreppan, sem upp kemur á árunum ´67 - ´68, stafar af offramleiðslu á útfluttum sjávarafurðum, aðallega fiskimjöli, og veldur miklum samdrætti í mörgum atvinnugreinum (einkum byggingariðnaðinum og ýmsum þjónustugreinum). Þetta leiðir síðan til gífurlegs atvinnuleysis og mikillar almennrar kjaraskerðingar (2 gengisfellingar á þessu tímabili) og þúsundir verkafólks flýja land.

Kosningabandalagið Alþýðubandalagið er nú gert að stjórnmálaflokki og endurbótasinnarnir herða enn óhindraðir kverkatök sín á verkalýðsstéttinni, því gegn þeim stendur enn ekkert það afl, sem getur afhjúpað þá og sýnt fram á, að þeir eru ekki aðeins agentar auðvaldsins innan verkalýðshreyfingarinnar, heldur eru þeir orðnir samgróinn hluti af valdaapparati borgaranna.

En þessi mikla kjaraskerðingarsókn auðvaldsins skerpir stéttabaráttuna og þrengir að lífskjörum verkalýðsins. Sem náttúrulegt andsvar gegn þessum árásum á verkalýðsstéttina verða Kommúnistasamtökin m-l mynduð sem framsæknasti hluti og forystusveit verkalýðsstéttarinnar í stéttabaráttunni gegn borgarastéttinni og auðvaldskerfinu.

5. Í dag - KSML!

Í Baráttustefnuskrá Kommúnistaflokks Íslands frá 1930 er að finna rökrétta afstöðu kommúnista til ríkisvaldsins og fyrirtækja þess, sem er mjög afhjúpandi fyrir Alþýðubandalagið og afstöðu þess sem sósíaldemókratísks flokks til ríkisvalds auðvaldsins og stéttabaráttu verkalýðsins:

"Kommúnistaflokkurinn berst á móti tilraunum auðvaldsins til að skipuleggja sig og festa sig í sessi á kostnað hinna vinnandi stétta til sjávar og sveita. Hann er andvígur því, að fulltrúar verkalýðsins taki þátt í stjórn auðvaldsfyrirtækja, hvort sem þau eru rekin af ríkinu eða einstökum auðmönnum. Kommúnistaflokkurinn er flokkur stéttabaráttunnar og er því andvígur allri samvinnu við stéttarandstæðinginn. Hann flettir ofan af blekkingum borgaranna og sósíaldemókrata, sem reyna að telja verkalýðnum trú um, að ríkiseinkasölur og ríkisrekin fyrirtæki séu rekin "til hagsmuna fyrir alla þjóðina" meðan auðvaldið drottnar. Kommúnistaflokkurinn lýsir því yfir, að ríkisrekstur og ríkiseinkasölur geta þá fyrst verið til hagsmuna fyrir verkalýðinn og fátæka bændur, er þeir hafa tekið ríkisvaldið í sínar hendur og stofnað alræði öreiganna."

Alþýðubandalagið hefur sýnt og sannað í orðum og verki, að það á ekkert skylt við sósíalisma.
Í stefnuskrá AB er hin sósíalíska fræðikenning fölsuð og rangtúlkuð og útkoman úr hrærigrautnum er sú, að marxismanum-lenínismanum er algerlega hafnað, en boðuð stéttasamvinna og undansláttur fyrir hugmyndafræði auðvaldsins.
Í stefnuskránni afneitar AB sósíalísku byltingunni og boðar leið þingræðis og endurbóta, einnig afneita þeir forystuhlutverki verkalýðsstéttarinnar og hlutverki kommúnistaflokksins sem framvarðarsveitar stéttarinnar og hvað eftir annað afneita þeir stéttareðli ríkisvaldsins, þ.e. að ríkisvaldið er kúgunartæki einnar stéttar yfir annarri.
AB hafnar með öllu hinni díalektísku og sögulegu efnishyggju, heimsskoðun öreigastéttarinnar.



KSML reisir merkið aftur!

Þegar KSML voru stofnuð var haldið áfram á þeirri braut, sem KFÍ markaði hér á Íslandi á 4. áratugnum. KSML eru einu samtökin á Íslandi, sem berjast á grunni öreigastéttarinnar og fyrir hagsmunum hennar á grundvelli marxismans-lenínismans. Hin sósíalíska fræðikenning, sem drepin hefur verið í dróma af hentistefnumönnunum í Sósíalistaflokknum og síðar Alþýðubandalaginu hefur verið hafin á loft af KSML. Höfuðverkefnið í dag er byltingarsinnað námsstarf.

Samfara námsstarfinu fer fram markviss rannsókn á séraðstæðum íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins og þróunarsögu stéttabaráttunnar, sem er nauðsynlegt, bæði til þess að námsstarfið verði ekki lífvana lærdómur, slitinn úr tengslum við baráttu öreiganna, og sökum þess að ekki er hægt að ráðast gegn óvini, sem maður veit ekki deili á.

Með stofnun KSML var lagður hornsteinninn að stofnun kommúnistaflokks á Íslandi að nýju, flokks, sem ekki takmarkar sig við dægurkröfur, heldur berst baráttu verkalýðsins framsýnt í átt til sósíalísku byltingarinnar.

Í stéttabaráttunni er aðeins um tvær leiðir að velja: að styðja borgarana á einn eða annan máta eða berjast framsýnt fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins undir forystu byltingarsinnaðra samtaka.

Verkamenn, takið þátt í námsstarfi KSML og undirbúningsstarfinu að stofnun kommúnistaflokks á Íslandi!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!



Stofnþing Kommúnistasamtakanna marxistanna - lenínistanna varð lyftistöng fyrir baráttu verkalýðsstéttarinnar á Íslandi. Með tilkomu KSML hafði verkalýðsstéttin markað framverði sínum skipulagsleg, pólitísk og hugmyndafræðileg form í stéttabaráttunni á Íslandi fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins með sósíalísku byltingunni og uppbyggingu stéttarlegs alræðis síns, sem millistigs á leið til hins stéttlausa samfélags kommúnismans.

Um flokkinn



Strax upp úr miðjum maí kemur næsti námsbæklingur Kommúnistasamtakanna Um flokkinn út. Er þetta 8. námsfundur í grundvallarleshring KSML. Innihald bæklingsins:

Formáli eftir félaga Kristján Guðlaugsson, sem inniheldur eftirfarandi kafla:
- Inngangur
- Alþjóðlegur bakgrunnunnur KFÍ
- Kreppan á Íslandi - Stofnun KFÍ
- Hagsmunabaráttan
- Pólitíska baráttan
- Samantekt - Niðurstöður

Stjórnmálaflokkur verkalýðsins eftir félaga Stalín (ljósritaður kafli úr Lenínismanum)

Niðurstöður (ljósritaður kafli úr Sögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (b))

Verð bæklingsins kr. 100.oo

UNGKOMMÚNISTINN

UNGKOMMÚNISTINN, málgagn námsmanna í KSML hefur hafið göngu sína.
Með útgáfu blaðsins hafa KSML hafið baráttuna fyrir því að leggja grundvöllinn að stofnun Sambands Ungra Kommúnista á ný og þar með hafið merki Sambands Ungra Kommúnista á loft, sem gáfu út rit með sama nafni á 3. áratugnum.
Í dag er hlutverk Ungkommúnistans að:

1) Reka áróður fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins með alræði öreiganna, sósíalismann að markmiði og áróður skv. stefnu KSML í dægurmálum stéttabaráttunnar hverju sinni
2) Beina áróðri sínum fyrst og fremst til verkalýðsæskunnar í framhaldsskólum og skýra út stéttareðli skólanna
3) Taka fyrir tengsl námsmanna við stéttabaráttunnar í auðvaldsþjóðfélaginu
4) Reka áróður fyrir höfuðverkefni KSML í dag, námsstarfinu og uppbyggingu Kommúnistaflokks.

Blaðið verður selt innan skólanna, en einnig er hægt að panta það beint frá miðstöðvum samtakanna að Skólastræti 3b, Reykjavík með því að skrifa til:
Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357
Reykjavík Merkt "Ungkommúnistinn"



VERKAMENN!
Án þekkingar um stéttarlegt eðli og orsakir verkfalla verður barátta okkar aðeins barátta um krónu til eða frá. Krónu, sem verður hirt af okkur aftur með verðhækkunum eða öðrum meðulum hins kapítalika ríkisvalds. Alþjóðleg baráttureynsla stéttarbræðra okkar í verkföllum við margbreytilegar aðstæður er vopnið, sem við verðum að beita gegn hertu arðráni og launaskerðingu auðvaldsins og til þess að geta gert verkfallsbaráttuna að byltingarsinnaðri baráttu fyrir sósíalismanum.
Lesið bæklinga KSML:
REYNSLAN AF KJARABARATTUNNI
(Strasborgarályktunin frá þingi Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga 1929)
og UM VERKFÖLL eftir V.I. Lenín.

Byltingin er nauðsynleg!



Það, að byltingin er nauðsynleg, má skilja á tvo vegu: Annars vegar hin sósíaliska bylting er sögulega nauðsynleg-óumflýjanleg, og mun grein þessi sanna það. Hlutlæg lögmál stýra gangi sögunnar þar sem hin ólíku þjóðfélagsform leysa hvert annað af hólmi. Það er óhjákvæmilegt, að auðvaldsskipulagið verði leyst af hólmi af sósíalismanum. Hins vegar, byltingin er huglægt nauðsynleg-æskileg. Hópur þeirra verkamanna, sem gerir sér grein fyrir því, að með byltingu muni þeir endanlega frelsaðir frá arðráni og kúgun, verður æ stærri. Svo er því varið nú, þegar hinn kommúniski áróður vinnur stöðugt meira á. Þetta er nauðsynlegt skilyrði þess að byltingin verði að veruleika. Þjóðfélagsformin taka ekki við hvert af öðru á sjálfvirkan hátt. Arðránið verður afnumið í hlífðarlausri baráttu stéttar gegn stétt. Verkalýðsstéttar gegn borgarastétt.

Hvað er verkamaður? Til þess að geta svarað þessari spurningu verðum við að reyna að finna grundvallareinkennin, sem sameiginleg eru fyrir alla verkamenn og aðskilja þá frá öllum öðrum stéttum og þjóðfélagsstigum. Sem efnishyggjumenn verðum við fyrst og fremst að leita þessara einkenna í grunni þjóðfélagsins: framleiðslunni.

Til þess að hægt sé að framleiða þarf þrennt: vinnandi fólk, sem vinnur úr hráefnum (eða jörð, ef um landbúnað er að ræða) með verkfærum. Þannig hefur það ætíð verið. En í auðvaldsskipulagi eru mikilvægustu verkfærin og hráefnin, þ.e.a.s. framleiðslutækin, að mestu leyti í eign fárra manna. Athugun á samþjöppun fjármagns t.d. í Svíþjóð hefur sýnt, að 0,2% af íbúum landsins eiga 2/3 allra hlutabréfa. Svipað hlutfall er í Englandi og þó að enn liggi ekki fyrir tölur. Hér á landi er ljóst að íslenzka auðvaldsþjóðfélagið er hvað þetta snertir lítið frábrugðið. Meginþorri þeirra vinnur ekki, samt hirða þeir ágóðann í skjóli þess að þeir eiga framleiðslutækin. Þetta geta þeir gert einungis vegna þess að til er önnur stétt, sem ekki hefur umráð yfir neinum framleiðslutækjum: verkalýðsstéttin. Það eina, sem verkamaðurinn á er geta hans til vinnu þ.e.a.s. vinnuaflið. Til þess að halda lífinu er hann því neyddur til þess að leita til kapítalistanna og vinna í verksmiðjum þeirra. Verkalýðsstéttin og kapítalistarnir. Þetta eru aðalstéttir auðvaldsþjóðfélagsins. Það er á milli þeirra sem höfuðmóthverfan er. Baráttan milli þessara tveggja stétta ákvarðar eðli þjóðfélagsins. Þessi barátta er hlífðarlaus og móthverfuna milli kapítalista og verkalýðsstéttar er ekki hægt að leysa innan ramma þessa þjóðfélags. Orsök þessarar mótsetningar er arðránið.

Markaðshagfræði

Eins og Marx hefur sannað, er hægt að gera flest í hinu borgaralega þjóðfélagi að verzlunarvöru. Þetta gildir jafnt um ást sem ísskáp. Nærri því allir hlutir ganga kaupum og sölum. Þetta á líka við um vinnuaflið, það er einnig vara í auðvaldsþjóðfélagi. Virði vörunnar ákvarðast af því vinnumagni, sem að meðaltali er nauðsynlegt til þess að framleiða hana. Í þjóðfélagi á lágu tækni og þekkingarstigi þarf meiri vinnu(framleiðsla vörunnar tekur lengri tíma og er dýrari), en í þjóðfélagi á hærra þróunarstigi. Í tækniþróuðu þjóðfélagi hefur framleiðni vinnuaflsins aukist gífurlega. Á Íslandi er fiskiðnaðurinn á háu tæknistigi, við getum séð á eftirfarandi tölum aukna framleiðni vinnuaflsins í fiskiðnaði:

Árið 1910 störfuðu við fiskveiðar 15.890 manns (18.7% þjóðarinnar).
Árið 1950 störfuðu við fiskveiðar 15.515 manns (10.8% þjóðarinnar).

Árin 1910-14 var aflamagnið 80 þús. tonn (um 20 þ.t. á ári).
Árið 1950 var aflamagnið 376 þús. tonn.
Að meðaltali hefur hin nauðsynlega vinna sem þarf til að veiða hvert tonn af fisk sem sagt minnkað. Virði vinnuaflsins ákvarðast einnig af því vinnumagni sem þarf til framleiðslu þess. Með þessu er átt við eftirfarandi. Til þess að verkamaðurinn geti verið góður verkamaður fyrir kapítalistann er nauðsynlegt að hann fái mat í magann, þak yfir höfuðið, klæði á kroppinn auk vissra tækifæra til skemmtana og hvíldar. Þess utan verður hann að geta alið börn í heiminn og veitt þeim lífsviðurværi svo að varan vinnuafl taki ekki skyndilegan endi og hjól auðvaldsins hætti að snúast. Fyrst og fremst er gildi vinnuaflsins metið

eftir virði þeirra vara sem eru nauðsynlegar til lífsviðurværis verkamannsins og framfærslu barna hans.

Arðránið

En við ákveðnar ástæður skilur varan vinnuafl sig frá öðrum vörum. Á meðan hún er nýtt getur hún skapað meiri verðmæti, en samsvarar gildi hennar. Það er einmitt þessi eiginleiki vinnuaflsins, sem er uppsprettan að ríkidæmi og valdi kapítalistanna. Þegar verkamaðurinn "ræður sig hjá fyrirtæki" eins og það er kallað, selur hann í raun og veru kapítalistanum vinnuafl sitt. Kapítalistinn borgar honum fyrir getu hans til að vinna t.d. fyrir einn dag í átta tíma. En verkamaðurinn hefur þegar eftir 3 tíma skapað þau verðmæti, sem samsvara réttu gildi vinnuaflsins, þ.e. launanna. Þau verðmæti, sem hann skapar það sem eftir er dagsins, slær kapítalistinn eign sinni á. Það er einmitt þetta sem átt er við, þegar talað er um arðrán. Verðmætin, sem kapítalistinn hirðir, kallast gildisauki (meirvirði). Til dæmis getum við litið á verksmiðjur SÍS á Akureyri. Árið 1969 greiddu þær í laun 90 milljónir(og þar er innifalinn hluti forstjóra og annarra stjórnenda), en sölu verðmætið var 472,1 milljón. Með því að bera saman gildisaukann við það sem verkamaðurinn fær er hægt að ákvarða arðránshlutfallið. (Rýmið eða rýmisleysið leyfir okkur eingöngu lauslega framsetningu á gildisaukakenningunni. Það sem fjallað hefur

verið um hér er skiptagildið. Til þess að skilja kenninguna til hlítar verður einnig að skilja hvað átt er við með notagildi og hver afstaða nota-og skiptagildis er til hvors annars. Fyrir áframhaldandi nám sjá t.d. Marx: Launavinna og auðmagn úrvalsrit 1).

Verkamaðurinn látinn borga

Arðránið á verkalýðnum er nauðsynlegt fyrir kapítalistana. Það hefur verið til svo lengi sem kapítalisminn hefur verið til. En það hefur ekki ætíð verið á sama stigi. Þvert á móti er það svo að arðránið hefur stöðugt tilhneigingu til að aukast. Þetta er vegna hinnar harðnandi samkeppni milli kapítalistanna. Úrslit þeirrar baráttu eru ákveðin af þeim sem geta framleitt vörurnar fljótast og ódýrast. Það getur sá sem hefur beztu vélarnar og mestu tæknina. En góðar vélar eru ekki ódýrar. Til þess að verða sér úti um þær, þarfnast kapítalistarnir enn meira auðmagns. Stærð auðmagnsins ræður þannig mestu um úrslit baráttunnar. Eina aðferðin til þess að auka auðmagnið er aukið arðrán. Það eru alltaf verkamennirnir, sem verða að standa undir kostnaði hins kapítalíska framleiðslukerfis. Þeir fá að borga með líkömum sínum, - eru bókstaflega rúnir inn að skinni. Nú hafa íslenzku kapítalistarnir fjárfest miklu auðmagni(sem tekið er af verkalýðnum í formi skatta-en skattar eru hluti arðránsins) til kaupa á skuttogurum. Með þessu(ásamt útfærslu landhelginnar(sem tryggir þeim aukinn afla)) hyggjast þeir stórauka arðránið á íslenzkum verkalýð.

Verkfallsbarátta

Þannig er það venjulega. En stærð arðránsins er ekki eingöngu ráðin á skrifstofum forstjóranna. Til er önnur hlið á málinu- barátta verkalýðsstéttarinnar. Hin óstöðvandi gróðaleit kapítalistanna hefur tilhneigingu til þess að þvinga launin niður undir það sem menn þarfnast til lágmarksviðurværis, þ.e.a.s. í mörgum tilfellum borga þeir ekki einu sinni fyrir rétt gildi vinnuaflsins, heldur undir því, sem þýðir það að verkamaðurinn getur ekki framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Dæmi um aðferðir, sem auðvaldið beitir til að koma laununum svona langt niður, er innflutningur á ódýru erlendu vinnuafli. Til slíks þekkjum við lítið hér, en það hefur verið og er mikið tíðkað erlendis alveg á sama hátt og þrælahaldið í Ameríku á sínum tíma, og í dag samningur EBEríkjanna um flutning verkamanna á milli landa.

Við slíkar þrengingar grípa verkamennirnir til eina varnarvopns síns - verkfalls. Með framgangsríkri verkfallsbaráttu geta verkamennirnir dregið úr arðráninu og versnandi lífskjörum. En það er aðeins um stundarsakir. Svo lengi sem auðvaldskerfið varir, minnka stöðugt allar þannig fengnar bætur.

Íslenzkir verkamenn, sem eiga heimsmet í verkföllum, hafa þrátt fyrir þessa tíðni verkfalla ekki hærra kaup heldur en sem rétt nægir þeim til lífsviðurværis, og eins og verkamanna annarra landa gengur kjarabarátta þeirra út á það að fá leiðréttar þær kauplækkanir, sem stöðugt framkallast í kapitalíska hagkerfinu, því kapitalistarnir leitast við að lækka kaupið niður fyrir líffræðilegu mörkin. Vegna hinnar ósættanlegu móthverfu auðvaldsþjóðfélagsins, verður þetta ferli, sem endurtekur sig stöðugt og er vítahringur, sem efnahagslega baráttan kemst aldrei út fyrir, nema baráttan fyrir pólitísku völdunum, fyrir sósíalískubyltingunni, sé höfð til leiðsagnar.

Kreppurnar

Hið aukna arðrán stendur í beinu sambandi við samþjöppun auðmagnsins, sem hefur komið á heimsvaldastefnu og einokunarkapitalisma í stað hins hreinræktaða samkeppniskapitalisma. Það er þróun, sem hvorki er jöfn né stöðug. Þróun auðvaldsins einkennist þess í stað af óstöðugleika og rykkjum. "Góðæri" og kreppur fylgja í kjölfar hvors annars. Og í hvert sinn verða kreppurnar æ harðari. Heilar framleiðslugreinar stöðvast og milljónir manna verða atvinnulausar og svelta. Nú fer alheimskreppan stöðugt dýpkandi og leiðir yfir verkalýðinn atvinnuleysi og hungur í auðvaldslöndunum. T.d. jókst fjöldi skráðra atvinnuleysingja í Svíþjóð (einnig er til dulið atvinnuleysi) úr 57.000 í 104.000 frá desember 1970 til janúar 1971.

Í öllum hinum kapitalíska heimi dregst nú framleiðsla í hinum ýmsu greinum hans saman. Í Japan minnkaði t.d. framleiðsla í stáliðnaði um 15 % síðasta ársfjórðungi 1970. Í Bandaríkjunum lækkaði framleiðsluvísitala þungaiðnaðarins úr 170 (jan. 1970) í 162 (jan. 1971).

Þessar tilhneigingar eru alls staðar eins. Kreppan er offramleiðslukreppa. Framleitt er meira af vörum en hægt er að selja. - Hvernig getur það átt sér stað? Ein mikilvægasta ástæðan er sú, að kapitalísk framleiðsla beitir sér eingöngu fyrir vinnu í gróðaskyni en ekki vinnu eftir þörfum almennings. Bæta má því við, að framleiðslan sem heild er stjórnlaus, þ.e.a.s. að það fyrirfinnst ekki og getur aldrei orðið nein framsýn skipulagning, vegna þess að til eru margar miðstöðvar, sem taka ákvarðanirnar - kapitalistahóparnir - sem standa andspænis hver öðrum sakir gróðafíkni sinnar. Þá sést greinilega, að hin kapitalíska framleiðsla er afar völt, að í kerfinu sjálfu eru fólgin viss öfl, sem valda óstöðugleika og árekstrum milli hinna ýmsu framleiðslugreina. Og þá fyrst og fremst milli þungaiðnaðarins og neyzluvaraiðnaðarins.

Heimsvaldastefnan

Eins og við sjáum, eru kreppurnar í auðvaldsskipulagi óumflýjanlegar og óhjákvæmilegar. Það er ekki hægt að leysa þær innan ramma núverandi þjóðfélags. En kapitalistarnir reyna stöðugt að halda þeim niðri og skjóta þeim á frest. Ein af aðferðum þeirra er fjármagnsútflutningur. Kapitalistarnir fjárfesta í auknum mæli erlendis það fjármagn, sem þeir hafa ekki nægan hagnað af heima fyrir og ylli að öðrum kosti offramleiðslu, þar sem þeir hafa af því meiri hagnað.

Velþekkt dæmi er flutningur vefnaðariðnaðarins frá Svíþjóð til Portúgals. En hinn aukni fjármagnsútflutningur á fyrst og fremst við stærstu einokunarfyrirtækin. Hin 23 langstærstu (SKF, LME, Alfa Laval, Electrolux o.s.frv.) stjórna nú þegar helming sænskrar iðnaðarframleiðslu erlendis. Og það eru útibúin erlendis sem blómstra mest. Sá hluti sænsks fjármagns, sem fluttur er út, vex í sífellu.

Íslenzka borgarastéttin hefur stundað fjármagnsútflutning allt frá tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Í dag eru það SH og SÍS, sem hafa úrslitatökin. Þessir auðhringar eiga fyrirtæki bæði í Englandi og Bandaríkjunum. Þessir auðhringar arðræna öreiga í Danmörku (Esbjerg), Færeyjum, Íslandi, Englandi og USA. Verksmiðjur SH og SÍS í Bandaríkjunum hafa vaxið stórlega undanfarin ár. Síðastliðið ár seldu þær fyrir 8,5 milljarða, sem er um 50 % alls útflutningsverðmætis íslenzka auðvaldsins.

Eitt af aðaleinkennum heimsvaldastefnunnar er, eins og Lenín skilgreindi hana, að fjármagnsútflutningurinn öðlast sérstaka þýðingu samanborið við vöruútflutning. Svíþjóð er nú á dögum heimsvaldaland - á því er enginn vafi. Sænska einokunarauðvaldið tekur með lífi og sál þátt í því arðráni, sem framið er á verkalýðsstétt og alþýðu annarra landa af heimsvaldasinnum alls heimsins, með Bandaríkin í fararbroddi. Wallenberg og co. (einn helzti kapitalisti Svíþjóðar) og bandarísku heimsvaldasinnarnir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessu: arðráni og kúgun á verkalýðsstéttinni og á öllum kúguðum þjóðum og alþýðu landa sé viðhaldið og aukið. Með fjármagnsútflutningi geta kapítalistarnir ýtt kreppunni á undan sér. En aðeins um stundarsakir. Auðvaldið er alþjóðlegt. Kreppa í hinum stóru heimsvaldalöndum skaðar óhjákvæmilega sænska einokunarauðvaldið. Kreppan er þegar á leiðinni. Í Bandaríkjunum er atvinnuleysistalan þegar komin yfir 7 %, sem er hæsta talan síðan á 4. áratugnum. Í Englandi er nær 1.000.000 (ein milljón) manna atvinnulaus. Óveðursský kreppunnar hrannast upp.

Ríki auðvaldsins

Afskipti ríkisins er önnur aðferð, sem hefur verið gripið til, til þess að reyna að komast hjá hinum óumflýjanlegu kreppum. Eftir alheimskreppuna á 4. áratugnum, hefur ríki auðvaldsins ætíð haft mikil afskipti af efnahagsbyggingunni. Til þess að hindra að verkalýðurinn rísi upp og eins til að vernda hagsmuni auðvaldsstéttarinnar í heild, hefur ríkisvaldið jafnvel neyðzt til að standa gegn einstöka kapitalistum. En vegna hins mjög skammsýna ákafa síns í sem mestan gróða, hafa þeir oft verið algjörlega vanmegnugir að borga stórum hluta verkalýðsstéttarinnar slík laun, að hún hafi nóg fyrir svo einföldum og nauðsynlegum hlutum sem fæði og húsaskjóli.

Hin vaxandi einokun krefst æ meiri afskipta hins kapitalíska ríkisvalds af efnahagsbyggingunni. Nú ná þessi afskipti til flestra sviða:

1) Einokunarstefna SÍS í iðnaði bæja og þorpa úti á landi

2) Neyzlupólitíkin, sem m.a. felur í sér öflugan stuðning við einokunarauðvaldið í hinni alþjóðlegu samkeppni (fjárfestingarauðvald).

3) Launapólitíkin, framkvæmd af ASÍ, sem heldur laununum niðri sérstaklega í útflutningsiðnaðinum.

4) Atvinnumarkaðspólitíkin auðveldar tilfærslu milli atvinnugreina (styrkir til flutnings og námskeiða og atvinnubótavinna) og dregur úr hinum hlutfallslega skorti á vinnuafli (endurhæfing, innflutningur fólks) til þess að hindra yfirborgun og halda laununum niðri.

5) Félagsmálapólitíkin, sem að nokkru leyti stuðlar að því að viðhalda trausti verkalýðsins á stjórninni og hefur það hlutverk, að viðhalda neyzlugetu verkalýðsstéttarinnar í vissan tíma (húsaleigu- og framfærslustyrkir o.fl.). En þegar lengra dregur, minnkar kaupmáttur launa verkalýðsstéttarinnar enn þá meir, þar sem hinn hluti hennar verður að taka á sig ok slíkrar stefnu með greiðslu hærri skatta. Hvaða bragða sem kapitalistarnir reyna að grípa til, geta þeir ekki leyst kreppur sínar. Og það er engin furða. Kreppurnar eru í nánu sambandi við slík efnahagskerfi. Vegna stjórnleysis í framleiðslu, skipulagsleysi og samkeppni, vegna grundvallarmóthverfunnar í kapitalíska efnahagskerfinu; móthverfunnar milli framleiðsluaflanna og framleiðsluafstæðnanna.

Stríð og tortíming

Framleiðsluöflin eru maðurinn og kunnátta hans ásamt tækjum þeim, sem notuð eru til vinnunnar. Mikilvægasti þátturinn í þróun framleiðsluaflanna á skeiði kapitalismans er að þau öðlast sífellt meira samfélagslegt eðli. Með starfsskiptingunni verða æ fleiri menn og æ fleiri þættir samfélagsins háðir hverjir öðrum við framleiðslu einnar vörutegundar. Í stórum fyrirtækjum eru hundruð verkamanna og öll þessi fyrirtæki eru tengd hvert öðru, þau vinna fyrir heimamarkað og heimsmarkað.

Framleiðsluafstæðurnar eru afstæður manna á milli við framleiðsluna (stéttaskiptingin). Mikilvægasta framleiðsluafstæðan í auðvaldsþjóðfélaginu er einkaeign fámennrar klíku á framleiðslutækjunum. Samfara einokuninni verður þessi klíka æ fámennari. Það er einmitt vegna þess - að framleiðsluafstæðurnar taka á sig sífellt meiri blæ einkaeignar, en framleiðsluöflin verða samfélagslegri - að mótsetningin milli þerra kemur upp og verður æ skýrari. Einkaeign á framleiðslutækjunum verður hindrun í vegi tækni- og framleiðsluþróunar. Og ekki aðeins það - samfara einkaeigninni er framleiðsluöflunum sóað til einskis. Niðurlagning síldarverksmiðja eftir að síldinni hafði verið nær gjöreytt í kapphlaupinu um hámarksgróða. Smáframleiðendur eru gerðir gjaldþrota af stóru einokurunum, SÍS, SH o.fl. Hvað er hægt að kalla þetta öðru nafni en eyðilegging á fullstarfandi framleiðsluöflum?

Annað dæmi er einkaleyfið, en einokunarkapitalistarnir geta hindrað að uppgötvanir komi fram í dagsljósið, eingöngu til þess að keppinautar þeirra hafi ekki gagn af þeim.

Þriðja dæmið er hin geysilega eyðsla, sem er afleiðing af því, að framtak verkamannanna er stöðugt hamið.

Listinn gæti orðið óendanlega langur. Neðst á honum eru ránsstyrjaldir heimsvaldastefnunnar, sem tortíma framleiðsluöflum í óhugnanlega miklum mæli. Styrjaldir eru nauðsynlegar viðhaldi kapitalismans - ekki eingöngu til þess að vinna nýja eða halda gömlum mörkuðum - heldur einnig vegna þess að þær tortíma framleiðsluöflunum og geta dregið það um tíma, að kreppan skelli á.

Byltingin

Allt þetta sýnir greinilega hversu rotin og mikil afæta auðvaldið er. Framleiðsluafstæður þess eru í dag hemill á framför alls mannkyns. Tortíming auðvaldsskipulagsins er því nauðsynleg, ef framleiðsluöflin eiga að geta þróazt og mannkynið tekið framförum. Óhjákvæmilegt er að í stað auðvaldsskipulagsins komi aðrar framleiðsluafstæður, sem geri framþróun framleiðsluaflanna mögulega: sósíalisminn - og síðar meir - kommúnisminn. Þetta hefur þegar átt sér stað í Kína, Albaníu og Alþýðulýðveldunum Víetnam og Kóreu. Og hefur m.a. haft í för með sér geysimikla framþróun á sviði tækni og vísinda.

En það er rangt að halda, að þetta eigi sér stað sjálfkrafa. Framleiðsluafstæðurnar eru ákveðnar af fólkinu með baráttu stéttar gegn stétt. Þannig var það á 18. og 19. öld, er borgarastéttin braut á bak aftur framleiðsluafstæður lénsskipulagsins og kom á sínum eigin. Þannig var það er verkalýðsstéttin og bandamenn hennar börðust fyrir yfirráðum yfir framleiðslunni í Kína og Albaníu á 5. áratug þessarar aldar. Þannig var það á Íslandi á dögum gamla kommúnistaflokksins, er hann fylkti framsæknasta hluta verkalýðsins til baráttu gegn íslenzka auðvaldinu. Og þannig er það í dag, þegar verkalýðurinn er á ný að skipuleggja sig á byltingarsinnuðum grundvelli. En það er ekki sama hvernig barizt er. Óvinurinn er vel skipulagður og hefur yfirráð yfir öllu ríkisvaldinu með lögreglu þess, dómsvaldi, fangelsum og her (gegnum NATÓ-sátt-

málann). Ríkið er tæki til verndar ráðandi framleiðsluafstæðum. Það undirbýr sig vel fyrir komandi átök og fær ómetanlegan stuðning frá verkalýðsforingjum Alþýðubandalagsins, sem gera allt sem í þeirra valdi stendur, til þess að halda aftur af baráttu verkalýðsins með blekkingum um þingræðisleiðina til sósíalisma.

Ríki auðvaldsins verður að brjóta á bak aftur. Aflétta verður taki Alþýðubandalagsins á verkalýðsstéttinni. Þetta krefst langrar og harðvítugrar baráttu. Svar verkalýðsstéttarinnar hlýtur því að vera sterk samtök - bæði pólitískt og skipulagslega séð. Byltingarsinnaður kommúnískur flokkur er svarið. Flokkur, sem getur leiðbeint verkalýðsstéttinni í baráttu hennar gegn einkaeigninni, baráttunni um framleiðslutækin og fyrir eigin stjórn á framleiðslunni. KSML hefur tekizt á hendur það verkefni, að endurreisa slíkan flokk á Íslandi.

Hvers vegna einmitt verkalýðsstéttin? Það eru til aðrar stéttir. Já, það eru til fleiri stéttir og þjóðfélagsstig. Smáborgarastétt og millihópar. En eina stéttin í auðvaldsskipulaginu, sem er raunverulega byltingarsinnuð, er verkalýðsstéttin. Vegna stöðu sinnar í framleiðslunni tekur verkalýðsstéttin ákveðna stöðu gegn auðvaldinu. Vegna þess að hún er eina stéttin, sem er arðrænd og á þar að auki engin framleiðslutæki, hefur hún engu, alls engu að tapa í sósíalískri byltingu. Vegna stöðu sinnar í framleiðslunni er hún eina stéttin, sem er fulltrúi hinna nýju framleiðslu afla, andspænis hinum deyjandi framleiðsluafstæðum. Vegna atvinnuafstæðna sinna er hún eina stéttin, sem frá upphafi er skipulögð, öguð og þjálfuð til þess að starfa sem heild. Meðlimir annarra stétta og þjóðfélagshópa geta því aðeins verið framfaraafl, að þeir fylki sér undir merkjum verkalýðsstéttarinnar og flokks hennar í baráttunni fyrir sósíalískri byltingu.

FRAM TIL BARÁTTU FYRIR BYLTINGARSINNAÐRI SKIPULAGNINGU ÖREIGASTÉTTARINNAR.

STÉTT GEGN STÉTT.

Styðjið Þjóðfrelsisfylkinguna Gefið í Viet-Nam söfnun KSML

Nýr áfangi Fylkingarinnar

Fyrir sjónir okkar, sem endrum og eins erum það léttlyndir að lesa Neista litla, þeirra Fylkingarfuglanna, kom nýlega forsíðugrein sem prýddi 8. tbl. 1972.

Greinin verður að teljast áfangasigur Fylkingarinnar á leið sinni út í yztu myrkur borgaralegrar forheimsku.

Greininni er "ætlað" það hlutverk að sýna fram á að ríkisstjórnin sem nú klínir sér í plussstólana, sé á undanhaldi fyrir borgarastéttinni, og að hún hafi hlekkjað verkalýðshreyfinguna. Útkoman verður herfileg eins og vænta mátti. Við skulum líta yfir herlegheitin og kynnast borgaralega ríkisvaldinu í gegnum lonjettur Fylkingaraulanna:

> "En hvernig stendur þá á því, að ríkisstjórnin, sem úthrópar sig sem ríkisstjórn hinna vinnandi stétta, velur nú aðeins milli leiða sem fela í sér kjaraskerðingu fyrir launafólkið ? Ástæðan er einfaldlega sú, að þessi ríkisstjórn sem hinar fyrri leggur lögmál auðvaldsskipulagsins, einkagróða fárra, til grundvallar stefnu sinni. Frá hennar sjónarhóli þýðir efling atvinnulífsins sama og aukning einkagróða þeirra sem atvinnutækjunum ráða. Í efnahags og kjaramálum leggur þessi ríkisstjórn ekki til atlögu við neinn hluta auðvaldsstéttarinnar". (Okkar undirstrikun)

Hér jarmar Fylkingin yfir því að ríkisstjórn í auðvaldslandi skuli starfa sem ríkisstjórn í auðvaldslandi. Fylkingin er greinilega á þeirri skoðun að með hjálp borgarlegrar ríkisstjórnar geti verkalýðurinn lagt til atlögu gegn borgarastéttinni, samanber:

> "Eigi vinstri stjórn að takast að koma í framkvæmd málum, sem geta orðið til hagsbóta fyrir baráttu verkalýðsstéttarinnar gegn borgarstéttinni, getur það aðeins orðið með þeim hætti, að borgarastéttin sé á hröðu undanhaldi undan sókn verkalýðsstéttarinnar. Sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum er á hröðu undanhaldi undan borgarstéttinni."

Samkvæmt þessari sérlega djúpu skilgreiningu á ástandinu í íslenzkri stéttabaráttu ætti vígorð Fylkingarinnar nú að ver eitthvað á þessa leið: ÁFRAM MANGI, LÚLLI, ÓLI, EINAR, MANGI T OG HANNIBAL, FRAM TIL BARÁTTU GEGN SJÁLFUM YKKUR OG ÖLLU ÞVÍ SEM ÞIÐ STARFIÐ FYRIR.

En því miður; við verðum að horfast í augu við það að þessi stríðsyfirlýsing Fylkingarinnar fyrir hönd verkalýðsins mun láta bíða eftir sér.
En á meðan mun núverandi höfuðvígorð Fylkingarinnar duga: Má bjóða frúnni Neista & aðeins 30 krónur.. HVH.

1. MAÍ ÁVARP KSML framh.

kvæmanleg þar sem borgararnir stefna ætíð að hámarksgróða. Þau eru eingöngu notuð sem yfirskyn til að blekkja öreigastéttina og telja henni trú um að útfærslan þjóni líka hagsmunum hennar.

Verkalýðsforystan tekur í landhelgismálinu skilyrðislausa afstöðu með borgarastéttinni: "Stétt með stétt, styðjum íslenzka auðvaldið í baráttu þess við erlent auðvald, það eru hagsmunir verkalýðsins". Þannig sjáum við hið rétta andlit á íslenzkri verkalýðsforystu í dag. Það hlýtur að hafa komið stéttvísum verkamönnum spánskt fyrir sjónir, þegar fyrsti maí var gerður að baráttudegi fyrir hagsmunum borgarastéttarinnar. Annað dæmi um stéttarsamvinnupólitíkina er iðnbylting Magnúsar Kjartanssonar, þar er kjörorðið: Stétt með stétt, íslenzkur verkalýður standi með borgurunum og hjálpi þeim við uppbyggingu íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins, nú er enginn tími fyrir stéttabaráttu.

Við sjáum, að íslenzk verkalýðsforysta er gegnumrotin. Þess vegna berjast stéttvísir verkamenn gegn henni og setja fram kjörorðið: Stétt gegn stétt, og hefja skefjalausa baráttu á grundvelli marxismans-lenínismans fyrir sósíalísku byltingunni undir forystu KSML.

Merki gamla kommúnistaflokksins hefur á ný verið hafið á loft 1. maí.

Eftir áratuga afturhald og óheft svigrúm borgarlegra áhrifa meðal verkalýðsins rjúfa KSML þögnina og hefja baráttu fyrir sögulegu hlutverki verkalýðsstéttarinnar, sósíalísku byltingunni og uppbyggingu alræðis öreiganna.

KSML taka upp þráðinn þar sem hann slitnaði á fjórða áratugnum og hafa hafið baráttu í anda marxismans-leninismans-hugsunar Mao Tse-tung fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks. Þau byggja á reynslu gamla kommúnistaflokksins, KFÍ. Þau draga lærdóma af starfi hans, í baráttunni gegn hentistefnunni í dag.

KSML hafa sett fram sem höfuðverkefni í dag, námsstarf í marxismanum-leninismanum-hugsun Mao Tse-tung. Í uppbyggingu kommúnistaflokks er það höfuðnauðsyn, að hver félagi hafi vald á fræðikenningunni og geti hagnýtt sér hana í hinu daglega starfi. Í skipulögðu námsstarfi KSML er hver einstaklingur virkjaður bæði í nám og starf, sem er forsenda þess að hann geti ætíð tekið rétta afstöðu verkalýðsstéttarinnar í stéttabaráttunni. Nauðsyn á því að verkalýðurinn tileinki sér sósíalisku fræðikenninguna er augljós.

Til þess að geta brotið niður kapítalismann og borgaralegu hugmyndafræðina, verða öreigarnir að vera sér vel meðvitaðir um sögulegt hlutverk sitt, sósíalísku byltinguna, til þess að geta tekið rétt skref í stéttabaráttunni. Án skilnings á fræðikenningunni verður baráttan ætíð ómarkviss og árangurslaus og getur aldrei leitt til annars en sigurs hentistefnunnar, eins og raunin varð á með KFÍ.

Það er því verkefni stéttvísustu öreiganna í dag, að nema sameinaða baráttureynslu öreigastéttarinnar allt frá Karl Marx til Máos Tse-tungs, og tengja hana séraðstæðum íslenzks auðvaldsþjóðfélags. Það er verkefni þeirra að hrinda áhrifum hentistefnunnar meðal verkalýðsins, með því að reka áróður meðal öreiganna og virkja þá í kommúniskt námsstarf.

STÉTT GEGN STÉTT

Húsnæðisskorturinn óleysanlegur í auðvaldsþjóðfélaginu

Húsnæðisleysi hefur verið mikið í Reykjavík og nærsveitum síðustu ár. Eins og gefur að skilja er það mest verkafólk og annað lágtekjufólk, sem er upp á leiguokrara komið með þak yfir höfuðið. Þó að húsnæðisvandamálið hafi verið sérlega alvarlegt síðustu mánuði er ekki þar með sagt, að það sé nýtilkomið vandamál; húsnæðisvandamál verkalýðsins er jafngamalt kapítalismanum, því að það er afleiðing hans. Orsakir þess liggja í hinum kapítalísku framleiðsluháttum. Allt frá uppkomu kapítalismans hefur verkamönnum fallið í skaut lélegustu, þrengstu og mest heilsuspillandi húsakynnin. Að mati atvinnurakendans kemur það honum ekki við, hvort verkamaðurinn býr í mannsæmandi húsnæði eða ekki, svo framarlega sem lélegt húsnæði verkamannsins kemur ekki niður á vinnuafköstum þeim, sem hann skilar.

Húsnæðisvandamálið hefur ekki farið fram hjá atvinnupennum borgarablaðanna. Í þeim hafa birzt frásagnir af lágtekjufólki, sem verður að borga 10-20 þúsund krónur á mánuði fyrir litla íbúð, sem auk þess er loftlítil og með bilað klósett eða eitthvað þess háttar. Orsakanna fyrir húsnæðisvandamálinu er leitað í lélegri stjórn þessara mála hjá "vinstri stjórninni" eða "viðreisnarstjórninni" eftir því hvar í flokki viðkomandi greinarhöfundur er. Þannig er þvælt fram og aftur og vandamálið vandlega einangrað frá hinum raunverulegu orsökum - auðvaldsþjóðfélaginu - og afleiðingin er sú, að engin lausn finnst.

Til þess að hægt sé að finna lausn á málunum, lausn, sem gerir verkamönnum kleyft að fá þak yfir höfuðið, án þess að þræla sér út alla ævi fyrir afborgunum, vöxtum af lánum eða okurleigu, verður að ráðast að rótum meinsins. En þá er að finna hvar rætur meinsins liggja. Borgarablöðin forðast að sjálfsögðu að leita rótanna , því að hætt er við, að rannsókn myndi leiða í ljós ýmislegt óæskilegt, þ.e.a.s. að hinar raunverulegu orsakir sé að finna í gerð ríkjandi þjóðskipulags.

Til þess að hægt sé að gera lágtekjufólki kleyft að kaupa húsnæði verður að hækka laun og lækka byggingarkostnaðinn, en allar aðgerðir í þessa átt eru óframkvæmanlegar í kapítalísku þjóðskipulagi, sökum þess að þær hlytu óhjákvæmilega að leiða til lækkandi gróðahlutfalls kapítalistanna. Sú leið, sem valin hefur verið af borgurunum, er að reyna að lækka íbúðarverð án þess að skerða gróða byggingarbraskaranna og annarra, sem hagnað hafa af ástandinu. Afleiðingin af þessari stefnu er sú, að til að halda verðinu í lágmarki kemur það niður á gæðum íbúðanna. Byggt er í stórum einingum, þar sem bæði byggingarlag og innréttingar eru staðlaðar.

BREIÐHOLTSHVERFIÐ: BRASKARABRÖLT.

Dæmi um þessa stefnu er sá hluti Breiðholtshverfisins, sem Framkvæmdanefndin hefur byggt upp - hverfi verkafólks og annars lágtekjufólks. Hugmyndir um byggingar þessar komu fyrst fram hjá byggingarbröskurum, sem vildu komast í stórverkefni. En þeir höfðu ekki nægilegt fjármagn til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd upp á eigin spýtur. Þegar tillögur þeirra um byggingu íbúðarhverfis fyrir tíu þúsund manns komu fyrir almenningssjónir var mikið húsnæðisleysi eins og löngum hefur verið og fengu þær því byr undir báða vængi.

Bygging Breiðholtshverfisins er tilraun. Þetta er í fyrsta sinn, sem ráðizt er í byggingu slíks fjölda staðlaðra byggingareininga á Íslandi. Engin vitneskja er fyrir hendi um hvernig þetta fyrirkomulag muni reynast við íslenzkar aðstæður (veðurfar, jarðskjálftahætta o. fl.). Sem búast mátti við voru byggingarbraskararnir ekki fúsir til að taka einir á sig ábyrgðina, ef illa færi. Þá var farið á fjörurnar við stjórnir verkalýðsfélaganna um að taka þátt í fyrirtækinu og verkalýðsforystan var ekki lengi að komast á spenann með borgurunum fremur en fyrri daginn, svo að nú er verkalýðurinn látinn taka afleiðingarnar á sínar herðar og braskararnir úr allri hættu. Ekki sveik ríkisvaldið sína menn (les:borgarana) fremur en ætíð áður og þeir fengu forgangsrétt á byggingarlánum húsnæðismálastjórnarinnar. Og eftir því sem húsin hækkuðu þykknuðu bankabækur braskaranna.

En Breiðholtshverfið er ekki lokatakmark braskaranna; þegar þeir hafa höndlað gullgæsina sleppa þeir henni ekki og í undirbúningi eru áætlanir um byggingu annars hverfis með sama sniði, sem staðsett á að vera milli Breiðholts og Vífilstaða.

AUÐVALDIÐ GETUR EKKI LEYST VANDANN.

Þrátt fyrir "góðan vilja" braskaranna getur Breiðholtshverfið ekki leyst nema sáralítinn hluta vandamálsins. Talið er, að fram til 1980 þurfi að fjölga íbúðum um allt að 50-60% frá því, sem nú er til að mæta þörfinni, eða 12 nýjar íbúðir á hverja 1000 íbúa árlega. Árleg meðalfjölgun íbúða í dag er 7,66 á hverja 1000 íbúa, svo að ljóst er að ástandið kemur til með að fara versnandi frá því, sem er í dag. Sem dæmi um þörfina má nefna, að þegar Framkvæmdanefndin auglýsti 94 íbúðir til úthlutunar á síðasta ári, voru 545 umsækjendur. Hið síhækkandi íbúðaverð gerir það að verkum, að láglaunafólk er ekki með nokkru móti fært að kaupa íbúð nema vefja sig skuldum næstu 20-30 árin. Tveggja herbergja íbúð, sem kostaði í ársbyrjun 1971 930 þúsund, er nú föl fyrir 1750-1900 þúsund eða u.þ.b. 100% hækkun. Til að fegra ástandið segir borgarapressan, "að við Íslendingar stöndum svo vel, að um 80% allra búi í eigin íbúðum". (sbr. Þjóðviljinn 3. febrúar 1973). En það er ekki sagt orð um hversu mikill hluti þessara 80% eru vafnir skuldum upp fyrir haus við bankann það sem eftir er ævinnar.

Skýrslur, sem birzt hafa í Fjármálatíðindum, sýna, að fjöldi íbúða, sem voru byggðar 1968, er stórum minni en fjöldi byggðra íbúða 1967. Á þessum árum var samdráttur í framleiðslunni og ætla mætti, að hið opinbera hefði átt að ýta undir framkvæmdir í byggingariðnaðinum og slá þannig tvær flugur í einu höggi, koma til móts við húsnæðisþörfina og forða annarri fjölmennustu atvinnugrein á Íslandi, byggingariðnaðinum, frá atvinnuleysi. Til að skilja hversvegna það gerðist ekki verður að líta á hvað var að gerast hjá borgurunum í braskinu. 1968 voru gífurlega miklar framkvæmdir við byggingu Búrfellsvirkjunar, sem kröfðust fjölda verkamanna og fagmanna. Staðreyndin er sú, að mikill hluti verkamanna þar voru menn, sem voru í húsnæðishraki og sáu þarna beztu leiðina til að fá þak yfir höfuðið og fjöldi fagmanna sá þarna eina möguleikann til að fá vinnu, sökum þess að ekkert var að gerast í byggingariðnaðinum í þéttbýlinu. Út frá þessu má reikna, að ástandinu í Reykjavík hafi verið stjórnað til þess að hægt væri að fá vinnuafl til virkjunarinnar.

Það er ýmislegt, sem gerir núverandi ástand beinlínis æskilegt fyrir auðvaldið á Íslandi. Viss hópur borgaranna hefur miklar tekjur af ástandinu eins og það er ; það er hreint ekki ónýtt að geta leigt út íbúð á 10-15 þúsund kr. á mánuði og eigi sami maður fleiri en eina íbúð er fljótreiknaður sá gróði, sem hægt er að hafa með því að hagnýta sér ástandið eftir formúlunni um framboð og eftirspurn. Fleiri sem sjá seðlahrúgur fólgnar í húsnæðisleysinu eru t.d. húsnæðismiðlarar og fasteignasalar. Því meira sem verð á íbúðum hækkar, þess meira fá þeir í sinn hlut fyrir hverja íbúð, sem þeir selja, sökum þess að þeir fá vissar prósentur af söluverði hverrar íbúðar. Það þýðir því aukinn gróða fyrir þá sé íbúðarverðið pressað upp.

Þannig væri hægt að halda endalaust áfram að tíunda dæmi, sem sanna stjórnleysið í framleiðslunni (húsnæðismálunum í þessu tilfelli). Meðan allir, sem taka þátt í dansinum, keppa stöðugt að hámarksgróða eins og ætíð er í kapítalísku þjóðskipulagi, er ekki hægt að finna lausn, sem sameinar eftirtalin atriði:
a) lækka íbúðarverð stórlega, svo að það sé á færi verkamanns að fá húsnæði.
b) lækka byggingarkostnaðinn og útrýma húsnæðisleysi.
c) halda gæðum íbúðanna þannig, að þær standist almennar kröfur.
Eina lausnin hlýtur að vera að framleiða fyrir þarfir þjóðarheildarinnar, þar sem gróðasjónarmiðinu er útrýmt, en til þess að það sé hægt verður að vega að sjálfum rótunum - hinum kapítalísku framleiðsluháttum og bylta þjóðfélaginu.

VERKAMENN - SÓSÍALISMINN ER EINA LAUSNIN! O.L.

Saigonklíkan þverbrýtur vopnahléð

Samkvæmt friðarsamningunum eiga að fara fram frjálsar kosningar í Suður-Víetnam, og almenningur á að öðlast lýðræðislegan rétt til pólitískrar starfsemi. Öll vopnuð svæði eiga að hverfa og pólitíska baráttan að fara fram á friðsamlegan hátt. Stofnuð skulu ráð til að skipuleggja almennar kosningar. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Saigonklíkunni, Bráðabirgðabyltingarstjórninni (BBS) og frá hlutlausum öflum í S-Víetnam. Innihald samninganna er viðurkenning á sigri Þjóðfrelsishreyfingarinnar og þýðir dauða Saigonklíkunnar.

Alþýðulýðveldi N-Víetnam (DRV) og Þjóðfrelsisfylkingin (FNL) fylgja friðarsamningunum. Stjórnin í N-Víetnam samþykkir öll atriði samningsins í smáatriðum, og krefst þess að allir aðilar, sem undirritað hafa yfirlýsinguna, virði hana og fari eftir henni.

Bandaríkin og Saigonklíkan eru ekki reiðubúin að viðurkenna ósigur sinn. Saigonklíkan hefur meira að segja ekki látið við það sitja að margbrjóta vopnahléð, og kennt andstæðingunum um heldur hefur hún einnig virt ákvæði samningsins um pólitískt frelsi að vettugi. Enn sjást engin merki þess, að ráðið sem átti að skipuleggja frjálsar kosningar og fyrr er minnst á, taki til starfa. Þriðji aðilinn, sem taka átti þátt í starfi ráðsins, hlutlausu öflin, sitja í fangelsi. Saigonklíkan hefur aldrei ætlað sér í alvöru að hefja friðsamlegt samstarf við BBS eða leyfa frjálsar kosningar, og hún hefur ekki heldur hugsað sér að flýja land. Þess vegna mun stríðið í Víetnam halda áfram milli frelsisaflanna og afturhaldsaflanna, sem eru studd af bandarísku og japönsku heimsvaldastefnunni. Baráttan verður hörð, sem sjá má af eftirfarandi atriðum.

"Diplómatískir" útsendarar.

Opinberlega eru allir bandarískir hermenn og herráðgjafar horfnir á brott frá Víetnam, en staðreyndin er sú, að Bandaríkin hafa tekið í notkun stórfellda áætlun, þar sem hermönnum og hernaðarráðgjöfum er "breytt" í tugþúsundatali í "óbreytta borgara". Þeir eru klæddir í embættismanna búninga og útnefndir ræðismenn. Um allt S-Víetnam koma þessir "ræðismenn" til starfa á nýopnuðum "ræðismannaskrifstofum". Það er ekki ætlunin að þeir taki einungis í hendina á bandarískum ferðamönnum, heldur er þeim ætlað að leiða og stjórna lepphernum. Þar fyrir utan er framlag Bandaríkjanna ætlað visst hernaðarlegt starf, t.d. viðgerðir og að styrkja skrifstofuveldi Saigonklíkunnar á allan hátt.

Þegar fyrir undirritun friðarsamninganna skýrði Saigonklíkan frá því, að hvort sem vopnahlé kæmist á eða ekki, mundu þeir halda áfram krossferð sinni gegn kommúnismanum. En jafnvel alger fasisti eins og Tieu trúir ekki á sigur krossferðar sinnar. Það viðurkennir hann og segir meðal annars "að nái kommúnistar of stóru svæði á sitt vald, muni hann reyna að fá bandarísku heimsvaldasinnana til að byrja aftur sprengjuárásir".

"Öryggisráðstafanir" Saigonklíkunnar.

Saigonklíkan hefur gripið til fjölda "öryggisráðstafana", sem líkja má við hryðjuverk nazismans:

1. Allir sem "grunaðir eru um" að styðja BBS skulu skotnir á staðnum.

2. Hver og einn, sem dreifir flugblöðum gegn stefnu Saigonklíkunnar eða fána FNL, skal handtekinn, skotinn.

3. Sá sem er "hættulegur örygginu" skal handtekinn, skotinn.

4. Allir, sem strjúka úr hernum eða lögreglunni, skulu dæmast, skotnir.

5. Sá sem útdeilir fé frá BBS skal skotinn.

6. Allir sem eru á móti fasistaklíkunni má handtaka og skjóta.

Svona er sem sagt leiðin, sem Saigonklíkan notar til að "vinna" hylli fólksins og sýna fram á það sem Nixon sagði: "Þeir eru einu raunveru legu fulltrúar fólksins í S-Víetnam". Glæpaverk, auk ofsalegrar kúgunar og arðráns er það eina, sem býðst víetnömskum verkalýð, og bændum undir stjórn Saigonklíkunnar.

Ekkert annað er mögulegt.

Milli hinnar afturhaldssömu Saigonklíku og alþýðunnar í S-Víetnam er ósættanleg móthverfa.

Aðeins með ofbeldi og afnámi frelsis getur klíkan haldið völdum.

Fasískt vald skal tryggt með "lögum og reglum"

Úrdráttur úr hvatningu þann 28. janúar frá Verkamannaflokki Vietnam og ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Vietnam til allra landsmanna og stríðshetja við undirritun vopnahléssáttmálans.

Kæru landsmenn og stríðshetjur. Þetta er sigur í anda þess að "ekkert er mikilvægara en sjálfstæði og frelsi", sigur fyrir hina sterku innri samstöðu allrar alþýðu, fyrir hinn byltingarsinnaða hetjumóð, fyrir hina fornu föðurlandsást, dirfskuna og staðfestuna sem hafa verið tengd saman í þau 4.000 ár sem að vietnamska þjóðin hefur verið til.

Hinn mikli sigur í stríðinu gegn árásarstefnu bandaríkjanna, fyrir sjálfstæði landsins, er sigur fyrir hinn ósigrandi marxisma-leninisma, fyrir hina hyggnu og skapandi pólitísku og hernaðarlegu línu flokka okkar, sem hafa haldið anda sjálfstæðis og frelsis hátt á lofti, sameinað flokkinn og herinn og alþýðuna járnharðan vilja til baráttu og sigurs. Þeir hafa tengt saman raunverulega þjóðarást með sannri alþjóðahyggju.

Þessi sigur er sigur fyrir hina sósíölsku stjórn, fullri af lífi og krafti sem hefur gert norðrið að öruggum grundvelli byltingarinnar í öllu landinu.

Þessi sigur þjóðar vorrar er einnig árangur hins heilhjartaða stuðnings og hinnar miklu aðstoðar sem við höfum fengið frá öðrum sósíalískum löndum og framfarasinnuðu fólki í öllum heiminum. Vegna þessa vill alþýða vor láta í ljós hjartanlegt þakklæti til vinsamlegra landa, hinnar alþjóðlegu verkalýðsstéttar og allra friðar- og réttlætisafla um allan heim, þar á meðal framfarasinnuðu fólki í Bandaríkjunum.



Þrátt fyrir pyndingar Saigon-klíkunnar munu hermenn FNL aldrei hætta baráttunni fyrir frelsun lands síns frá heimsvaldasinnunum og fasiskum leppum þeirra.

Japönsku heimsvaldasinnarnir eru í stöðugri framsókn í S-Víetnam sem annarsstaðar í Indókína. Þeir fá hlýjar móttökur hjá Thieu, sem liggur mikið á að fá hið fyrsta stór heimsvaldasinnuð fyrirtæki til að styðja fjárhalds-og stjórnmálalega fasíska stjórn hans. Við verk sitt hefur hann fengið mikla hjálp frá Asíska þróunarsjóðnum (einum af stofnunum Sameinuðu þjóðanna) og einnig bandarískum og japönskum kapítalistum sem gert hafa "þróunaráætlum fyrir Lýðveldið S-Víetnam uppá eigin spýtur.

Allt þetta þýðir að klíkan í Saigon hefur "vinsamlegustu" lagasetningu hvað sertir þjónkun við kapítalistana í öllu Indókína. Þetta þýðir ekki smo lítið þegar tillit er tekið til samkeppninnar frá valdaklíkunum á Thailandi, Inkónesíu, Filippseyjum o.s.fr.

Hvorki klíkan eða Asíski þróunarsjóðurinn hafa áhuga á að bæta neyð alþýðunnar. Þeir hafa engar áætlanir um nokkrar úrbætur. Þeir reikna með hjálp frá alþjóðlegum "hjálparstofnunum, Rauða Krossinum og hjálparstofnun kirkjunnar. En þeirra helzta hlutverk er að púkka undir, og gera glansmynd úr hinni gegnumrotnu leppstjórn auðvaldsins.

USA heimsvaldasinnarnir undirbúa nýjar stríðsaðgerðir.

Bandarísku heimsvaldasinnarnir hafa undanfarið birt yfirlýsingar um að N-Víetnamar séu að undirbúa stórfellda sókn inn í S-Víetnam. Þetta gera þeir í þeim tilgangi að undirbúa jarðveginn fyrir áframhaldandi loftárásir á svæði þau, sem eru á valdi Bráðabirgðabyltingarstjórnarinnar.

Stríðsaðgerðir heimsvaldasinna USA í Kambódíu og Laos sýna okkur svo ekki verður um villzt að þeir hafa alls ekki í huga að yfirgefa Indókína fyrr en í fulla hnefana. Þessvegna er mikilvægt að allir sannir vinir þjóða Indókína haldi áfram og auki stuðning sinn við baráttuna gegn heimsvaldastefnunni í Indókína.

ÖREGAR OG HEIÐARLEGIR STUÐNINGSMENN ÞJÓÐA INDÓKÍNA: STYÐJUM BARÁTTU ALÞÝÐUNNAR Í INDÓKÍNA GEGN HEIMSVALDASTEFNUNNI.
GEFIÐ Í VÍETNAMSÖFNUN KSML.

MEÐ BARÁTTU OKKAR HÉR- STÉTT GEGN STÉTT- STYÐJUM VIÐ ALÞÝÐU INDÓKÍNA.

forsendum þess að japönsk og bandarísk fyrirtækji telji arðbært að fara út í miklar fjárfestingar í Víetnam. Miklir möguleikar eru fyrir hendi: Olía úti fyrir ströndinni, miklar námur og síðast en ekki sízt, mjög ódýrt vinnuafl.

HG. HH.

Reitur til áskriftarmerkingar.



GERIZT ÁSKRIFENDUR AÐ STÉTTABARÁTTUNNI.

Það er bæði KSML og þér í hag, að þú gerist áskrifandi að Stéttabaráttunni. Fyrir okkur þýðir það tryggari fjárhagsgrundvöll, fyrir þig tryggingu um að þú færð blaðið heimsent um leið og það kemur ú prentun hverju sinni.

TAKIÐ ÞÁTT Í ÚTBREIÐSLU STÉTTABARÁTTUNNAR.

KSML vilja skora á alla þá, sem styðja pólitík samtakanna, að taka einnig þátt í því starfi að færa út fræðikenningu marxismans-leninismans meðal verkalýðsstéttarinnar og auka þannig stéttvísi öreiganna, með því að taka að sér sölu og dreifingu á blaðinu og hvetja fólk til að gerast áskrifendur.
Gerizt umboðsmenn Stéttabaráttunnar. Skrifið til KSML og fáið send nokkur aukaeintök af blaðinu þegar það kemur út og seljið það á vinnustað.

TIL ÁSKRIFENDA BLAÐSINS:

Við viljum brýna fyrir áskrifendum að tilkynna þegar í stað breytingar á heimilisfangi. Einnig biðjum við þá áskrifendur sem ekki eru búsettir á sama stað allt árið, að láta okkur vita rétt heimilisföng og það tímabil, sem blaðið skuli sendast á hvern stað.
Sé um misbrest að ræða í dreifingu blaðsins biðjum við þá áskrifendur, sem fyrir því verða, að tilkynna okkur það tafarlaust.

AUKUM ÚTBREIÐSLU STÉTTABARÁTTUNNAR.

STEFNUM MARKVISST AÐ MÁNAÐARBLAÐI 1974.

STÉTTABARÁTTAN

Málgagn Kommúnistasamtakanna m-l,
Pósthólf 1357, Reykjavík.

Venjuleg áskrift..........	200 kr.
Stuðningsáskrift..........	300 kr.
Baráttuáskrift...........	500 kr.

TIL ÁSKRIFENDA RAUÐA FÁNANS:

Vegna óviðráðanlegra ástæðna hefur útkomu Rauða Fánans, fræðilegs málgagns KSML, seinkað nokkuð og mun hann ekki koma út fyrr en í lok maí, og þá tvöfalt hefti.

Meginefni 1.-2. tölublaðs verður niðurstöður rannsókna KSML á íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu og þróun þess yfir á stig heimsvaldastefnunnar. Ennfremur mun í Rauða Fánanum verða minnzt 20 ára dánarafmælis Stalíns með ítarlegri grein um hann ásamt fleira efni.

---

frh. af forslou

AFSTAÐA KSML...

sósíalismanum. Flokkurinn hætti að starfa á grundvelli höfuðmóthverfunnar og setti hagsmuni "þjóðarinnar" æðri hagsmunum verkalýðsins, vígorðið var ekki lengur stétt gegn stétt, heldur stéttasamvinna.

Bolsevíkaflokkurinn, undir leiðsögn Leníns og Stalíns yfirgaf ekki grundvallarreglu kommúnista um samfylkingu og tókst að virkja hluta smáborgaranna til baráttu fyrir hagsmunum verkalýðsins í sósíalísku byltingunni 1917.

Af þessum dæmum geta stéttvísir verkamenn lært, að samfylking verður ætíð að vera byggð á grundvelli verkalýðsstéttarinnar og þjóna hagsmunum hennar. Og jafnvel þegar skilyrðin fyrir samfylkingu eru fyrir hendi og slík samfylking verður að raunveruleika megum við aldrei slaka á hugmyndafræðilegri baráttu gegn öðrum samfylkingaraðilum, aldrei láta af grundvallarreglum né gleyma, að samfylking er aðeins stundarfyrirbrigði gerð í þeim eina tilgangi að styrkja vígstöðu verkalýðsins í stéttabaráttunni.

UM "SAMFYLKINGU" SMÁBORGARANNA 1. MAÍ 1973

KSML var boðið til "samstarfs" um göngu og útifund af 1. maínefnd "Rauðrar Verklaýðseiningar (sjá grein"Hræðsla smáborgaranna við kommúnismann" á bls. 3).
Sú "samfylking" gengur undir því ranga nafni "Rauð Verkalýðseining" og er gerð að undirlagi Fylkingarinnar uppfyllir ekkert þeirra skilyrða sem kommúnistar setja varðandi samfylkingar.

Smáborgaralegur grundvöllur þessarar "samfylkingar" er augljós í afstöðu þeirra til ríkisvaldsins, til landhelgismálsins, til verkalýðshreyfingarinnar, til flokksbyggingarinnar og til sósíalismans.

Í augum þessara smáborgaralegu sósíalista er ríkisvaldið ofar stéttum, þeir álíta ríkisstjórnina þjóna ýmist borgarastéttinni (með gengisfellingu) eða verkalýðstéttinni (með útfærslu landhelginnar, þótt slælega sé að staðið að þeirra mati). Þeir álíta að ríkisstjórnin sem nú situr hafi átt aðra möguleika, en að stjórna" auðvaldsþjóðfélaginu með hagsmuni borgarastéttarinnar fyrir augum, þeir segja:

"Margir bundu miklar vonir við núverandi ríkisstjórn (þessir margir voru m.a. Fylkingin þar sem fjöldi félaga hennar voru virkir í kosningabralli Alþýðubandalagsins) eftir hörmungartímabil viðreisnarinnar. Vonbrigðin hafa orðið í réttu hlutfalli við vonirnar, eftir að ríkisstjórnin hefur tekið upp hráa og ómengaða veðreisnarstefnu í efnahagsmálum. Hún hefur ekki haft annað að bjóða verkalýðnum en afarkosti auðvaldsins".
(Ávarp til verkalýðsins, uppkast að flugblaði "Rauðrar Verkalýðseiningar")

Hér er það gefið í skyn að ríkisstjórnin hafi átt annars úrkosta en að stjórna með hagsmuni auðvaldsins í fyrirrúmi: "eftir að ríkisstjórnin hefur tekið upp hráa og ómengaða viðreisnarstefnu".
Sem sagt, eftir að hún hætti að vera "stjórn vinnandi stétta" og hætti að bjóða uppá "vinstri" stefnu, þá fyrst hrundu vonirnar ?? ..

Í landhelgismálinu hefur ríkisstjórnin puðað við að þjóna hagsmunum verkalýðsins að mati smáborgaranna. En þeirra hlutskipti hér verða einnig vonbrigði:

"Ríkisstjórnin hefur fært út landhelgina - í orði a.m.k.-, en hvaða sjónarmið hafa þar verið ríkjandi?
Stefnt er að því, að íslenzka útgerðarauðvaldið geti aukið rányrkju sína á fiskimiðunum um helming (hér hefur reyndar orðið skyndileg kúvending á skoðunum Fylkingarinnar, í 6.tbl. Neista '72, bls.6 er því blákalt haldið fram að friðunin verði staðreynd eftir útfærsluna). Það er krafa Rauðrar Verkalýðseiningar að fiskverndunarsjónarmið verði sett á oddinn, og nýting fiskimiða verði skipulögð út frá náttúruverndunarsjónarmiði, því verndun fiskistofnanna er ein af forsendunum fyrir sjálfstæðri tilveru þjóðarinnar".
(sama plagg).

Krafan er: Skipulagt auðvald - verndun fiskistofnanna til að arðráninu á öreigastéttinni ljúki ekki. Hér er krafizt "sjálfstæðrar tilveru íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins með skipulögðu auðvaldi, enda segja þeir:

"Verkalýðnum (lesist:smáborgurunum innsk. okkar) er því nauðsyn að sameinast í baráttunni gegn arðráni og rányrkjustefnu borgarastéttarinnar". (sama plagg, undirstr. okkar).

Með kröfunni um náttúruvernd á verkalýðurinn að taka að sér að hafa vit fyrir borgarastéttinni og vernda þannig "sjálfstæða tilveru hennar" og arðránsmöguleika.... Hér liggja leiðirnar greinilega saman við leiðir Alþýðubandalagsins, sem nú "stýrir" auðvaldsþjóðfélaginu sem bezt fyrir kapítalistana.

Í augum hentistefnusósíalistanna er verkalýðshreyfingin baráttutæki verkalýðsins í dægurbaráttunni.

"Síaukið arðrán er hins vegar forsenda fyrir auknum vexti og viðgangi auðvaldsins og óhjákvæmilegur fylgifiskur auðvaldsskipulagsins. Gegn því á verkalýðurinn aðeins eitt andsvar einnig á stéttarlegum grundvelli. Það er því bryn nauðsyn að vinna verkalýðsfélögin úr höndum borgaralegra og "sósíaldemókratiskra" metorðastritara innan þingflokkanna, og gera þau að virkum baráttutækjum verkalýðsins í dægurbaráttunni".
(sama plagg, undirstrikun okkar)

"Eining á stéttarlegum grundvelli" er í huga smáborgaralegu sósíalistanna það að gera "verkalýðsfélögin að baráttutæki í dægurbaráttunni - til andsvars síauknu arðráni"....
Þetta þýðir það að þeir álíta verkalúðinn ekki skilja sósíalismann, dægurbaráttan um krónu til eða frá vera hinn "stéttarlegi grundvöllur".

Að mati okkar kommúnista er eining á stéttarlegum grundvelli eining á grundvelli verkalýðsstéttarinnar til baráttu fyrir sögulegu hlutverki öreigastéttarinnar-sósíalísku byltingunni.

Til baráttu gegn síauknu arðráni á verkalýðsstéttin á Íslandi að okkar mati eitt svar; sjálfstæð skipulagning verkalýðsstéttarinnar á byltingarsinnuðum grundvelli.

FRAMHALD Á BLS. 5